

STEFÁN INGÓLFSSON

### Torfæribíllinn er lipur sem minkur

Bílar Ferðir Heimili

allt í MIÐJU BLÁDSINS



NICOLAS OG HALLDÓRA

### Með börn og buru í Breiðafirði

Purfa ekki klukku í Flatey

VIÐTAL 28



### Á FERÐ OG FLUGI

með ferðatösku frá FAXE

EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** TRAUSTUR FERÐAFÉLAGI



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT


24. júní 2006 – 167. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Glæsikerrur og ökuþrautir**  
Fornbílaklúbbur Íslands heldur landsmót á Selfossi um helgina þar sem gestum gefst kostur á að skoða bíla gamla tímans og fylgjast með fræknum ökuþörum.

**TÍMAMÓT 24**



**Ferðast með börn**  
Ný ferðabók fyrir fjölskyldur á ferðalagi gefur Íslendingum góðar hugmyndir að skemmtilegum áningarstöðum fyrir börnin.

**VIÐTAL 40**


**ETA í andarslitrunum**  
ETA-samtökin á Spáni eru veikari og óvinsælli en nokkru sinni fyrr og eiga nú engra annarra kosta völ en að leggja niður vopn og ganga að samningaborðinu.

**SPÁNN 30**

**Hörður Axel til Spánar**  
Ungmennalandslíðsmaðurin Hörður Axel Vilhjálmsson hefur skrifað undir samning við spænska körfuboltafélagið Gran Canaria. Hörður hefur leikið frábærlega með Fjölni og sannað að hann er einn allra efnilegasti leikmaður Íslands um þessar mundir.


**ÍPRÓTTIR 52**

### VEÐRIÐ Í DAG



**VÍÐA BJART MEÐ KÖFLUM** - Í dag verður hæg vestlæg átt. Víða bjart með köflum en hætt við súldarvotti með suður- og vesturströndinni. Hiti 8-16 stig, svalast á annesjum fyrir norðaustan.

**VEÐUR 4**



## Orka til álbræðslu er einna ódýrust hér á landi

Orka til áliðnaðar er næstum helmingi ódýrari hér en annars staðar í Evrópu. Meðalverðið var 17-18 dollarar hér í fyrra en 31 dollarar í Evrópu. Aðeins Rússar og Kanadamenn selja ódýrari orku en Íslendingar.

**ÁLIÐNAÐUR** Íslendingar eru ásamt þjóðum Mið-Austurlanda í hópi ódýrustu landa í heimi hvað varðar verð á orku til áliðnaðar. Rússar og Kanadamenn selja langóðýrustu orkuna, Íslendingar, Suður-Afríka og Mið-Austurlönd selja orkuna næstóðýrast en orkan er langdýrust í Kína.

Verð á orku til álfyrirtækjanna á Íslandi var að meðaltali 17-18 dollarar á megawattstundina í fyrra og á þessu ári er verðið um 15 dollarar eða um 1.150 til 1.200 krónur. Í Mið-Austurlöndum, til dæmis Qatar, Sádi-Arabíu, Oman, Dubai, Bahrain og Abu Dhabi, er verðið 18-20 dollarar.

Orkan er langóðýrust í Kanada. Verðið þar fer allt niður í 10 og upp í 20 dollara. Að meðaltali er verðið

19,2 dollarar. Í austurhluta Síberíu kostar orkan 13 dollara.

Í Mið- og Suður-Ameríku, Ástralíu, Bandaríkjunum og Evrópu er verðið að meðaltali 20-30 dollarar á megawattstundina. Í Austur-Evrópu er verðið einna hæst, um 36 dollarar, og í Kína er það langhæst, 42,1 dollarar á megawattstundina.

Orkuverðið getur þó breyst hratt. Markaðsverðið er í dag um 60 dollarar á megawattstundina. Margar álverksmiðjur eru komnar til ára sinna og starfa samkvæmt gömlum samningum. Þegar samningarnir eru endurnýjaðir er samið um orku kaup á grundvelli markaðsverðsins.

Edgardo Gelsomino stýrir deild hjá ráðgjafafyrirtækinu Cru Group í Bretlandi sem gefur reglu-

### VERÐ Á ORKU TIL ÁLIÐNAÐAR

#### - AÐ MEÐALTALI ÁRIÐ 2005

Rússland	13 dollarar
Ísland	17-18 dollarar
Afríka	18,6 dollarar
Mið-Austurlönd	19 dollarar
Kanada	19,2 dollarar
Ástralía	24 dollarar
Bandaríkin	27,6 dollarar
Mið- og Suður-Ameríka	29 dollarar
Evrópa	31 dollarar
Asía	31 dollarar
Austur-Evrópa	36 dollarar
Kína	42,1 dollarar

lega út skýrslur um orkuverð til álfyrirtækja. Hann segir að samið sé um orku kaupin á grundvelli markaðsverðs þegar samningar koma til endurskoðunar. Samning-

arnir séu venjulega gerðir til langs tíma, kannski 20-30 ára.

Thomas Knutzen er stjórnandi hjá Norsk Hydro í Noregi. Hann segir að hátt orkuverð hafi gert það að verkum að verksmiðjum sé lokað þegar komi til endurskoðunar á orku kaupum. Þetta sé meginástæðan fyrir því hvers vegna verksmiðjum hefur verið lokað í Evrópu og Bandaríkjunum.

Verðlagning á orku til áliðnaðar í heiminum er flókin. Í tuttugu prósentum framleiðslunnar er verðið tengt álverði og sveiflast eftir því. Það gildir um Ísland og Kanada. Orkuverð er lágt á Íslandi og í Rússlandi, svo að dæmi séu nefnd, þar sem orkuframleiðslan er mikil en lítil markaður fyrir hendi.

ghs@frettabladid.is



SLÖKKVIÐLIÐ AÐ STÖRFUM Unnið var að reykþræstingu fram eftir kvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Eldur laus í Brautarholti: Engin meiðsl á fólki í bruna

**BRUNI** Engin slys urðu fólki þegar eldur varð laus í gamla húsnæði Hampiðjunnar í Brautarholti um klukkan átta í gærkvöld. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kom á vettvang nokkrum mínútum eftir að tilkynning um eldinn barst en eldurinn reyndist minniháttar.

Mikill reykur var í húsinu og unnu slökkviliðsmenn að því að reykraesta húsið fram eftir kvöldi. Vegna þess hversu stórt húsið er var mikið lagt upp úr því að skoða bygginguna gaumgæfilega til að tryggja að hústökufólk væri ekki í húsinu.

Allt tiltækt lið slökkviliðsins var kallað á vettvang í öryggisskyni. Þetta er þriðji bruninn í húsinu með stuttu millibili.

Ekki er ljóst hvað olli upptökum eldsins. - mh

Brautskráning kandiata frá Háskóla Íslands fer fram í dag:

## Hæsta lokaeinkunnin er 9,83

**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Sveinn Hákon Harðarson útskrifast í dag með meistaraþróf í líf- og læknávisindum með lokaeinkunnina 9,83 en aðeins einu sinni áður hefur nemandi fengið svo háa einkunn í Háskóla Íslands. „Satt að segja bjóst ég sjálfur ekki við þessari einkunn. En ég vann með góðu fólki og ég hafði góðan leiðbeinanda, Einar Stefánsson. En það þarf að eyða svolítið miklum tíma í þetta, ætli ég hafi



SVEINN HÁKON HARÐARSON Útskrifast með lokaeinkunnina 9,83.

ekki eytt kannski aðeins of miklum tíma í þetta og það hafi verið ástæðan fyrir þessari einkunn,“ segir Sveinn og hlær.

Sveinn hefur einkum stundað rannsóknir á sviði augnlækninga og hefur mikinn áhuga á að vinna við rannsóknir í framtíðinni. Meistaraverkefni Sveins skiptist í tvennt, fyrri hlutinn

var um augnlyfjafræði en seinni hluti rannsóknarinnar fjallaði um

súrefnismælingar í augnbotni. Sveinn er að hefja doktorsnám sitt í sumar og hyggst halda áfram með súrefnismælingarnar þar. Sveinn vill koma því á framfæri að bæði verkefni eru unnin í samstarfi við margt gott fólk en doktorsverkefnið er liður í stærra verkefni innan háskólans.

Í dag útskrifast 957 kandiatar en í fyrra útskrifuðust 801 kandiatar sem er nærri 20 prósentu fjölgun á milli ára. Í grunnnámi útskrifast flestir úr félagsvísindadeild og viðskipta- og hagfræðideild.

- gþg

REYKJAVÍKUR MARAPON GLITNIS 19. ÁGÚST

3 km, 10 km, 21 km, 42 km

HVAITA HÚSD / SIA



## SPURNING DAGSINS

Hanna Birna, á að fjölga Geldingum í tíu þúsund?

„Markmiðið með nýrri byggð í Geldinganesi er auðvitað að fjölga íbúum og ég er sannfærð um að íbúum mun líða vel hvað sem þeir verða kallaðir.“

Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að reisa tíu þúsund manna byggð í Geldinganesi. Hanna Birna Kristjansdóttir er formaður skipulagsráðs.

Forseti Íslands er sagður hafa slitið fundi við sendiherra Ísraels gagnvart Íslandi:

# Forsetinn sagður hurðaskellir

**FORSETINN** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, er sagður hafa bundið skyndilega enda á fund sinn með sendiherra Ísraels á



MIRYAM SHOMRAT Sendiherra Ísraels á Íslandi, staðsett í Noregi, í heimsókn hér.

Íslandi, Miriam Shomrat, sem fram fór þann 16. júní hér á landi. Forsetinn mun hafa gagnrýnt það að ísraelsk yfirvöld hafi ekki beðist afsökunar á framkomu ísraelskra landamæravarða við Dorrit Moussaieff, konu hans, þegar hún var stödd í Ísrael fyrir sex vikum.

Á ísraelska fréttavefnum ynetnews.com segir að forsetinn hafi verið pirraður, hann hafi kvartað við sendiherrann á fundinum og hafi á einhverjum tímapunkti tilkynnt Shomrat að fundinum væri lokið og vísað henni á dyr.

Fréttavefurinn hefur það eftir ónefndum heimildarmanni að

Shomrat hafi því næst yfirgefið fundarherbergið og að hurðinni hafi verið skellt á eftir henni.

Örnólfur Thorsson forsetaritari staðfestir að fundurinn hafi farið fram og að þau hafi fundað tvö ein en að aldrei séu gefnar upplýsingar um það sem fram fer á fundum sem þessum. Hann sagði frásögnina þó heldur litríka og færða í stílinn.

Dorrit Moussaieff var stöðvuð af landamæravörðum við brottför sína frá Ísrael vegna þess að hún hafði ekki ísraelskt vegabréf, sem fólki fætt í Ísrael er skylt að hafa. Fúkyrði flugu þar á báða bóga sem náðust öll á myndband.



Á GÓÐUM DEGI Hér sést forsetinn Ólafur Ragnar Grímsson ásamt eiginkonu sinni, Dorrit Moussaieff.

Dómsmálaráðherra á spítala:

## Björn hneig niður í Ósló

**VEIKINDI** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir frá því á heimasíðu sinni, bjorn.is, að hann hafi á miðvikudaginn við komu til Óslóar hniður niður þegar hann gekk út úr flugvélinni án þess þó að missa meðvitund.

Björn var fluttur á sjúkrahús þar sem hann dvaldi yfir nótt. „Hitti lækna að nýju á Akershus Universitetssykehus um morguninn, en þeir létu rannsaka mig enn frekar í alls kyns tækjum.“

Rannsóknirnar leiddu ekki neitt í ljós, sem benti til truflana í starfsemi hjarta eða á blóðstreymi til heila. Klukkan 14.00 var ég útskrifaður, enn dálítið valtur á fótum og máttfarinn eftir fallið,“ segir í dagbók Björns á heimasíðu hans.

Samkomulag í nánd:

## Priggja flokka stjórn í Prag

**TÉKKLAND, AP** Þrjú stjórnsmálaflokkar hafa náð samkomulagi um samsteypustjórn í kjölfar kosninganna í Tékklandi og munu skrifa undir samninga á mánudaginn. Þetta kynntu leiðtogar flokkanna í gær, en þeir höfðu leitað eftir samstarfi við Sósíaldemókrataflokkinn til að ná meirihluta á þingi, en ekki fengið.

Kristnir demókratar, Græningjar og Borgaralegir demókratar munu mynda stjórnina, en leiðtogi þeirra síðastnefndu hefur neitað samstarfi við Kommúnistaflokkinn, en það mundi tryggja þeim meirihluta á þingi.

# Fötluð börn rukkuð tvöfalt í leiktækin

Hópur mikið fatlaðra barna og unglinga þurfti að borga tvöfalt í leiktæki í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í vikunni. Börnin komast ekki ein í tækin og voru látin greiða aukalega fyrir fylgdarmenn sína. „Mistök“, segir forstöðumaður.

**SAMFÉLAGSMÁL** Hópur barna og unglinga af Lyngási, þjónustustofnun Styrktarfélagss vangefninga, þurfti að borga tvöfalt gjald í leiktæki þegar hann heimsótti Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í vikunni. Ástæðan var sú að börnin komast ekki af sjálfisdáðum í tækin og þurftu því bæði að borga fyrir sig og fylgdarmann sinn í þau tæki sem þau eru fær um að nota.

Ágústa Pálsdóttir, stuðningsfulltrúi á Lyngási, segir að viðmótun sem hópurinn fékk hafa verið mjög kuldalegt. „Við fengum þau svör frá þeim sem þarna voru í forsvari að engar undantekningar væru gerðar. Ég var alveg rosa-lega sár og reið því þetta var mjög leiðinlegt fyrir krakkana. Mér finnst að fólk eigi að skammast sín fyrir að koma svona fram við þessi börn, sérstaklega í ljósi þess að þau komast ekki í tækin sem eru ókeypis vegna fötlunar sinnar.“

Á Lyngási er þeim börnum og unglingum sem búa við mesta fötlun hverju sinni, veitt umönnun, þjálfun og uppeldi. Birna Björnsdóttir er forstöðukona á Lyngási. „Það mjög alvarlegt að börnin þurfi alltaf að borga fyrir fylgdarmann. Manni finnst að fötluð börn eigi að fá að njóta lífsins eins og öll önnur börn. Ef maður horfir aðeins á í hvaða aðstöðu þau eru þá finnst manni þau eiga það skilið.“

Sigríður Einarsdóttir er móðir eins úr hópnum, þrettán ára fjölfatlaðs pilt. „Bragi sonur minn er með öllu ósjálfbjarga en hefur mjög gaman af að fara í svona tæki. Þetta er meira en lítið ósann-



ÚR FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM „Krakkafossinn“, sem hér sést, er vinsælt leiktæki meðal fatlaðra barna og unglinga á Lyngási. Þau þurfa fylgdarmann til að fara í tækið og þurftu því í vikunni að borga tvöfalt gjald.

gjarnt því þarna er verið að taka helmingsinn af gleðinni sem hann hefði annars getað notið. Ég er eiginlega of hissa til að vera sár eða reið.“

Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, segir að alvarleg mistök hafi átt sér stað. „Ætli hér hafi ekki verið um starfsmenn að ræða sem hafa tekið hlutverk sitt af alvarlega. Þetta er hlutur sem ég tek fyrir hér innanhúss og leiðrétti því það er eðlilegt að fylgdar-

maður fái frítt í tækin á sama hátt og hann þarf ekki að borga aðgangseyri. Þetta var óþarfa uppákoma og mér þykir þetta leitt.“

Birna Björnsdóttir, forstöðukona á Lyngási, vildi koma því á framfæri að Tómas Óskar Guðjónsson hefði haft samband strax eftir viðtal við Fréttablaðið. „Hann bað okkur afsökunar og sagði að þetta kæmi ekki fyrir aftur. Það biður okkar líka sárabót í afgreiðslunni í garðinum.“ svavar@frettabladid.is

Mál Tómasar Zoëga:

## Leituðu sátta fram á kvöld

**DÓMSMÁL** Tómas Zoëga læknir fundaði í gærkvöldi með framkvæmdastjórn Landspítalans með það fyrir augum að ná samkomulagi um að hann tæki við fyrri starfi sínu sem yfirlæknir á geðsviði Landspítala - háskólasjúkrahúss. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var niðurstaða viðræðna ekki ljós.

Tómas var leystur frá starfi yfirlæknis árið 2001 vegna þess að hann rak eigin læknastofu samhliða starfi yfirlæknis. Tómas fór í mál við stjórn Landspítalans vegna þessarar ákvörðunar og féll Hæstaréttardómur honum í hag, en í dómnum sagði að óheimilt hefði verið að breyta starfi Tómasar.

Stjórnarskrárefnd:

## Deilt um mál-skotsréttinn

**STJÓRNMÁL** Óeining er innan stjórnarskrárefndarinnar, sem heyrir undir forsætisráðuneyti, um hvort breyta skuli 26. grein stjórnarskrárinnar. Jón Kristjánsson, formaður nefndarinnar, sagði nefndina leita leiða til þess að ná fram sátt. „Það hafa verið mismunandi sjónarmið uppi innan nefndarinnar er varða forsetaembættið og 26. grein stjórnarskrárinnar. Umræður innan nefndarinnar hafa meðal annars snúið að því hvernig unnt sé að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu,“ sagði Jón, en nefndin fundaði í gærmorgun.

26. grein stjórnarskrárinnar segir til um að forseti Íslands skuli staðfesta lög sem samþykkt eru á Alþingi. Geri hann það ekki, skal frumvarpið lagt fram í þjóðaratkvæðagreiðslu eins fljótt og unnt er. Næsti fundur nefndarinnar er í ágúst.

Félög háskólakennara á Norðurlöndum hafa áhyggjur af aukinni miðstýringu:

## Akademískt frelsi í hættu

**MENNTAMÁL** „Vandamálið lýsir sér fyrst og fremst í aukinni miðstýringu stjórnvalda á skólastarfi á öllum Norðurlöndunum sem þýðir að fjármagn er skert og skólarnir verða að leita meira til atvinnulífsins,“ segir Sigurður Erlingsson, formaður Félags prófessora í Háskóla Íslands.



**SIGURÐUR ERLINGSSON** Samtök háskólakennara á Norðurlöndum hafa sent frá sér ályktun þar sem varað er alvarlega við þeirri þróun sem orðið hefur innan háskólasamfélagsins á undanförunum árum og segja akademískt frelsi víða eiga undir högg að sækja.



HÁSKÓLI ÍSLANDS Gagnrýn hugsun og frelsi til kennslu og rannsókna og er nauðsynlegt til að háskóli dafni segja háskólakennarar.

Sigurður segir vandamálið minna héraðs en til að mynda í Danmörku en engu að síður sé ástæða til að vera á varðbergi. „Þessi þróun er að sumu leyti komin styttra hér en þetta er nokkuð sem við höfum áhyggjur af og fordæmin eru þegar til staðar á

öðrum Norðurlöndum. Til að háskóli þróist eðlilega þarf gagnrýna hugsun og frelsi til kennslu og rannsókna og með vaxandi ítökum atvinnulífs innan háskólanna er hættu á að atvinnulífið stýri skólastarfi meira en góðu hófi gegnir.“

MIJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

**MS drykkjarvörur í fjallgönguna**

MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.



Birki 100 sm  
10 stk.

**3990**

verð áður 6990

# Trjáplöntu markaður

allt að

**60%**

afsláttur

Birki, 100 sm, 10 stk, **3990** verð áður 6990

Birkikvistur, **699** verð áður 999

Reyniviður, **899** verð áður 1149-1590

Gullregn, **1199** verð áður 1790

Blágreni, **699** verð áður 999

Sitkagreni, **699** verð áður 999

Hansarós, **499** verð áður 899

Aspir, allt að 70 sm. **499** verð áður 749

Gljámispill, **299** verð áður 570

Birki (í 40 hólfabökkum) **1990** verð áður 2250

Loðvíðir, **299** verð áður 699



Flauelsblóm

10 stk **499**



Útskriftartilboð  
afskornar  
5 stk **liljur**  
**999**

**Soldis**  
Silkitré & silkiplóm

ný sending  
skemmtileg sumarvara  
frá Ameríku

**blómaval**  
heillandi heimur

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri  
Kringlan - Smáralind

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 23.6.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	75,57	75,93
Sterlingspund	137,74	138,40
Evra	94,76	95,30
Dönsk króna	12,709	12,783
Norsk króna	11,952	112,022
Sænsk króna	10,271	10,331
Japanskt jen	0,6495	0,6533
SDR	110,96	111,62

Gengisvísitala krónunnar 131,529

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meiðyrðamál Friðriks Þórs Guðmundssonar gegn Sigurði Líndal:

Sýknaður af öllum kröfum

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað Sigurð Líndal lagaprófessor af öllum kröfum Friðriks Þórs Guðmundssonar.



FRÍÐRIK ÞÓR GUÐMUNDSSON Segir dóminn mikil vonbrigði og að framhaldið verði skoðað vandlega.

Sigurður var formaður sérstakrar nefndar sem falin var rannsókn flugslyssins í Skerjafirði 7. ágúst árið 2000, en sonur Friðriks var einn þeirra sem lést af völdum slyssins.

Í kjölfar umfjöllunar Stöðvar 2 um skýrslu nefndarinnar, áður en hún var kynnt, sendi Sigurður bréf til fjölmiðla.

Krafðist Friðrik þess að ummælin yrðu dæmd dauð og ómerk. Þá gerði hann kröfu um 500 þúsund króna miskabætur og að Sigurður bæri kostnað af birtingu

dómsins í fjölmiðlum.

Friðrik sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að dómurinn væri mikil vonbrigði og að framhaldið yrði skoðað vandlega.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að orðalag Sigurðar væri á þann veg að þar kæmi fram hans mat en ekki fullyrðing. Var Sigurður því sýknaður og Friðriki gert að greiða málskostnað.

-óhó

Skotárásin í Hafnarfirði:

Þrír í gæsluvarðhaldi

LÖGREGLUMÁL Þrír menn á þrítugsaldri sitja nú í gæsluvarðhaldi til 29. júní vegna skotárásar á radhús í Hafnarfirði snemma á miðviku-dagsmorgun.

LÖGREGLA handtók átta manns á miðvikudagskvöld og aðfararnótt fimmtudags. Fimm þeirra er jafnframt grunaður um að hafa hent bensínsprengju að sama húsi nóttina eftir að skotið var á það.

Ekki fékkst uppgjöf södegis í gær hverjar ástæður voru fyrir þessum aðgerðum manna.

-jss



FIDEL CASTRO Hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því að vanta vinda, enda á hann 68 milljarða til ráðstöfunar.

Kommúnistinn moldríki:

Castro er með þeim ríkustu

ÞENINGAR Fidel Castro, forseti Kúbu er sjöundi ríkasti þjóðarleiðtogi heims, samkvæmt nýlegum útreikningum Forbes.

Abdullah, konungur Sáði-Arabíu, er þó ríkastur þeirra allra. Abdullah á hvorki meira né minna en 1600 milljarða króna. Soldáninn í Brúnei fylgir fast á hæla hans.

Vaxtabætur verða leiðréttar fyrir jól

Vaxtabæturnar verða endurskoðaðar í haust ef álagningin sýnir að þær lækka eða falla niður. Ríkisstjórnin mun þá semja frumvarp sem fær forgang í þinginu og leiðrétting kemur fyrir áramót, að mati ASÍ.

VINNUMARKAÐUR „Margir, sem höfðu fengið vaxtabætur síðustu ár, urðu fyrir áfalli þegar þeir skoðuðu áætlaða álagningu sína í febrúar því að þá virtust vaxtabæturnar vera horfnar.



ÓLAFUR DARRI ANDRÁSON Hagfræðingur ASÍ.

Ólafur Darri á von á því að álagningin í ágúst verði keyrð áfram óbreytt. Ef í ljós kemur þegar álagningarseðlarnir berast að verkalyðshreyfingin hafi haft rétt fyrir sér og vaxtabætur hafi minnkað milli ára þá býst Ólafur Darri við því að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp strax og þing kemur saman í haust.

„Það er aðallega þetta sem er ástæða þess að vaxtabætur hafi minnkað milli ára þá býst Ólafur Darri við því að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp strax og þing kemur saman í haust. Frumvarpið, sem verður forgangsmál, verður látið ná til vaxtabóta fyrir árið í ár og tryggir að skerðingar á vaxtabótum verði leiðréttar þegar liður á árið.

„Það er aðallega þetta sem er ástæða þess að vaxtabætur hafi minnkað milli ára þá býst Ólafur Darri við því að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp strax og þing kemur saman í haust. Frumvarpið, sem verður forgangsmál, verður látið ná til vaxtabóta fyrir árið í ár og tryggir að skerðingar á vaxtabótum verði leiðréttar þegar liður á árið.

„Það er aðallega þetta sem er ástæða þess að vaxtabætur hafi minnkað milli ára þá býst Ólafur Darri við því að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp strax og þing kemur saman í haust. Frumvarpið, sem verður forgangsmál, verður látið ná til vaxtabóta fyrir árið í ár og tryggir að skerðingar á vaxtabótum verði leiðréttar þegar liður á árið.



SÁTTUM NÁÐ Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, og Geir H. Haarde forsætisráðherra tala við fréttamenn eftir að sáttum var náð í vikunni.

„Það er aðallega þetta sem er ástæða þess að vaxtabætur hafi minnkað milli ára þá býst Ólafur Darri við því að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp strax og þing kemur saman í haust. Frumvarpið, sem verður forgangsmál, verður látið ná til vaxtabóta fyrir árið í ár og tryggir að skerðingar á vaxtabótum verði leiðréttar þegar liður á árið.

„Það er aðallega þetta sem er ástæða þess að vaxtabætur hafi minnkað milli ára þá býst Ólafur Darri við því að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp strax og þing kemur saman í haust. Frumvarpið, sem verður forgangsmál, verður látið ná til vaxtabóta fyrir árið í ár og tryggir að skerðingar á vaxtabótum verði leiðréttar þegar liður á árið.

„Það er aðallega þetta sem er ástæða þess að vaxtabætur hafi minnkað milli ára þá býst Ólafur Darri við því að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp strax og þing kemur saman í haust. Frumvarpið, sem verður forgangsmál, verður látið ná til vaxtabóta fyrir árið í ár og tryggir að skerðingar á vaxtabótum verði leiðréttar þegar liður á árið.

launin hækka úr 140 í 155 þúsund krónur en launabreytingin verður aðeins fimm þúsund krónur ef aukagreiðslan er persónubundin. Þá er heimilt að fella hana niður á móti.

Atvinnuleysisbætur eru tekjutengdar. Grunnfjárhæð atvinnuleysisbóta hækkar um 15 þúsund krónur.

Bótapakíð hækkar úr 180 þúsundum í 185.400 krónur. Þá má búast við að elli- og örorkulífeyrisþegar njóti 15 þúsund króna greiðslunnar líka en sérstök nefnd er að fara yfir málefni eldri borgara.

ghs@frettabladid.is

Formaður SGS:

Veruleg búbot

VINNUMARKAÐUR „Ég er þokkalega ánægður með þessa lendingu. Ég er ánægðastur með yfirlýsinguna um skattamálin. Hún kemur okkar fólki mest að notum,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, og telur að horfurnar hafi batnað töluvert fyrir lágtekjufólki.



KRISTJÁN GUNNARSSON Formaður Starfsgreinasambandsins.

„Þetta lítur betur út fyrir okkur núna. Við förum mun bjartsýnni af þessum fundi því að við erum að gera tíma- mótasamning við Samtök atvinnulífsins sem mun færa okkar fólki verulega búbot, það er ekki hægt að neita því.“

-ghs

Formaður Samiðnar:

Mest áhrif fyrir útlendinga

VINNUMARKAÐUR Finnbjörn Hermannsson, formaður Samiðnar, segir að launataxtar innan Samiðnar muni hækka en félagar í Samiðni búi flestir við markaðslaunakerfi þannig að það verði einna helst erlendur starfsmenn sem njóti hækkingarinnar.



FINNBJÖRN HERMANNSSON Formaður Samiðnar.

„Við reynum að byggja undir það að verðbólga fari að lækka. Það búa allir landsmenn við það. Allir njóta breytinga á vaxtabótakerfi og barnabótum og það er kostur. Síðan bætist tekjuskattslækkunin við,“ segir Finnbjörn og kveðst helst ósáttur við kaupukatrygginguna því að félagsmenn njóti hennar síst.

-ghs

**Tilboð -2kr.**

**Ný bensinstöð Öskjuhlíð neðan við Keiluhöllina**

- Mundu Dælulykilinn -

**ATLANTSOLIA**

**VEÐURSPÁ**

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	19°C léttskýjað	London	22°C léttskýjað	Alicante	30°C hálfskýjað
Billund	20°C léttskýjað	Paris	28°C heiðskirt	Mallorca	24°C léttskýjað
Osló	22°C heiðskirt	Frankfurt	27°C léttskýjað	Algarve	25°C léttskýjað
Stokkhólmur	26°C heiðskirt	Friedrichshafen	28°C skúrur	Krít	30°C heiðskirt
Gautaborg	17°C heiðskirt	Berlin	24°C hálfskýjað	Las Palmas	23°C heiðskirt

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Grillum saman



Lambafiðrildi  
kryddlegin að hætti Ítala

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



BBQ hamborgari 120gr  
úr kjötborði

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



Fiskigrillpinnar  
Úr kjötborði

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**

**Fóti  
FEL**



Dijon hunangs sósa



Rósapípar sósa



Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu grillsósurnar  
í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?



Svartir tómatar

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



Eggaldin

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



Steinselju rót

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

Ertu sátt(ur) við samkomulag verkalyðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins?

Já	54%
Nei	46%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Finnst þér hlutfall kvenna í opinberum embættum of lágt?

Segðu þína skoðun á Vísi.is

VÍSIR

Nýja Orkuveituauglýsingin kostaði 15 til 18 milljónir í framleiðslu:

# Ein dýrasta auglýsing Íslands

**AUGLÝSINGAR** Á dögunum var ný auglýsing frá Orkuveitu Reykjavíkur frumsýnd í íslensku sjónvarpi. Auglýsingin, sem er rúm ein og hálf mínúta að lengd, kostaði að sögn Guðmundar Þóroddssonar, forstjóra Orkuveitunnar, á bilinu fimmtán til átján milljónir króna. Auglýsingin fer þar með í flokk með dýrustu auglýsingum sem framleiddar hafa verið hér á landi fyrir íslenskt fyrirtæki.

Tilgangur auglýsingarinnar er að sögn Guðmundar, að bregðast við samkeppni. „Daginn sem auglýsingin var frumsýnd, þann 1. júní, hófst samkeppni á raforkumarkaði um almenna notendur,“

segir Guðmundur. Spurður um hvort hann sé ánægður með auglýsinguna, sagði hann: „Hún venst vel.“

Miðað við verðskrá auglýsinga-deildar Sjónvarpsins má reikna með að það kosti Orkuveituna, án afsláttar, um þrjú hundruð þúsund krónur í hvert skipti að birta auglýsinguna í fullri lengd.

Íslenska auglýsingastofan sá um hönnun auglýsingarinnar og kvikmyndafyrirtækið Pegasus framleiddi. Um þrjátíu manns tóku þátt í gerð hennar, tónlistarmaðurinn Benni Hemm samdi tónlistina og rithöfundurinn Hallgrímur Helgason samdi



GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON FORSTJÓRI ORKUVEITU REYKJAVÍKUR. Finnst nýja Orkuveituauglýsingin venjast vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA  
texta lagsins. Leikstjóri var Styrmir Sigurðsson. -æpe

Fjögur innbrot í gærnótt:

## Innbrotsfaraldur í borginni

**LÖGREGLA** Fjögur innbrot voru framin á höfuðborgarsvæðinu í gærnótt. Brotist var inn í tölvuverzlun í Hamraborg í Kópavogi, og fartölvum stolið. Þegar lögregla mætti á staðinn voru þjófarnir á bak og burt. Lögreglan í Reykjavík telur sig hins vegar hafa náð einum þeirra í kjölfar innbrotis í tölvubúð í austurhluta borgarinnar. Þar var 30“ flatskjá stolið. Hinir meðseku ganga enn lausir. Brotist var inn í íbúð á Brávallagötunni og hörðum disk og ljósmyndavél stolið. Þjófurinn var staðinn að verki. Sams konar hörðum disk var stolið af heimili í Skipholti í fyrrinótt. -sgj

## SKRÁNING SKULDABRÉFA Í KAUPHÖLL ÍSLANDS

### Útgefandi:

Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, starfar skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálaþingabanki og skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélag. Samkvæmt 3. gr. samþykktu bankans er tilgangur félagsins fjármálaþingabanki og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við hana.

### Nafnverð útgáfu:

Heildarnafnverð flokksins er 90.500.000 DKK.

### Skilmálar skuldabréfsins:

Skuldabréfin eru til tæplega þriggja ára, óverðtryggt eingreiðslubríf. Skuldabréfin bera enga vexti. Ávöxtun skuldabréfanna er háð þróun hlutabréfavitölunnar Eurostoxx 50 skv. útreikningum sem nánar er kveðið á um í skráningarlýsingu. Gjaldtagi bréfanna er 2. júní 2009. Auðkenni bréfanna er KB 06 02 og ISIN DK0030033451.

### Skráningardagur:

Kauphöll Íslands mun taka bréfin á skrá þann 30. júní 2006.

Skráningarlýsing og önnur gögn sem vitnað er til í henni má nálgast hjá umsjónaraðila skráningar, Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.



# Heimamenn ætluðu að sprengja háhýsi

Hópur ungra Bandaríkjamanna hafði reynt að komast í samband við al-Kaída og lét sig dreyma um að fremja hryðjuverk. Þeir voru handteknir á fimmtudag.

**BANDARÍKIN, AP** Sjö ungrir menn voru handteknir í Bandaríkjunum á fimmtudag, grunaðir um að hafa skipulagt hryðjuverkaárási á nokkra staði í Bandaríkjunum, meðal annars á Sears-turninn í Chicago, sem er hæsta bygging Bandaríkjana.

Mennirnir höfðu reynt að komast í samband við og fá stuðning frá hryðjuverkasamtökunum al-Kaída, en komust þá í samband við útsendara lögreglunnar í Flórída og það varð þeim að falli.

Mennirnir eru á aldrinum 22 til 32 ára, flestir bandarískir ríkisborgarar, en tveir eru frá eyjunni Haítí. Sex þeirra voru handteknir í vörugeymslu í Miami og notaði lögreglan logsuðutæki til þess að opna rammgirtar dyr að geymslunni. Sjöundi maðurinn var handtekinn í Atlanta.

„Þetta eru menn sem af einhverjum ástæðum tóku að líta á föðurland sitt sem andstæðing,“



NARSEAL BATISTE Forspraki sjö manna hópsins í Miami. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



VÖRUSKEMMAN Þarna höfðu mennirnir sjö hafst við mánuðum saman og lagt á ráðin um hryðjuverk. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

sagði Alberto Gonzales, dómsmálaráðgjafi Bandaríkjana, á blaðamannafundi í gær þar sem hann kynnti efnisatriði ákæru sem gefin hefur verið út á hendur mönnum sjö.

Í ákærinni er leiðtogi hópsins sagður heita Narseal Batiste. Hann er sagður hafa fengið hina mennina til liðs við sig í nóvember á síðasta ári í þeim tilgangi að „heyja stríð gegn bandarískum stjórnvöldum“.

Batiste átti nokkra fundi með útsendara lögreglunnar, sem þóttist vera á vegum al-Kaída, og bað hann um skófatnað, hermannaþúnga, vélbyssur, útvarpstæki, bifreiðar og 50.000 dali í reiðufé til þess að byggja upp „íslamskan her til að heyja heilagt stríð“.

Í febrúar sagði Batista við þennan „fulltrúa al-Kaída“ að hann hefði áhuga á því að fara í þjálfunarbúðir á vegum Al Kaída ásamt fimm af mönnum sínum. Hann stæði sig af því að herferð þeirra gegn Bandaríkjunum yrði „jafn góð eða betri en 11. september.“

Fólk sem býr í nágrenni vöruskemunnar hafði tekið eftir mönnum, sem virtust hafa búið í vörugeymslunni um langt skeið. Þeir sáu stunda strangar æfingar og skiptust á um að standa vörð.

„Þeir komu út seint á kvöldin og gerðu æfingar,“ sagði Tashawn Rose, einn nágrannanna. Hún segir engu líkara en þeir hefðu verið „heilapvegnir“.

gudsteinn@frettabladid.is

Sýningarrétturinn á HM 2010 var ekki seldur beint til smærri landa:

## EBU tryggði RÚV réttinn

**SJÓNVARP** Sjónvarpsstöðin Sýn hafði ekki möguleika á að tryggja sér áframhaldandi sýningarrétt á heimsmeistarakeppninni í fótbolta 2010. Ástæðan er sú að sýningarrétturinn var seldur EBU, Samtökum evrópskra sjónvarps- og útvarpsstöðvar í almannapjónustu, sem Ríkisútvarpið á aðild að. Fréttablaðið greindi frá því í gær að RÚV hefði tryggt sér sýningarréttinn á HM 2010.

Ari Edwald, forstjóri 365, harmar að þessi háttur hafi verið hafður á sölu. „Auðvitað þykir okkur verra að missa svo gott efni yfir til helsta samkeppnisaðila okkar á markaðnum um vinsælt sjónvarpsfni, en það er lítið við því að segja,“ segir Ari. „Þetta sölufrelsi veitir RÚV einokunarétt á þessu efni því keppinautar þeirra fá ekki tækifæri til að bjóða í þennan sýningarrétt og kannski



MIKIL STEMNING Áhangendur Frakka fylgjast vel með heimsmeistarakeppninni í fótbolta rétt eins og heimsbyggðin öll.

fara einhverjir að velta fyrir sér hvort svona einokun fái staðist.“

Að sögn Ara hefur sjónvarpsstöðin Sýn hlotið lof fyrir umfjöll-

un sína um HM 2006 í Þýskalandi og vonar hann að Sjónvarpið geti gert næstu keppni jafn góð skil.

-æpe



afrit.is

# HÆLGAR- SPRENGJA!

## „SIMON“ 2JA OG 3JA SÆTA HÆGINDASÓFAR

Glæsilegir „Simon“ hægindasófar með innbyggðum fótaskemli sem veitir stuðning við allan líkamann. 3ja sæta sófinn er einnig með innbyggðum glasabakka í bakinu á miðsætinu, þú einfaldlega ýtir bakinu fram og þá er komin þessi fini bakki undir drykkina og snakkið.



**50%  
AFSLÁTTUR**

**SPARID  
40.000,-**

2JA SÆTA ÁÐUR 79.900,-  
**39.900,-**



**SPARID  
50.000,-**

**50%  
AFSLÁTTUR**

3JA SÆTA ÁÐUR 99.900,-  
**49.900,-**

## „HELLE“ TÖLVUBORD

Einstaklega þægilegt og gott tölvuborð í kirsuberjalit. Skúffur og hillur fyrir prentara og önnur tölvutæki. Stærð 138 x 62 x 89 sm. Komdu og gerðu góð kaup!



**50%  
AFSLÁTTUR**

**SPARID  
5.000,-**

ÁÐUR 9.990,-  
**4.990,-**



**67%  
AFSLÁTTUR**

**SPARID  
20.000,-**

ÁÐUR 29.900,-  
**9.900,-**

## „NELSON“ HÆGINDASTÓLL

Klassískur hægindastóll með slitsterku „míkrófiber“ áklæði. Stóllinn er með innbyggðum fótaskemli sem veitir stuðning við allan líkamann.

## „ANETA“ BÓKAHILLA

Flottar bókahillur í beykilit. Stærðin á hillunni er 175 x 60 x 24 sm. Komdu í Rúmfatalagerinn og gerðu góð kaup á góðri bókahillu!

ÁÐUR 2.990,-

**1.990,-**



**SPARID  
2.510,-**

**70%  
AFSLÁTTUR**

ÁÐUR 3.500,-  
**990,-**

## „STELLA“ SPEGLAR

Glæsilegir speglar með nokkrum mismunandi römmum. Fást í brúnu, eikarlit og gylltu. Stærðir 40x80 sm og 55x85 sm.



**SPARID  
1.000,-**

**33%  
AFSLÁTTUR**

**RÚMFATA  
LAGERINN**  
HERBERGID • BAÐID • HEIMILID

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)



## VEISTU SVARID

- 1 Hvaða stöð verður með sýningarréttinn á HM í knattspyrnu 2010?
- 2 Hvað heitir nýr þjálfari Gummersbach?
- 3 Í hvaða raunveruleikaþætti tekur Magni Ásgeirsson þátt?

SVÖR Á BLS. 58

Nýjstu heræfingar Norður-Atlantshafsbandalagsins:

# Nató á Grænhöfðaeypjum

**GRÆNHÖFÐAEYJAR, AP** Þúsundir Nató-hermannanna eru nú við heræfingar við hafnarbæinn Melindo á Grænhöfðaeypjum, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom til álita að halda þessar æfingar á Íslandi. Þetta eru fyrstu eiginlegu heræfingar Nató á afrískri grundu og hafa vakið upp spurningar um mögulegt framtíðarhlutverk hernaðarbandalagsins í álfunni. Æfingin snýst um ímyndaða árás á búðir hryðjuverkamanna, að leysa upp fjöldaóeirðir og að heyja stríð um olíulindir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom eitt sinn til álita að halda þessar æfingar á Íslandi, en



**SPÆNSKUR HERMAÐUR MUNDAR BYSSUNA** Um 7.100 hermenn taka nú þátt í „Staðfasta jagúarnum“, en svo nefnast heræfingar Nató-riðkjanna á Grænhöfðaeypjum.

NORDICPHOTOS/AFP

þær nefnast „Staðfasti jagúarinn“ og munu vera liður í að þjálfa upp nýja viðbragðssveit Natós,

sem á að geta brugðist við margs konar ógnum, allt frá mannúðarstarfi til skyndiárása, með litlum fyrirvara.

Eyjaskeggjar taka gestunum fagnandi og binda vonir við aukið samstarf Natós og lítillar herseitar Grænhöfðaeypja, en Vestur-Afríka glímur við mikið af vandamálum sömu ættar og þau sem Norður-Atlantshafsbandalagið kann að glíma við í framtíðinni. Þar má nefna ólöglegt streymi innflytjenda til Evrópu, vímuefnasmygl, svæðisbundin hernaðaráttök og rökun á olíuflutningum, til dæmis frá Gíneufloa.

- kóp

Niðurgreiðsla til tónlistarnáms:

## Aldurstenging afnumin

**TÓNLIST** Á fundi menntaráðs í gær var hámarksaldur á tónlistarnámi í Reykjavík afnumin.

Fyrir breytinguna var niðurgreiðsla til tónlistarnáms aðeins fyrir fólk undir 25 ára aldri og söngnám var niðurgreitt fyrir fólk yngra en 27 ára. Reglurnar um hámarksaldur voru settar fyrir um ári síðan af þáverandi meirihluta.

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður ráðsins, segir ástæðu breytinganna vera mótmæli frá tónlistarnemendum og tónlistarskólum auk þess sem taka þurfi tillit til þess að nemendur eru lengur í námi en áður, breytingunni fylgi ekki kostnaðarauki fyrir borgina.

- gþg



**BÍLLINN** Þó að vika sé liðin síðan bílnum var stolið er lögregla engu nær.

Lögreglan í Reykjavík:

## Tveggja dyra sportbíl stolið

**ÞJÓFNADUR** Lögreglan í Reykjavík leitar enn Mercedes Benz bifreiðar er stolið var aðfaranótt 17. júní frá Sóleyjargötunni.

Um er að ræða nýlegan silfur-litaðan Benz af gerðinni CLK 500 sem er tveggja dyra sportbíl með skrásetningarnúmerið ZY 643. Er lögregla engu nær um hvar bíllinn er að finna en slíkir bílar eru búnir fullkomnustu gerð af þjófavörn og þykir undrun sæta að engin skuli hafa orðið þjófanna var. Hafi fólk upplýsingar sem varpað geti ljósi á málið eru viðkomandi beðnir um að hafa samband við lögregluna í Reykjavík.

## SAMGÖNGUR

**Frír strætó á Héraði** Bæjarstjórn Fljótaldshéraðs samþykkti á fundi sínum nýlega að hefja undirbúning að gjaldfrjálsum almenningsamgöngum í sveitarfélaginu. Bæjarstjórnin fól bæjarstjóra, fræðslufulltrúa og þróunarstjóra ásamt bæjarráði að koma samgöngunum á fyrir byrjun næsta árs.

# Ríkisaðstoð til Íbúðalánasjóðs rannsökuð

Eftirlitsstofnun EFTA hefur hafið rannsókn á þeirri ríkisaðstoð sem Íbúðalánasjóður nýtur hér á landi. Grunur leikur á að hún brjóti í bága við ákvæði EES-samningsins.

**RANNSÓKN** „Annars staðar í heiminum sinnir hinn almenni markaður lánnum til íbúðakaupa og það hefur gefur góða raun. Engin ástæða er til að halda að annað verði upp á teningnum hér,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. Samtökin fagna þeirri ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, að hefja formlega athugun á þeirri ríkisaðstoð sem íslensk stjórnvöld veita Íbúðalánasjóði. en tilkynning um að slík rannsókn sé hafin hefur borist íslenskum stjórnvöldum.

Gert er ráð fyrir að rannsóknin taki minnst eitt ár en eftirlitsstofnunin er að bregðast við dómi EFTA dómstólsins frá apríl síðastliðnum þar sem fyrri ákvörðun ESA að hreyfa ekki andmælum vegna ríkisaðstoðarinnar eftir frumathugun var dæmd ógild. Taldi dómurinn að eftirlitsstofnunin hefði þar ekki farið að reglum og bregst stofnunin við dómnum með rannsókninni nú.

Umræddur dómur taldi vafa leika á hvort einstakir þættir hins almenna íslenska lánakerfis samræmdust framkvæmd EES-samningsins og var bent sérstaklega á að



**YFIRLITSMYND AF REYKJAVÍK** Íslendingar geta einnig nýtt sér vefinn til að finna sér skammtaleigu í höfuðborginni eða annars staðar á landinu.

engar takmarkanir eða ákvæði gildi um stærð eða verð þeirra íbúða sem Íbúðalánasjóður lánar til kaupa á.

Starfshópur á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur um hrið unnið að breytingum á Íbúðalánasjóði með það að markmiði að færa hlutverk hans nær því sem gerist í nágrannalöndunum en frumvarp þess efnis verður lagt fram á þingi í haust. Samkvæmt þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið verður Íbúðalánasjóður þá bakhjarl ann-

arra banka og öll þjónusta hans færast þá einnig þangað.

Jóhann Jóhannsson, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, segir slíka rannsókn eðlilega með tilliti til áfrýjunar Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja en ekki sé víst að niðurstaða hennar breyti nokkru. „Ef hugmyndir þær er fram hafa komið um breytingar á sjóðnum koma til framkvæmda hefði niðurstaðan enga þýðingu enda skilst mér að rannsóknin eigi að taka eitt ár. Margt getur breyst á þeim tíma.“

Sýknudómur á Norðurlandi:

## Sýknaður af barsmíðum

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra sýknaði á dögnum mann sem gefið var að sök að hafa slegið mann í andlit, þar sem þeir voru staddir inni í fjósi í Eyjafjarðarsveit í júní á síðasta ári.

Honum var einnig gert að hafa, á leið sinni út úr fjósinu, haft með sér á brott yfirtengi svokallað, sem notað er til að stilla aukataeki á dráttarvél, sem tilheyrði honum ekki. Dómnum þótti ósannað að líkamsárásin hefði átt sér stað og að maðurinn hefði tekið yfirtengið ófrjálsri hendi.

- æþe

Strætisvagnstjóri ákærður:

## Ók með konu fasta í dyrum

**DÓMSMÁL** Rúmlega sextugur strætisvagnstjóri hefur verið ákærður fyrir að hafa ekki sýnt nægjanlega aðgæslu í akstri í júlí síðastliðnum.

Vagnstjórinn ók af stað þó að yfirhöfn hálfsvögrar konu sem var á leið út úr vagninum væri föst í dyrunum með þeim afleiðingum að konan dróst með vagninum þar til hún féll í götuna. Þá fór afturhjóll bílsins yfir fót hennar og við það brotnaðu stóra tá hennar. Vagnstjórinn ekur enn fyrir Strætó bs og að sögn framkvæmdastjóra fyrirtækisins er ekki ráðgert að aðhafast neitt í málinu að svo stöðu.

- sh

## LÉTTUR Á BÁRUNNI Á BÁT FRÁ OKKUR

[www.rs.is](http://www.rs.is)

## Bátasýning 24.06.06

Dreymir þig um sportbát, hraðbát, skemmtisnekkju, vatnabát, sjóbát eða gúmmibát? Komdu og vertu fyrir þér glæsilegustu skemmtibáta landsins í öllum stærðum og gerðum á bátasýningu okkar að Ánanaustum 1. **Opið laugardag frá kl. 10–16.**



**R. SIGMUNDSSON**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 580 5300



**LEIKSKÓLABÖRN** Fulltrúi Sjálfstæðisflokks vilja hraða afgreiðslu mála í nefndinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tillaga meirihluta borgarstjórnar um breytingu á menntaráði:

# Minnihluti vill fresta breytingum

**BORGARMÁL** Nokkur óánægja hefur skapast um ákvörðun meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur um að skipta menntaráði í tvennt, í leikskóla- og grunnskólaráð. Á fundi menntaráðs í gær lagði Stefán Jón Hafstein fulltrúi Samfylkingarinnar fram tillögu um að fresta breytingunni í eitt til tvö ár.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir fulltrúi Sjálfstæðisflokks í menntaráði segir að meirihlutinn vilji bæta þjónustuna við yngstu börnin og auka fagmennsku í leikskólum. Aðspurð um þá gagnrýni sem fram hefur komið á ákvörðunina segist Þorbjörg harma það að gagnrýnin hafi komið fram áður en nefndir borgarinnar hafa fjallað um málið.

Stefán Jón segist vilja gefa

núverandi kerfi tækifæri þar sem það hafi hingað til reynst vel. Hann segir að fulltrúar meirihluta hafi ekki komið fram með nægileg rök fyrir breytingunni en tillögu minnihlutans var frestað til næsta fundar. „Þau tefla á móti þeim rökum að fundirnir séu alltof stórir og það sé svífaseint til ákvörðunar en ég segi bara, almennilegur formaður getur stýrt þessu, ef hann hefur kraft og dugnað,“ segir Stefán.

Menntaráð varð til í byrjun árs 2005 við sameiningu Leikskólaráðs Reykjavíkur og fræðsluráðs Reykjavíkur. Stjórnir Reykjavíkurdeildar Félags leikskólakennara og Kennarafélags Reykjavíkur hafa sent frá sér tilkynningu þar sem stofnun sérstaks leikskólaráðs er mótmælt.

- gþg





Landsmót

Landsmót á Vindheimamelum í Skagafirði 26. júní – 2. júlí

## Fjölskylduhátíð hestamanna

Sjáðu bestu hesta og bestu knapa landsins fara á kostum. Hinar frábæru hljómsveitir Todmobile og Papar halda uppi dúndrandi stemningu föstudags- og laugardagskvöld og auk þess koma fram:

Geirmundur Valtýsson  
 Hundur í óskilum  
 Karlakórinn Heimir  
 Björgvin Franz  
 Ávaxtakarfan  
 Ronja ræningjadóttir  
 Álftagerðisbræður  
 Gísli Einarsson og margir fleiri.  
 Hoppkastalar og leiksvæði fyrir börnin.

Forsala er á eftirfarandi ESSO-stöðvum: Nesti Ármúla, Nesti Borgartúni, Nesti Gagnvegi, Nesti Geirsgötu, Nesti Háholti, Nesti Lækjargötu, Nesti Stórahjalla, ESSO Fossnesti, ESSO Hveragerði, ESSO Árbæ, Naustagil Húsavík, ESSO Hvolsvelli, ESSO Hyrnnuni, ESSO Höfn í Hornafirði, ESSO Leirunesti, ESSO Varmahlíð, ESSO Aðalstöðin, ESSO Egilsstöðum.  
 Forsölu lýkur sunnudaginn 25. júní.

Farðu á [www.landsmot.is](http://www.landsmot.is) og fáðu nánari upplýsingar um Landsmót hestamanna, einstakan viðburð og fjölskylduskemmtun.




**LANDSMÓT**

VINDHEIMAMELUM  
 26. JÚNÍ – 2. JÚLÍ 2006

ICELANDAIR 

[www.landsmot.is](http://www.landsmot.is)







# Veislan er að hefjast!



## Úlfar á 3 FRÖKKUM mælir með hrefnulundum:

- Skerðu ferskar lundirnar í sneiðar, alls ekki meira en 0,5 til 1 cm á þykkt.
- Aldrei meiri steking en „Medium Rare“ eða „Rare“, 36 sek. á annari hliðinni og 32 á hinn!
- Ekki krydda of mikið.
- Pönnusteking á sjóðheiti pönnu eða á grillið: djúfa lundinni í grill- eða steikarölu og strjúka svo af mest af olunni.
- Hrefnulundirnar eru líka frábærar hráar sem fonéttur, með japanskri Kikkoman sojasölu.

Njótið vel. Úlfar Eysteinnsson á 3 FRÖKKUM.

Farðu nýjar leiðir og prófaðu ferskar sérvaldar hrefnulundir á grillið eða á pönnuna.

Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun. Meistarakokkarnir mæla með hrefnulundum í veisluna – og svo eru þær þægilegar í matreiðslu.

Ekki biða með veisluna, veiðunum lýkur 4. ágúst.



## Áfangasigur unninn

Með samkomulagi á atvinnumarkaði er áfanga náð í baráttunni við verðbólgu, að mati greiningardeilda bankanna. Um leið er bent á að launahækkarnir sem samið hefur verið um ýti einnig undir verðbólgu og því þurfi aðgerðir til að draga úr innlendri eftirspurn.

Til að slá á væntingar um verðbólgu eru stjórnvöld sögð þurfa að koma fram með trúverðuga áætlun um aukni aðhald. Landsbankinn bendir á að fjárfestar hafi litla trú á að tók náist á verðbólgunni í brád enda sé í dag verðbólguálag á fjármálamarkaði til fjögurra ára 5,3 prósent.

Bankinn segir líklegt að verð-

bólga nái fyrir hámarki í níu prósentum þar sem samkomulagið á vinnumarkaði hafi náðst fyrir en ætlað var. Á móti segir greiningardeild bankans koma að skapast hafi aðstæður til hraðari hjöðunar verðbólgunnar.

Greiningardeild

Kaupþings banka segir að til langs tíma litið ætti samkomulag á vinnumarkaði að tryggja aukinn stöðugleika og draga úr óvissu „enda ljóst að uppsögn kjarasamninga hefði verið mjög óheppileg fyrir íslenskt efnahagslíf.“

- ók



## Kristileg samkoma í Köben

Mischkin-skýrslunni var vel tekið á fundi Viðskiptaráðs í Kaupmannahöfn.

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, segir fund Viðskiptaráðs Íslands í Kaupmannahöfn hafa farið vel fram í alla staði „Við bjuggumst við hasar á fundinum en allt fór á endanum kristilega fram. Menn virtust ánægður með skýringar okkar og niðurstöður. Annars voru umræður á mjög almennum nótum og til að mynda mikið rætt um það að erfitt væri að bera saman viðskiptahalla í smáum hagkerfum og þeim stærri.“

Á fundinum kynntu Tryggi og Frederic Mishkin skýrslu sína um fjármálastöðugleika á Íslandi. Meginniðurstaða skýrslunnar er sú að



hverfandi hætta sé á fjármálakreppu á Íslandi en mikið hefur verið um neikvæða umfjöllun um íslenskt efnahagslíf í Danmörku undanfarið.

Um hundrað manns sóttu fund-

inn, flestir starfsmenn erlendra fjármálastofnana og greiningaraðilar lánshæfismatsfyrirtækja. Fundurinn var sá þriðji í röðinni, en áður hafði skýrsla þeirra félaga verið kynnt í Lundúnum og New York. -jsk



HÖFDUSTÖÐVAR IMG lmg er til húsa við Borgartún í Reykjavík, en er einnig með töluverða starfsemi í Danmörku.

## IMG stækkar í Danmörku

IMG hefur keypt danska ráðgjafarfirmir tækið LogistikGruppen. IMG keypti í fyrra ráðgjafarhluta KPMG í Danmörku og rekur nú undir nafninu Capacent. LogistikGruppen og Capacent munu framvegis starfa undir nafni þess síðarnefnda.

Eftir kaupin eru starfsmenn IMG um tvö hundruð og þrjátíu og skiptast þeir nokkuð jafnt milli Íslands og Danmerkur. Skúli Gunnsteinsson, forstjóri IMG samstæðunnar var ánægður með kaupin „Við höfum gerbreytt fyrirtækinu á tólf mánuðum. Móðurfélagið IMG einbeitt sér að ytri vexti, en rekstrarfélög á Íslandi og í Danmörku sinna daglegri starfsemi.“

- jsk



Á SJÓ Afurðaverð hefur hækkað um 17,6 prósent síðastliðið ár.

## Afurðaverð hækkar

Verð á sjávarafurðum hækkaði um 1,5 prósent í erlendri mynt í maímánuði samkvæmt tölum frá Hagstofnunni. Afurðaverðið er tæplega sjö prósentum hærra en á sama tíma í fyrra.

Verðið hækkaði talsvert minna í íslenskum krónum, eða um 0,2 prósent frá fyrra mánuði. Afurðaverð hefur ekki verið hærra frá því í mars 2002 og hefur hækkað um 17,6 prósent síðastliðið ár.

Fram kemur í Morgunkornum Glitnis að hagur sjávarútvegisfyrirtækja hafi vænkast verulega undanfarnar vikur með lækkun gengis krónunnar. Ytri skilyrðin í rekstrinum séu mun hagstæðari en fyrir ári auk þess sem fyrirtækin njóti góðs af háu afurðaverði á erlendum mörkuðum. -jsk

# 3 GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ SPARA

VERDTRYGGÐUR

### BÚSTÓLPI

Taflan sýnir mögulega nafnvöxtun Bústólpa m.v. mismunandi verðbólgu og 3,9% raunvexti.

Verðbólga	Nafnvextir
7,5%	11,7%
7,0%	11,2%
6,5%	10,7%
6,0%	10,1%

Bústólpi er verðtryggður reikningur sem ber hámarksávöxtun. Hver innborgun er bundin í 48 mánuði.

### KOSTABÓK

Allt að

## 10,9%

stighækkandi vextir eftir lengd binditíma.

Kostabók KB banka hentar vel fyrir lægri upphæðir og reglubundinn sparnað. Hver innborgun er aðeins bundin í 10 daga.

### MARKAÐSREIKNINGUR

Allt að

## 10,9%

stighækkandi vextir eftir upphæð innstæðu.

Markaðsreikningur hentar vel fyrir hærri innstæður. Hver innborgun er aðeins bundin í 10 daga.

Kynntu þér úrval góðra sparnaðarleiða í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is. Hægt er að stofna sparireikninga í KB Netbanka.



# Jónsmessu- veisla

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

Nýtt í Nóatúni!

Aðeins í Nóatúni, gómsæt  
villisveppasósa að hætti  
kjötmeistaranna!

Frábær með öllum grillmat.

**398 kr.** 330 ml



Sparaðu  
**1.000 kr.**

LAMBA RIBEYE  
ÚR KJÖTBORÐI

**2.198 kr.** kg



SKÖTUSELSSPJÓT MEÐ PAPRIKU  
Í HVÍTLAUKSMARINERINU

**498 kr.** stk.



**30%**  
afsláttur

GOURMET LAMBALÆRISSNEIÐAR  
MEÐ HVÍTLAUK OG BASIL

**1.722 kr.** kg



2 stk.  
beint á grillið!

HM HAMBORGARAR

MEÐ BRAUÐI, BEIKONI, OSTI, BBQ SÓSU OG 1 l COKE

**598 kr.** pk.



GEVALIA  
KAFFI 500 g

**299 kr.** pk.

Nóatúns  
sælkeraiís



**399 kr.** pk.



MARYLAND  
KEX

**89 kr.** pk.



COKE KASSI  
10 X 33 cl

**949 kr.** pk.

TszZZ

# AVÚMPP

Bestir í kjöti

## NÓATÚN

í 40 ár

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns



Gómsæt  
grillspjót

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns



NAUTAFILLET  
Í RAUÐVÍNS-  
PIPARMARINERINU

3.298 kr. kg

Úr  
Fiskborði  
Nóatúns



SVERÐFISKSTEIK  
MEÐ KRYDDSMJÖRI

2.998 kr. kg



SUMARPYLSUR NÓATÚNS  
GÓMSÆTAR Á GRILLIÐ

998 kr. kg



SKÖTUSELSFIÐRILDI  
Í HVÍTLAUKSMARINERINU

1.598 kr. kg



GRÆNMETI Á GRILLBAKKA  
KRYDDAÐ EÐA Í MARINERINU

499 kr. pk.

## Lifðu lífinu í lit!

## NÓATÚN



NEKTARÍNUR  
249 kr. kg

GULAR MELÓNUR  
99 kr. kg

RAUÐ PAPRIKA  
249 kr. kg



SVEPPIR, BOX  
169 kr. pk.



BLÁBER USA, BOX  
399 kr. pk.

=



...mmm

## NÓATÚN

-hljómar vel!





# MUNIÐ BÍLBELTIN



UMFERÐARSTOFA

DV

Helgína



# FLOTTUSTU PÖR LANDSINS

Sirkus og DV Sport eru fylgirit DV. Hér og nú fylgir einnig frítt til áskrifenda.

Hefur þú séð þú í dag DV?

MAÐUR VIKUNNAR

## Skarpgreind með lúmskan húmor

KATRÍN ANNA GUÐMUNSDÓTTIR  
TALSKONA FEMÍNISTAFÉLAGSINS

Femínistar máluðu bæinn bleikan á mánudag í til efni af því að 91 ár var liðið frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt. Katrín Anna Guðmundsdóttir er talskona Femínistafélags Íslands og hefur í því starfi verið leiðandi í jafnréttismállum hér á landi. Hún er líka maður vikunnar.

Katrín Anna er fædd 10. janúar 1970, dóttir Helgu K. Stefánsdóttur og Guðmundar Ó. Baldurssonar. Hún ólst upp í Breiðholti, með stuttum útúrdúr í Kópavogi. Að loknum grunn-skóla lá leiðin hins vegar í Verzlunarskóla Íslands hvaðan hún útskrifaðist með stúdentspróf. Að því loknu tók hún stutt hlé frá námi áður en hún fór til Bandaríkjanna og lærði þar markaðsfræði.

Katrín Anna er femínisti af lífi og sál, en þeir sem þekkja hana segja að hún hafi þó ekki verið sérstaklega meðvituð um jafnréttismál í uppvextinum. Hins vegar var hún alin upp við jafna verkaskiptingu á heimilinu og var til dæmis bróður hennar ekki hlífur við heimilisstörfunum frekar en henni af því að hann var strákur. Áhugi hennar á jafnréttismálum og femínisma kviknaði hins vegar fyrir alvöru þegar hún var í háskólanámi í Banda-

rikinum. Þar sat hún námskeið hjá prófessor sem talaði niður til kvenna af slíku yfirlæti að henni ofbauð og eftir það varð ekki aftur snúið.

Árið 2003 tók hún þátt í að stofna Femínistafélag Íslands og hefur verið talsmaður þess allar götur síðan. Samtökin hafa verið óþreytandi í að gagnrýna stjórnvöld, fyrirtæki og fjölmiðla þegar þeim þykir halla á málstað kvenna og hvetja til að gera betur. Katrín Anna leggur þó áherslu á að hún vilji jafnrétti en ekki kvenrétti. Auk þess að vera talskona Femínistafélagsins rekur hún ráðgjafafyrirtækið

kennd, á auðvelt með að orða hugsun sína og getur sett fram mál sitt af yfirvegun og rökfestu og á líka auðvelt með að sjá sjónarmið annarra þótt hún taki endilega undir þau. Þá er hún sögð vera lúmskur húmoristi.

Það er mikið að gera hjá Katrínu Önnu og hún hefur ekki mikinn tíma aflögu fyrir tómsundir. Hún hefur hins vegar yndi af útivist; sem barn og unglingur fór hún oft á skíði og henni finnst líka gaman að komast í göngur og útilegu. Þá er hún sögð mikil húsmóðir í sér og hefur gaman af matseld og bakstri.



Hugsaðu sem leggur áherslu á jafnréttismál innan fyrirtækja. Einnig skrifar hún reglulega um hugðarefni sín í Viðskiptablaðið. Þá stundar hún nám í kynjafræðum í Háskóla Íslands og hefur kennt námskeið í Listháskóla Íslands.

Katrín Anna er hamhleypa til verka að sögn allra þeirra sem hafa unnið með henni og á auðvelt með að drífa fólk með sér í verkefni sem eru henni hjartans mál, en er stundum dálítið þrjósk. Hún er sögð skarpgreind og skipulögð í hugsun enda lágu stærðfræði og raunvísindi altaf vel fyrir henni í skóla. Frá unga aldri hefur Katrín Anna verið ákveðin og aldrei látið neinn vaða yfir sig. Hún hefur mikla réttlætis-

allt

... sem þig vantar til að hefja nýtt líf

VÍSIR

NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

# Afnemum VSK af öllum snyrtivörum

**TAX  
FREE  
DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Á fríhafnardögum  
afnemum við VSK  
af snyrtivörumerkjum.

Dagana 22.-25. júní eru  
fríhafnardagar í öllum  
snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 25. júní 2006.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

# Allt á grillið í Krónunni

**1269** kr. kg  
~~1638~~  
Krónu kryddaðar  
svínakótilettur

**25%**  
afsláttur

**1237** kr. kg  
~~1649~~  
Krónu kryddaðar  
grísahnakkasneiðar

**25%**  
afsláttur

**30%**  
afsláttur

Krónu  
pylsur  
**279**  
kr/pk

**25%**  
afsláttur

Fjörfiskur  
frosin línúysa  
**449**  
kr/pk

Goða  
skinka  
**249**  
kr/pk

Hunangs  
Cheerios 765 gr  
**399**  
kr/pk

Stjörnu  
partýmíx 2 teg  
**169**  
kr/pk

Jonagold  
epli  
**88**  
kr/pk

**HM GLÖS FYLGJA  
HVERRI KIPPU AF 4x2 LÍTRUM  
AF COKE OG COKE LIGHT**

**Virk  
Sam-  
keppni**

Jarðarber í  
boxi 200 gr  
**199**  
kr/pk

Máisstönglar  
forsoðnir 2 stk  
**169**  
kr/pk

Bautabúrs  
kartöflusalat  
**198**  
kr/stk



SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORDURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFÖSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN  
 virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-21 / virkir dagar 11-21 / virkir dagar 11-21 / Allir dagar 12-23 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19  
 laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-21 / laugardagar 11-21 / laugardagar 11-21 / laugardagar 11-21 / föstudagar 11-20 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19  
 sunnudagar 12-18 / sunnudagar 12-19 / sunnudagar 12-19 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 11-19 / sunnudagar 11-19 / sunnudagar 11-19 / sunnudagar 11-19  
 sunnudagar / lokað / lokað / sunnudagar / sunnudagar / sunnudagar / sunnudagar / lokað / sunnudagar / sunnudagar / sunnudagar / lokað

# KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI



**1198** kr. kg  
~~1724~~

Léttreyktar Gourmet grísakótilettur

**20% afsláttur**

FRÁBÆRT Í FERDALAGIÐ

**798** kr. kg  
~~998~~

10 frosnir Goða hamborgarar

Krónu samlokur  
**129** kr/stk

**30% afsláttur**

Biomjólk 3 tegundir verð frá:  
**98** kr/stk

**44% afsláttur** áður kr. 534

Goða súpukjöt lítil poki  
**299** kr/pk

HM leðurfótbolti  
**898** kr/stk

RIVO KAFFE

RIVO KAFFE

Rivo kaffi 400 gr  
**199** kr/pk

Krónu salernisrúllur  
**249** kr/pk

Super hvottaefni 3 kg  
**299** kr/pk

SUN LOLLY  
**10 frys-sely is**  
169 kr/pk

Sun lolly 3 tegundir  
**169** kr/pk

GRILLVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI

Alltaf frábær tilboð alla daga

# Kynlífstúristar - utan úr geimnum

Í Dagbók Práins Bertelssonar er rætt um kosti þess að taka upp íslamskt tímatal. Einnig er fjallað um þá staðreynd að geimverur hafa rænt fimm milljón Bandaríkjamönnum á síðustu árum; sagt frá jóskum svínabændum, mosaeyði og sjitogfokkmenningunni.



**Kæra Dagbók**

Práinn Bertelsson skrifar

## ■ FÖSTUDAGUR, 16. JÚNÍ

### Betra tímatal fyrir sjálfþökuliðið

Ég tók mig til og vann í alla nótt og náði að klára nokkur verkefni sem ég hef trassað. Það er soldið skryt-ið að fylgja ekki föstum svefnvenjum. Gaman gæti verið að prófa að koma sér upp privat tímatali. Músílmenn nota miklu skemmtilegri aðferð við tímatal heldur en við. Þeir halda sig við tunglmánuði þannig að nýr mánuður byrjar þegar fyrst er hægt að greina nýtt tungli á himni.

Í sumum Múhamedsríkjum er samræmt dagatal. Þar er opinberum embættismönnum falið að vera á útkikk eftir nýju tungli og þegar þeir sjá mánann eru látin boð út ganga að nýr mánuður sé byrjaður jafnvel í byggðarlögum þar sem ekki hefur sést í heiðan himin vikum saman.

Í öðrum löndum er sinn siður í hverri sveit og mánuði lýkur ekki fyrr en nýja tunglið hefur sést í héraðinu sem gerir það að verkum að nágrannasýslur geta verið staddir í mismunandi mánuðum.

Árið hjá músílmönnum er líka 11 dögum styttra en árið hérna hjá okkur



svo að maður yrði ekki hissa á því þótt Geir Haarde og félagar í sjálfþökuflokknum vildu taka upp íslamska árið. Með því móti tæki það 737 dögum skemmri tíma að verða 67 ára og komast á hin nota- legu eftirlaun sem þeir hafa skammtað sér og forsætisráðherr- ann segir að séu ekki til umræðu, því að nú sé bara verið að fjalla um kjör venjulegs fólks.

Ég tek ofan fyrir Gunnari Páli Pálssyni formanni VR og skora á hann að koma forsætisráðherranum okkar í skilning um að það er ekki hans að ákveða hvenær launa- kjör sjálfþökufólksins eru á dag- skrá. Þau eru á dagskrá og verða á dagskrá þar til sjálfþökuliðið skil- ar ránsfengnum aftur.

## ■ SUNNUDAGUR, 18. JÚNÍ

### Svínabóndi og ljósmóðir

Í dag komu þau Anders og Katrín frá Jótlandi þar sem Andrés hefur verið svínabóndi og Katrín ljósmóðir. Nú eru þau búin að fá nóg af svinum og eru komin á húsbiðnum sínum til að skoða Íslendinga. Þau komu með Norrænu og fara aftur með henni. Katrín á færeyska móður og talar færeysku.

Þau tóku því feginn hendi að gista. Það er betra að sofa í húsi en á Sýn og horfa á beina útsendingu frá leik Tógó og Sviss. Leikar fóru eins og við mátti búast: Ríku mennirnir unnu og fátæku menn- irnir töpuðu.

## ■ MÁNUDAGUR, 19. JÚNÍ.

### Sigur hinna ríku

Hélt upp á afmæli Össurar frænda míns með því að mæta með honum á Sýn og horfa á beina útsendingu frá leik Tógó og Sviss. Leikar fóru eins og við mátti búast: Ríku mennirnir unnu og fátæku menn- irnir töpuðu.

Þetta var mjög skemmtilegt. Arnar Páll tók höfðinglega á



móti okkur. Af því að ég hef meira vit á stjórnmálum en Össur telur hann sig hafa meira vit á fót- bolta (þótt það sé vitanlega hundalógík). Ég mætti í tógólenskum þjóðbúningi með gris-gris, vúdú-verndargrip um hálsinn en það dugði ekki til sig- urs.

Verndargripurinn er senni- lega ekki hannaður fyrir knattspyrnu en hann dugði ágætlega til að við Össur kæmumst heilir á húfi upp á sjónvarp og heim aftur. Heim, segi ég, því að ég fór heim, en afmælis-



barnið hvarf inn í Alþingishúsið. Hann er stjórnmálamaður af ástríðu.

Síðasta greinin af fjórum um eiturlyfjapláguna eftir Njörð P. Njarðvík birtist í Mogganum í dag. Þetta eru þarfar greinar.

Við sem eigum um sárt að binda vegna eiturlyfjabólans og höfum þjáðst jafnvel áratugum saman eigum að stofna félag. Aðstand- endafélag. Við viljum ekki þetta ástand lengur. Kominn tími til að gera eitthvað af viti.

Frétti af fola sem ég á í tamn- ingu. Góðar fréttir. Upplifgandi. Næsti hestur sem ég sný mér að verður að vera gæðingur. Síðasti hesturinn minn.

## ■ ÞRIÐJUDAGUR, 20. JÚNÍ

### Kynlífstúristar

Katrín og Andrés héldu leiðar sinnar í morgun. Norður í land. Og svo um borð í Norrænu fyrir austan.

Ég sló garðinn í fjórða sinn í sumar. Ég veit ekki hvað ég á að

gera til að losna við mosann. Prófaði að bera á. Þá þarf ég að slá oft en það gerir ekkert til. Ég geri þetta ekki í megrunar- skyni heldur er það svo að ilmurinn af nýslegnu grasi er besta lykt sem ég finn - fyrir utan angan af sveitt- um hrossum.

Er að lesa bók um verur frá öðrum hnött- um. Mjög merkilega bók. Sjálfur hef ég alltaf haft á tilfinningunni að ég sé bara gestur hérna á jörðinni.

Rannsóknir sýna að varla er hægt að þverfóta fyrir geim- verum. Hvorki meira né minna en fimm milljónir Bandaríkjamanna hafa lent í því að vera brottumdir af geimver- um í lengri eða skemmri tíma. Það er ekkert smá framtak hjá geimverum að handsama milljónir manna í kyrrþey. Það er tvennt til í þessu máli:

Annaðhvort er þetta blákaldr veruleiki og hersveitir geimvera fara um jörðina og taka varnar- laust fólk höndum og meðhöndla það að eigin geðþótta.

fótunum að geimverur ræni fólk og hafi það í haldi í lengri eða skemmri tíma og rannsaki mann- skapinn og niðurlægi á allra handa máta.

Frásagnir hinna brottnumdu eru mjög samstofna og ber saman um að geimverurnar hafi fyrst og fremst brennandi áhuga á æxlun og æxlunarfærum mannskepn- unnar.

Kynlífsáhugi geimveranna er mjög athyglisverður. Ef til vill er hér um kynlífstúrisma að ræða, þannig að úti í geimnum sé litlið á jörðina sem eina alls herjar Pattaya eða Reykjavík. En einnig getur verið að þessir dularfullu gestir séu ekki einvörð- ungu saurlífsseggir utan úr geimnum í þeim erindagerðum að svala fýsnum sínum.

Þessi staðfasti áhugi á æxlunar- færum mannskynsins

getur bent til að þessir gestir hafi úrkynjast og séu hér að sækjast eftir nýjum erfðavísu til að hressa upp á afkomendur sína. Með tilliti til þessa mundi ég vera mjög varkár ef ég væri í sporum dr. Kára Stefánssonar.

## ■ MIÐVIKUDAGUR, 21. JÚNÍ

### Sjitogfokkmenning

Ég er fyrir löngu hætta að kalla allt ömmu mínu þegar kemur að því að heyra eða sjá bögbósa klæmast á íslensku máli. Það er ekki nokkur vafi á því að við erum komin vel á veg með að breyta fal- legu tungumáli sem ræktað hefur verið af umhyggju í 35 kynslóðir í ámatlegan og heimskan málblend- ing.

EKKI bjóst ég við því að eiga eftir að upplifa söknuð eftir myrkrhöfðingjanum en frekar vil ég þó heyra menn ákalla and- skotann að fornum sið en hlusta á þetta sífellda „fokk“ og „sjit“ sem eru orðin að pipar og salti íslensk- unnar.

Ennþá sorglegra er þó þegar menn hafa misst hæfileikann til að hugsa og framleiða bara bull. Samanber eftirfarandi klausu á visir.is:

„Hinar árlegu Íslandshjólreiðar hefjast í dag en keppnin er fyr- irmynd stærstu hjólreiðakeppni heims, Frakklandshjólreiðanna sem almennt er talin erfiðasta keppni sinnar tegundar.“

Það er einkenni á heiladaudri sjitogfokk-menningunni að halda því blákaldr fram að „Tour de France“ sé stæling á Íslands- hjólreiðunum. Og Jón Sigurðs- son hafi þá væntanlega fundið upp hjólið.

Nú er Ríkislögreglustjóri víst búinn að hóla á Jón Ásgeir í yfirheyrslu út af splunku- nýjum málum. Ef ég væri Jón Ásgeir myndi ég senda þessu liði ókeypiss banana. Mikið er ég feginn að það skuli ekki fara í taugararnar á neinum hvað ég á mikla peninga.

## Eldvarnartæki

– til öryggis

TUNCLUB RV6208C

1.056 kr.  
Reykskyngjafi 9v

3.459 kr.



Eldvarnarteppi  
100x100cm

4.950 kr.



Dufttæki 2kg  
með mæli og  
bilffestingu

6.698 kr.



Dufttæki 6kg  
með mæli og  
veggfestingu

6.957 kr.  
50l grá/svört

8.573 kr.  
30l ryðfritt stál

2.737 kr.  
15l blá/svört



Eldvarnarfötur

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



allt

ný vöru- & þjónustu-  
skrá á visir.is

BILLINN

TÖLVUR

AFMÆLI

BÓKHALD



**AUKAHLUTAVERSLUN**  
Mikið úrval aukahluta er  
fáanlegt í verslun okkar.

# FERÐAVAGNINN FÆRÐU HJÁ OKKUR!

**HVERGI  
FJÖLBREYTTARA  
ÚRVAL!**

Eigum ýmsar gerðir af **TEC** og **TABBERT** hjólhýsum  
ásamt **HOLYCAMP** tjaldvögnum fyrirbyggjandi  
á lager. Komdu og kynntu þér úrvalið!  
**Opið laugardag kl. 11-16 og sunnudag kl. 12-16.**



**TEC HJÓLHÝSI**  
-hafa slegið rækilega í gegn!



**HOLYCAMP-ÆGIR TJALDVAGN**  
-alltaf jafn vinsæll!



**TABBERT HJÓLHÝSI**  
-í hæsta gæðaflokki!



**Tjaldvagnaland**

SEGLAGERÐIN ÆGIR

GROVER CLEVELAND (1837-1908), LÉST PENNAN DAG.

„Ég lít á lista efirlaunabega ríkisins sem heidursnafnalista.“

Grover Cleveland var bæði 22. og 24. forseti Bandaríkjanna.



# Tímamót

timamot@frettbladid.is

## PETTA GERÐIST: 24. JÚNÍ 1983

### Sally Ride snýr aftur til jarðar

Pennan dag árið 1983 sneri Sally Ride aftur til jarðar með geimskutlunni Challenger eftir sex daga geimflug. Sally var fyrsta bandaríska konan til að fara út í geim en sú þriðja í heiminum. Hin 32 ára Ride var fyrrverandi tennismeistari. Hún ákvað að gerast geimfari árið 1977 eftir að hún sá auglýsingu frá NASA í skólablaði en hún stundaði þá háskólanám í ensku og eðlisfræði. Hún var ein af yfir þúsund konum og sjö þúsund körlum sem sóttu um 35 pláss í þjálfunarprogrammi árið 1978. Þar kynntist hún manni sínum sem var geimfari. Sem flugverkfræðingur var það meginhlutverk Sallyar að fylgjast



SALLY RIDE

með stjórnækjum og ganga úr skugga um að allt gengi vel við flugtak og landingu. Tveimur árum síðar skullu hörmungar yfir þegar Challenger geimskip sprakk í loft upp. Allir um borð létust og þar á meðal Christa McAuliffe sem átti að verða fyrsti kennarinn til að komast út í geim. Sally Ride er eina manneskjan sem vann bæði að rannsókn Challenger- og Columbia-slyssins. Sally var geimfari til ársins 1987 þegar hún sagði upp störfum hjá NASA og tók til við kennslu í Stanford-háskóla. Síðar varð hún prófessor og forstjóri geimvísindastofnunar Kaliforníu.

### MERKISATBURÐIR

- 1000** Kristnitakan. Kristin trú er lögtekin á Alþingi á Þingvöllum við Öxará.
- 1865** Keisaraskurði er beitt í fyrsta sinn hér á landi. Barnið lífði en móðirin dó.
- 1875** Fyrsta ferðin yfir Vatnajökul er farin af enskum vísindamanni og fjórum Íslendingum.
- 1901** Picasso heldur sína fyrstu stóru sýningu í París.
- 1934** Gunnar Thoroddsen er kosinn á þing, 23 ára.
- 1968** Ráðherrafundur Atlants-álfbandalagsins er haldinn á Íslandi í fyrsta sinn.
- 1988** Vatnsrennibrautir er tekin í notkun í Laugardalslaug.


### ÚTFARIR

- 11.00** Hafsteinn Sigurðsson verður jarðsönginn frá Siglufjarðarkirkju.
- 11.00** Sigríður Kristjánsdóttir, Reynivöllum 6, Selfossi, verður jarðsönginn frá Selfoskirkju.
- 13.00** Unnur Einarsdóttir, Valþjófsstað 2, Fljótsdal, verður jarðsönginn frá Valþjófsstaðarkirkju.
- 14.00** Eiríkur Hjalti Jónsson fyrrverandi bifreiðastjóri, Strandgötu 79a, Eskifirði, verður jarðsönginn frá Eskifjarðarkirkju.
- 14.00** Guðmundur Ingi Guðmundsson, skipstjóri og útgerðarmaður, Bessa-hrauni 11b, Vestmannaeyjum, verður jarðsönginn frá Landakirkju, Vestmannaeyjum.

### AFMÆLI



Leifur Breiðfjörð myndlistarmaður er 61 árs.



Clarence E. Glad Ph.D, guðfræðingur og formaður stjórmar Reykjavíkur-Akademíunnar, er fimmtugur.



Hannes Adólf Magnússon bóndi í Eystri-Leirárgörðum er þrítugur.



EINAR GÍSLASON FORMAÐUR FERÐANEFNDAR FORNBÍLAKLÚBBSINS Mikið verður um dýrðir á landsmóti Fornbíllaklúbsins á Selfossi. Í dag verða bílar þátttakenda meðal annars til sýnis og á morgun verða bílaleikir og fleira skemmtilegt í boði.

FRÉTTAFLAÐIÐ/HRÖNN



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför elskulegrar systur okkar og móðursystur, Ásrúnar Jónsdóttur frá Einarstöðum.

Sérstakar þakkir til Valgerður Valgarðsdóttur djákna og sr. Örnólfs Ólafssonar fyrir einstaka alúð og hjálpsmi.

Sigríður Jónsdóttir  
Sólveig Rósa Jónsdóttir  
Aðalsteinn Jónsson  
Lilja Kr. Bragadóttir  
Anna Þóra Bragadóttir  
Guðrún Jóna Bragadóttir  
Jóhanna Bragadóttir

Bragi Árnason  
Valdemar Gísl Valdemarsson  
Haraldur Kr. Ólason  
Sigurjón Hendriksson



Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför okkar ástkæra föður, tendaföður og afa, Péturs Þorbjörnssonar skipstjóra, Skúlagötu 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til lækna, hjúkrunarfólks á deild 11 E Landspítalanum við Hringbraut fyrir einstaka alúð og umhyggju.

Ágústa Pétursdóttir  
Eyjólfur Pétursson  
Líney Björg Pétursdóttir  
Pétur Örn Pétursson  
og barnabörn.

Sigurður Helgason  
Ingvaldur Gísladóttir  
Kristinn Sigmarsson  
Ólöf K. Guðbjartsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, Sigurbjörg Jónína Jónsdóttir

Lést þriðjudaginn 21. júní sl. á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju miðvikudaginn 28. júní nk. kl. 14.00.

Guðmundur R. Jóhannsson  
Marínó Jóhannsson  
Hrafnhildur Jóhannsdóttir  
Gunnar Jóhannsson  
Rakel Jóhannsdóttir  
og barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún R. Valtýsdóttir  
Guðrún Hupfeldt  
Jón Pálmi Þórðarson  
Jónbjörn Bogason

### LANDSMÓT FORNBÍLAKLÚBBS ÍSLANDS: Á SELFOSSI UM HELGINA

## Fallegir bílar laða fólkið að

Uppákomur á vegum Fornbíllaklúbs Íslands fara ekki framhá mörgum enda veður það ávallt athygli þegar hersing fallega, gamalla bíla ekur um götur borgarinnar. Um helgina gefst Selfyssingum og gestum þeirra tækifæri til að sýningu og fleira í dag og á morgun. Þar er að berja herlegheitin augum þegar Fornbíllaklúbburinn heldur landsmót sitt í bænum.

„Þetta verður mjög gaman, dagskrá alla helgina og alveg ókeypiss,“ segir Einar Gíslason, formaður ferðanefndar Fornbíllaklúbsins. Fornbíllaeigendur söfnuðust saman á Selfossi í gær og bjóða upp á sýningu og fleira í dag og á morgun. „Við erum í samfloti við Sumar á Selfossi svo nóg verður um að vera. Það er bara spurning hvort fólk má vera að því að sjá allt sem er í boði á Selfossi.“

Stærsti viðburður dagsins í dag er án efa sýning á forn bílunum sem Einar bjóst við að yrðu allt að tvö hundruð

talsins. „Bílasýningin stendur yfir milli klukkan eitt og fjögur á tjaldstöðinu Guesthouse við Austurveg.“ Á sunnudaginn verða svo bílaleikir og fer þar hæst jafnvægisþraut á bílum. Aðspurður um hvernig keppt er í jafnvægi á bílum segir Einar að þrautin sé bæði skemmtileg og krefjast mikillar færni. „Búið er að koma fyrir brú ofan á búkkum svo úr verður nokkurs konar veltipétur. Menn keyra svo upp á veltipéturinn og þurfa að ná jafnvægi án þess að renna niður hinu mmegin. Keppt er að því að ná jafnvæginu á sem stytstum tíma.“ Pétur ítrekar að einungis megi reyna einu sinni við veltipéturinn sem krefst enn meiri einbeitingar. „Sumir hafa sýnt mikla leikni í þessu,“ bætir hann við með eftirvæntingu.

„Þetta er í þriðja sinn sem við höldum landsmótið okkar á Selfossi svo það er að verða nokkurs konar hefð að

halda mótið þar,“ segir Einar. Starf Fornbíllaklúbsins er annars mest í Reykjavík þó slæðingur bíleigenda komi utan af landi á landsmótið. „Við erum með heilmikið að gerast í borginni, hittumst einu sinni í viku á veturna og líka mikið á sumrin. Nokkur atriði eru orðin föst, eins og sýningin okkar í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinum, Þjóðhátíðarakstur og einn dagur í Árbæjarsafninu.“ Að mati Einarar er einn af skemmtilegri dögum sumarsins alltaf fatadagurinn. „Þá klæðast áhafnir bílanna fötum frá því tímabili sem bíllinn er frá.“

Einar segir að uppákomur Fornbíllaklúbsins alltaf vel sóttar og hafi það meðal annars sést vel á nýafstöðnum Þjóðhátíðardegi þar sem múgur og margmenni safnaðist saman til að skoða bílana. „Þessir fallegu bílar draga alltaf jafn mikið að,“ segir Einar Gíslason.



HATTURINN FER Á FLUG Þessi virðulega dama þurfti að grípa í hattinn sinn svo hann færi ekki á flug á öðrum degi hinna árleгу Royal Ascot-veðreiða í Englandi.

FRÉTTAFLAÐIÐ/AP

## Merkileg tré á Akureyri

Í tilefni 75 ára afmælis Skógræktarfélags Eyfirðinga hefur verið gefinn út bæklingur um nokkur af merkiþingri trjáum í bæjarlandi Akureyrar. Skógræktarfélagið gefur bæklinginn út í samvinnu við Akureyrarbæ en þar eru birtar myndir af trjámum, fjallað um uppruna þeirra og birt hærarmæling frá síðasta hausti, auk þess sem trén eru vel merkt inn á kort af bænum. Ætlunin er að auðvelda áhugasömum trjárækt að finna merk tré í bænum.

Um aldamótin 1900 hófst trjárækt á Íslandi og hefur Akureyri verið framarlega í

ræktuninni æ síðan. Því er ekki að ástæðulausu sem Akureyri hefur stundum verið kölluð „bærinn í skóginum“.

Bæklingurinn kostar ekki neitt og er meðal annars hægt að nálgast hann í Ráðhúsi Akureyrar, Upplýsingamiðstöð ferðamanna í bænum, hjá starfsfólki í Lystigarðinum og á bensínstöðvum. Einnig má finna bæklinginn á tölvutæku formi á heimasíðu Akureyrarbæjar.

„BÆRINN Í SKÓGINUM“ Akureyringar státa af mörgum fögum trjám sem nú hafa verið kortlögð.







**XXL**

**pítsa**  
760-800g

XXL FRESCHETTA

**399** KR.

760/800g

**FRESCHETTA**

800g

PIZZA SPECIALE  
Sauce Filled

**18 flaskna  
HM tilboð!**

Coca-Cola TILBOÐ

**1399** KR.

18 flöskur

500 ml  
x18

# Sumar og sól!

Chips  
Paprika

EUROSHOPPER-SNAKK

**98** KR.

200 GRÖMM

DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR

**1398** KR.

FROSNAR 900g poki

**Danskar kjúklingabringur**

*Frábært úr frystinum!*



Bónusfetinn

BÓNUSFETI

**198** KR.

250g

**BÓNUS FETA**

FRAMLEITT ÁN STYRKJA

FROSNAR SVÍNALUNDIR

**1599** KR.

kílóverð

**Írskar svínalundir**

**Forelduð ALL grillrif**

Mjólkaeyður rjómi 10%

**119** KR.

180g

*Nýtt í Bónus!*

**SÝRÐUR RJÓMI**

FRAMLEITT ÁN STYRKJA

8 sprengipinnar  
8 superpinnar  
8 grænir pinnar  
8 gulir pinnar

8 PINNAR

**197** KR.

KASSINN

FORELDUÐ SVÍNARIF

**839** KR.

MERKT VERÐ 1198

**30% afsláttur**

UPPPVOTTAVÉLAR

**1098** KR.

110 TÖFLUR

**10 KR. taflan!**

**finish**

PowerBall

Classic

+25% EXTRA

Íslandsnaut

4 hamborgarar  
4 hamborgarabrauð

4 hamborgarar + brauð

**489** KR.

MERKT VERÐ 699

**30% afsláttur**

[www.bonus.is](http://www.bonus.is)

LA Z BOY®

# VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI\*

Nú býðst þér einstakt  
tækifæri til að eignast  
LA-Z-BOY hægindastól

Vaxtalaust tilboð  
í 12 mánuði heldur áfram.

\* + lántökugjald - stimpilgjald



VAXTALAUST  
Í 12 MÁNUÐI

3.900  
á mánuði\*



**BENNET** LA-Z-BOY stóll.  
Ruggustóll, hægt er að  
halla baki, þrjár stillingar á  
skemli. Litir: Natur, rauður,  
blár, og mosagrænn.  
B 90 x D 95 x H 48/95 cm  
kr. **46.800**

LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst aðeins í Húsgagnahöllinni. LA-Z-BOY hefur verið á markaðinum í 76 ár og er brautryðjandi í hönnun á amerískum hvíldarstólum. LA-Z-BOY stóllinn hefur skapað sér sérstöðu í gegnum tíðina og eru nú til margar mismunandi gerðir sem stöðugt er verið að þróa og gera enn betri.

Stólarnir eiga það allir sameiginlegt að vera með skemmlu og hallanlegu baki, mismunurinn fellst í stærð, útliti, bólstrun, stillingum á skemmlu, mismunandi stuðningi við svæði líkamans, mjólbakið, höfuði os.fr.v.

Komdu í Húsgagnahöllinni og finndu þann stól sem hentar þér.



# ÚTSÖL

enn meiri afsláttur

# 30-80%

Prúttvörumarkaður á B-svæði

Útsölnni líkur um helgina. 10% afsláttur af öllum vörum sem eru ekki á útsölu.



80%  
afsláttur

12.980 VERÐ ÁÐUR 64.980

EVITA rúm, gegnheil sápuborin eik, B140 x L200 cm kr. 12.980

ÚRVAL  
SMÁVÖRU  
Á ÚTSÖLU



**OPIÐ ALLA DAGA**

Mánudaga - Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

Birt með fyrirvara um prentvillur

# ÖLULOK

áttur af völdum vörum

0%  
afsláttur



50%  
afsláttur

**34.980** VERÐ ÁÐUR **69.980**  
RUGBY 3 sæta sófi B230 x D98 x H80 cm.  
Litur: Ljósbrúnn kr. **34.980**

**29.980** VERÐ ÁÐUR **59.980**  
RUGBY 2 sæta sófi, B166 x D98 x H80 cm.  
Litur: Ljósbrúnn, dökkbrúnn kr. **29.980**



**14.770** VERÐ ÁÐUR **49.980**

IDA borðstofuborð, B195 x 180 cm. Getur verið lífilsháttar útlitgallað kr. **14.770**

70%  
afsláttur



**54.770** VERÐ ÁÐUR **89.980**

BERLIN 2 sæta sófi B210 x D95 x H60/80 cm.  
Fæst hvítur og mokka kr. **57.770**

40%  
afsláttur

**59.770** VERÐ ÁÐUR **99.980**

BERLIN 3 sæta sófi B240 x D95 x H60/80 cm.  
Fæst hvítur og mokka kr. **59.770**





# HM Tilboð

## Allt sem þú þarft fyrir HM 2006

Fæst í Kringlu, Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



### United 42" plasma sjónvarp

- 42" plasma skjár
- Upplausn 852x480 punktar
- Progressive Scan
- Skerpa: 3000:1
- Birta 1000 cd/m<sup>2</sup>
- Mynd í mynd
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Góðir tengimöguleikar
- Einföld fjarstýring

Verð  
**149.990** kr

**36**ltr. coke og **20** poka af Maarud snakki fylgja einnig í kaupauka



HM áskrift af Sýn fylgir

**SÝN**  
*besta sætið*

HM áskrift af Sýn fylgir hverju keyptu 42" United plasma sjónvarpi

Innifalið í áskriftinni er: Sýn & Sýn extra - Arsenal TV - Chelsea TV - ESPN classic - Eurosport - Eurosport 2 - Extreme Sport - Liverpool TV - Motors TV - MUTV - Sky News - NBA TV

Gildir til 26. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

ETA-samtökin eru veikari og óvinsælli en nokkru sinni fyrr og eiga nú engra annarra kosta völ en að leggja niður vopn og ganga að samningaborðinu.

**N**ærrí hálftrar aldar blóðugri sögu ETA-samtakanna virðist vera að ljúka. Eftir að aukið samstarf komst á milli franskra og spænskra yfirvalda í baráttunni gegn samtökunum og aukinn kraftur var settur í hana, hefur hver lögregluáðgerðin á fætur annarri dregið máttinn úr þeim. Einnig hafa önnur utanaðkomandi atvik reynst þeim óþægur ljár í þúfu og ber þar hæst hryðjuverk unnin af herskáum múslimum í lestum í Madrid þann 11. mars 2004, en eftir þau var þolinmæði spænsku þjóðarinnar gagnvart hryðjuverkum uppurin með öllu. Síffellt færri laðast nú að aðferðafræði samtakanna og má ætla að nýsamþykktur sáttmáli Katalóníubúa um aukna sjálfstjórn ýti enn undir þá þróun, enda var hann saminn og samþykktur í friðsamlegum viðræðum stjórnmalamanna en ekki með ofbeldi sprengjuvarga.

**Breyttir tímar**

ETA er barn síns tíma og naut stuðnings fjölmargra Baska meðan Spáni var stýrt harðri hendri af falangistaleiðtogunum Fransisco Franco. Við andlát Fran-



**BASKALAND: HVATT TIL FRÍÐSAMLEGRA VIÐRÆÐNA UM SJÁLFSTÆÐI** Nokkrum dögum eftir tilkynningu ETA um vopnahlé var haldin mikil friðarganga í Baskalandi. Stjórnmalamenn voru hvattir til að finna friðsamlega leið til sjálfstæðis Basaklands. NORDICPHOTOS/AFP

# Andarslitur ETA-samtakanna



**MADRÍÐ: FRÍÐARVIÐRÆÐUM MÓTMÆLT** Allt að 200.000 manns mótmæltu fyrirhuguðum friðarviðræðum milli spænsku ríkisstjórnarinnar og ETA-samtakanna. Margir Madrídubúar líta á slíkar viðræður sem „sigur morðingjanna“. NORDICPHOTOS/AFP

cos árið 1975 og með meðfylgjandi umbreytingu Spánar í lýðræðisríki þótti mörgum nóg komið og algjörlega óréttlæt看legt að beita hryðjuverkum gegn lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum. Í seinni tíð var það helst í „skítuga stríðinu“ á niunda áratugnum sem samtökin nutu nokkurs stuðnings almennings, en þá herjaði GAL-hópurinn á ETA-samtökin og þjóðernissinnaða Baska. GAL var „andhryðjuverkahópur“ sem beitti svipuðum aðferðum og ETA og tengdist hægriáttuðum öflum á Spáni, jafnvel ríkisstjórn landsins.

Ímynd meðlima ETA-samtakanna hefur og breyst í árána rás. Nú til dags er það álit almennings að innan ETA starfi annars vegar agnarsmár illa menntaður og ofbeldisfenginn minnihluti ungra Baska, sem á meira sameiginlegt með fótboltabullum en hagsjónarmönnum, og hins vegar örfáir forhertir öfgamenn sem telja núverandi samband Baskalands og Spánar vera einfalt og klárt ofbeldisverk í sjálfu sér; að

ofbeldisverk gegn spænska ríkinu séu sjálfsvarnaáðgerðir. Þessir menn njóta lítilla vinsælda meðal almennra Baska, sem álíta þá svarta sauði sem koma órði á baskneska sjálfstæðisbaráttu. Virkir meðlimir ETA, utan veggja fangelsis, skipta örfáum tugum manna. Nú er því svo komið að samtökin virðast ekki eiga annarra kosta völ en að rétta spænskum yfirvöldum sáttarhönd og lýstu þau yfir „varanlegu vopnahlé“ þann 24. mars síðastliðinn.

**Ekki lengur minnst á sjálfstæði**

Orðalag yfirlýsingarinnar um vopnahléið er fremur almennt og ber keim af orðræðu höfsamra þjóðernissinna. Samkvæmt henni var vopnahléið komið á „til að stuðla að framgangi lýðræðis“ með „samræðum, samningagerð og samkomulagi“, krafist er að réttindi Baska sem þjóðar verði virt og henni verði leyft að skoða „alla pólitíska valkosti sína í framtíðinni“. Ýjað er að einhvers konar þjóðaratkvæðagreiðslu í framtíðinni, en mesta athygli vekur að ekki er minnst á eiginlegt sjálfstæði Baskalands beinum orðum og að í þetta sinn er vopnahléið sagt vera „varanlegt“.

Rúmunum tveimur mánuðum síðar tilkynnti forsætisráðherra Spánar, José Luis Rodríguez Zapatero, að hann hygðist hefja viðræður við ETA í sumar, að því gefnu að samtökin héldu vopnahléið og létu af fjárkúgunarstarfsemi sinni, en svonefndur „byltingarskattur“ er helsta tekjulind ETA. Tilkynning forsætisráðherra sýna að ríkisstjórn Spánar væri viss í sinni sök um vilja ETA til friðar og að vopnahléið yrði að einhverju leyti varanlegt, en samtökin hafa margsinnis áður lýst yfir vopnahléum, sem sum hver hafa einungis enst í nokkrar vikur.

**Vandi Zapateros**

Zapatero er stjórnmalamaður sem aðhyllist svokölluð umræðustjórnmal og hefur látið hafa eftir sér að hann sé sannfærður um að meirihluti Spánverja styðji viðleitni sína til að koma á varanlegum friði. Hvort það er rétt mat hjá honum er önnur saga. Nýleg skoðanakönnun leiddi í ljós að 54 prósent Spánverja trúu ekki á góðar fyrirætlanir ETA-samtakanna og þann 10. júní söfnuðust saman um 200.000 manns í miðbæ Madríd-borgar til að mótmæla því að svo mikið sem yrt væri á morðingja sem hefðu banað tæplega 900 manns í árána rás. Töluverður fjöldi Spánverja telur nefnilega ekkert ósagt við meðlimi ETA-samtakanna. Þá eigi einungis að klófesta með öllum ráðum og fangelsa sem lengst.

**Helstu atriði úr sögu ETA-samtakanna**

Stjórnmalaskýrendur búast við því að José Luis Zapatero hefji beinar friðarviðræður við ETA-samtökin innan skamms. Með því lýkur ef til vill nærrí fimm áratuga langri vopnaðri andspyrnu samtakanna á Spáni. ETA sem hefur orðið liðlega 850 manns að bana í baráttu sinni fyrir sjálfstæðu Baskalandi, lýsti yfir „varanlegu vopnahléi“ í marsmánuði.

<b>1939</b> Spænska borgarastriðinu lýkur – baskneskri aðskilnaðarstefnu markvisst haldið niðri af einræðisstjórn Frakkós.	<b>1995</b> Tiltræði við formann Lýðflokksins, José María Aznar. Hann lifir bílsprengjuna af og nýtir sér hana í kosningabaráttunni.
<b>1959</b> ETA: Euskadi Ta Askatasuna eða „Baskaland og frelsi“ stofnsett.	<b>1997</b> Miguel Angel Blanco, baskneskur sveitarstjórnarmaður sem aðhyllist Lýðflokkinn er myrtur. Sex milljónir Spánverja mótmæla opinberlega.
<b>1968</b> ETA myndir foringja leylinöglunna.	<b>1998</b> Fyrrum innanríkisráðherra fundinn sekur um gagnhryðjuverk sem beindust að stuðningsmönnum ETA á niunda áratugnum.
<b>1973</b> Tilvonandi arftaki Frakkós, forsætisráðherrann Carrero Blanco, ráðinn af dögum.	<b>1999</b> ETA segist engum árangri ná í friðarviðræðum og rýfur 14 mánaða vopnahlé.
<b>1975</b> Andlát Frakkós. Spáni umbreytt í lýðræðisríki. Sjálfstjórn Baskalands fest í stjórnarskrá.	<b>2000</b> Ofbeldið hefst að nýju – 46 myrtir á næstu þremur árum.
<b>2003</b> Hæstiréttur Spánar bannar starfsemi Herri Batasuna, stjórnmalaafls ETA.	<b>2004</b> José María Aznar kennir ETA um hryðjuverkin 11. mars í Madrid, en þau reyndust framín af herskáum múslimum.
<b>22. Mars 2006</b> ETA lýsir yfir vopnahléi.	<b>17. maí</b> Spænska þingið samþykkir tillögu Zapateros um friðarviðræður.

Það kom því Zapatero vel þegar lögregla Frakklands og Spánar handtók tólf ETA-meðlimi fyrr í síðustu viku, grunaða um fjárkúgun, það er innheimtu „byltingarskatts“. Í tólf manna hópnum var meðal annarra Julen Madariaga, 73 ára stofnmeðlimur samtakanna og eins konar óopinbert andlit „gömlu góðu“ ETA-samtakanna út á við. Með handtökunni þykir sýnt að ETA verði ekki sýnd nein linkind, haldi samtökin áfram ólöglegri starfsemi sinni, en Zapatero hafði áður útilokað friðarviðræður, ef ETA héldi áfram að brjóta lögín.

**Varað við upprætingu**  
Í ljósi þessa áfalls sendi ETA frá sér yfirlýsingu síðastliðinn miðvikudag til að ítreka vopnahléið síðan í mars. Í þeirri yfirlýsingu kveður við nokkuð annan tón en í þeirri fyrri og má segja að hún sé að nokkru leyti örvæntingarfullri, en í henni er lítt dulin hótun um að ef haldið verði áfram að „kúga“ Baska, það er að segja handtaka ETA-meðlimi, gæti alda ofbeldis skolið á Spán. ETA varar við því að reynt sé að uppræta samtökin og segir það ómögulegt því samtökin séu „skipulegt tjáningarform þúsunda kvenna og karla“; verði kúguninni haldið áfram muni ný kynslóð bardagamanna ganga til liðs við samtökin og grípa til vopna.

Viðbrögð Zapateros við nýju tilkynningunni þykja hófstíllt. Hann biður fólk um að taka henni með rósemi og stillingu og minnir á að vegurinn til friðar sé langur og að enn hafi ferðin, það er að segja eiginlegar viðræður, ekki hafist. Hvort sem ETA-samtökin eru við garfarkann eða hitt, sem ósennilegra er, að þau séu studd „þúsundum kvenna og karla“, er víst að aldrei áður hafa friðarhorfur verið jafn góðar í Baskalandi. klemens@frettbladid.is

**nettó í sumarskapi**  
*full búð af tilboðum*

**allir út á pallinn!**

**DEKA** Pallaolía **999 kr**

**loksins er komin sól!**

**nettó**

allt í matinn á einum stað



## KYNNAST UPPRUNA SÍNUM

Afkomendur Vestur-Íslendinga og seinni tíma innflytjenda til Bandaríkjanna og Kanada eru staddir á Íslandi til að kynna landi og þjóð.

FERÐIR 5

## FULLVAXINN OG FJÖLHÆFUR JEPPI

Mercedes Benz GL er sterkbyggður og fullkominn jeppi sem er auðveldur og skemmtilegur í akstri.

BÍLAR 2



# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

### ALLT HITT

[BÍLAR FERÐIR HEIMILI]

Árbók Ferðafélags Íslands er komin út. Að þessu sinni fjallar Jón Gauti Jónsson landfræðingur um Mývatnssveit en það er hinn kunnni fuglaljósmyndari Jóhann Óli Hilmarsson sem sér um myndskreytingar.

Torfærukeppni fer fram í Ístakgrýfunum í Mosfellssveit í dag kl. 12.00. Þetta er tilvalið tækifæri til að sjá tryllitæki spæna sig upp hóla og hæðir í öruggu umhverfi.



Gömul þjóðtrú segir að styrkur grasa sé mestur um þetta leyti. Núna er því réttur tími að tina grös og jurtir í krydd og te.

### GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn  
24. júní, 175. dagur ársins  
2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 2.56	13.30	24.04
Akureyri 1.29	13.15	24.58

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á visir.is



Stefán og heimasmiðaði torfærubíllinn Minkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Lipur sem minkur

Stefán Ingólfsson tók sig til fyrir 30 árum og smíðaði sér bíl. Nýlega gerði hann bílinn upp og keyrir nú um götur borgarinnar á torfærubíl sem á sér engan líka.

„Ég notaði undirvagn undan gömlum Volkswagen, kunningi minn teiknaði upp bílinn og svo smíðaði ég ofan á hann og inn í hann. Bíllinn er skráður sem Volkswagen en við félagarnir köllum hann bara Mink því hann er minnkaður, þar sem byggingin ofan á undirvagninum er minni en á venjulegum Volkswagen, og svo er hann lipur og léttur eins og minkur í móa,“ segir Stefán sem er ekki smíður en hefur alltaf haft mikinn áhuga á bílum.

Bíllinn er hálfgerður torfærubíl þar sem dekkinn eru mjög stór í hlutfalli við annað og það er góður kraftur í honum miðað við stærð og þyngd. Stefán á annan bíl sem hann notar til daglegra nota en hann notar

Minkinn meira sem sparibíl. „Þetta er bara tveggja manna bíll enda var notagildi bílsins ekki markmiðið með smíðinni. Þegar ég smíðaði hann fyrst fyrir 30 árum var það frekar uppreisnandi sem ýtti mér út í þetta. Bíllinn er öðruvísi en aðrir bílar og það var markmiðið í sjálfu sér.

Þessi bíll var draumabíllinn minn á sínum tíma en ég væri alveg til í að smíða annan bíl í dag sem væri búinn allri þeirri tækni sem er nú í boði. Ég hef margar hugmyndir í kollinum en bíllinn yrði fyrst og fremst að vera léttur, kraftmikill og á stórum hjólum.“

Þegar Stefán er spurður hvort bílar endurspegli innri mann eigandans skellir hann upp úr og játar að hann hafi alltaf haft gaman að því að vera svolítið öðruvísi en normið. „Ég get ekki neitað því að ég fæ töluverða athygli þegar ég keyri um á bílnum en ég hef nú bara gaman af því“, segir Stefán að lokum og keyrir af stað í hinum fljóta og skjóta Mink. [erlabjorg@frettabladid.is](mailto:erlabjorg@frettabladid.is)



## ÚT ÚR BÆNUM

TAKTU NÆSTA SKREF

LÁNSTÍMI  
ALLT AÐ  
15 ÁR

60%  
LÁNS  
HLUTFALL

5,35%  
VEXTIR

### SUMARHÚSALÁN

Talaðu við okkur ef þú ætlar að byggja, kaupa eða breyta sumarhúsi og þú færð hagstætt lán fyrir allt að 60% af verðmæti eða 75% af byggingarkostnaði sumarhúss. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu okkur póst á [frjalsi@frjalsi.is](mailto:frjalsi@frjalsi.is). Við viljum að þér líði líka vel um helgar!

DÆMI UM MÁNADARLEGA GREIÐSLUBYRÐI AF 1.000.000 kr.\*

Lánstími	5 ár	10 ár	15 ár
5,35% vextir	19.030 kr.	10.780 kr.	8.090 kr.

\*Lán með jafngreiðsluáðferð án verðbóta

FRJÁLSI  
FJÁRFESTINGARBANKINN

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN



# Fullvaxinn og fjölhæfur jeppi

**Sterkbyggður og fullkominn jeppi sem er auðveldur og skemmtilegur í akstri.**

Mercedes Benz GL er fyrsti nýi fullvaxni jeppinn sem verksmiðjurnar framleiða síðan framleiðslan á G-týpunni, sem stendur enn, hófst fyrir 27 árum. Þó að aðeins einn bókstafur skilji bílana að skilja himinn og haf þar á milli. G-týpan hefur gróft og óheflað yfirbragð en er þó undir niðri fullkominn og mun betur búin þægindum en fyrst mætti ætla. Með GL hefur Daimler-Chrysler stigið skrefið til fulls og býður nú upp á lúxusjeppa í lúxusumgjörð.

Þó að bíllinn virki við fyrstu sýn nettur og penn er hann fullvaxinn sjö manna jeppi. Séu tvær aftari sætaraðirnar lagðar fram verður til tveggja metra flatt gólf. Það fer vel um sex eða sjö fullorðna einstaklinga í bílnum en þá er ekki mikið skottpláss eftir og þeir sem sitja aftast þurfa aðeins að hafa fyrir því að komast þangað, eins og títt er með sjö manna jeppa.

GL er bókstaflega hlaðinn búnaði. Leður er á sætum og mælaborði, og auk tvívirkar glerþopp-lúgu að framan er glerþak yfir öftustu sætaraðinni og hægt er að velja sjálfvirkar miðstöðvarstillingar fyrir þrjú svæði í bílnum.



Mælaborðið er leður- og viðarlífkislaett, hlaðið rofum, skjám og ljósum. Fyrir neðan affreyngar- og leiðsögubúnaðinn í miðjastokknum eru stjórnþæki fyrir miðstöð, fjöðrun og drífúnað.



Útsýni aftursætisfarþega fram úr bílnum er með minna móti og því kemur glerþakið aftur í í veg fyrir innilokunartilfinningu.



**REYNSLUAKSTUR**

Loksins jeppi sem lítur út eins og Benz, er hlaðinn þægindum og búnaði eins og Benz og ræður jafn vel við hraðbrautir og Djúpatvatnsleið.

Framsætin eru rafstillanleg, og hægt er að geyma þrjár stöður í minni. Í sætisbökum eru lofpúðar sem veita stuðning, stillanlegir á fleiri vegu en ég komst yfir að læra, og í setunum er ekki bara hiti fyrir vetrarmorgna heldur einnig kaldur blástur fyrir sumardaga.



Afturhlerinn opnast og lokast að fullu með hjálp rofa. Hægt er að leggja öll aftursæti niður og fá þannig flatt gólf.



Miðstöðin fyrir aftursætin er líka með sjálfvirknimöguleikum og myndi sóma sér vel ein og sér í hvaða bíl sem er.

Það yrði alltof langt mál að telja upp allan búnaðinn í bílnum, en þó er ekki hægt að sleppa því að tala aðeins um fjöðrunina. Hún er hæðarstillanleg á fjóra vegu með loftpúðum og er stjórnað með skífu í mælaborðinu. Í hæstu stöðu er bíllinn til í torfærur en í þeirri lægstu steinliggur hann á hraðbrautum. Auk þess er hægt að velja um sport- eða þægindastillingu í hvaða hæð sem er.

Það er ekki síst þessi fullkomna og fjölbreytta fjöðrun sem gerir bíllinn bráðskemmtilegan í akstri. Prófaðir voru bílar með tvær V-8 vélar, annars vegar 306 hestafla 4,2 lítra dísil og hins vegar 340 hestafla 4,5 lítra bensín. Þó að sú síðarnefndari sé örlítið sneggr í hundrað, 7,2 sekúndur, fannst mér 700 Nm tog hinnar fyrrnefndu gera hana skemmtilegri í akstri. Bíllinn var prófaður á malbiki og malarlóðum af öllum gerðum og kom mikið á óvart hvað varðar rásfestu, þægindi og getu til að taka því sem íslenska vegaslóðakerfið hefur upp á að bjóða. Það sem ég hélt fyrst að væri stórvaxinn jepplingur reyndist mjög sterkbyggður alvöru jeppi sem auðvelt og skemmtilegt er að keyra, jafnvel á verstu vegum.

Til að auka enn á jeppaeiginleikana er bíllinn búinn góðri skriðvörn, utanvega-ABS hemlum, lágu drifi sem virkjað er með rofa og sjálfvirkum brekkuhemli sem heldur við bíllinn niður brattar brekkur. Sjó gíra sjálfskiptingunni er svo hægt að handstýra



Framendinn minnir um margt á ML-jepplinginn en er þó öllu vígalegri.

með hnöppum á bakhlíð stýris-hjólsins. Eftir þessa upptalningu kemur líklega fáum á óvart að fjöldi rofa í bílnum er meiri en maður á að venjast sem þýðir að fyrst um sinn tekur langan tíma að finna þá sem maður leitar að.

Mercedes Benz GL kemur á Evrópumarkaði í haust. Hann verður að öllum líkindum vinsæll á Íslandi þar sem fjölbreytileiki hans gerir honum kleift að henta vel við nánast hvaða aðstæður sem er. Verðmiðinn verður líklega nálægt tíu til tólf milljónum og bíllinn því vel samkeppnishæfur.

einarelli@frettabladid.is

www.velaborg.is Sími: 414 8800

**Bobcat**

**Bobcat 316**  
Beltavél, 820kg  
Til á lager

**Bobcat 319**  
Beltavél, 1400kg  
Væntanlegar

**Bobcat 323**  
Beltavél, 1753kg  
Til á lager

**Bobcat 331**  
Beltavél, 3378kg  
Til á lager

**Bobcat 337**  
Beltavél, 5147kg  
Til á lager

**S 175 Loader**  
2633kg  
Til á lager

**2200 D Bill**  
Væntanlegur

**Vélaborg** ehf.

Reykjavík: Krókahlísi 5F • 110 Reykjavík  
Sími: 414 8800 • Fax: 414 8801  
Akureyri: Narðarmess 2 • 603 Akureyri  
Sími: 484 8800 • Fax: 484 8801

**KT jeppa & útivistarverslun**  
S:466-2111  
**Pallhús loftdælar skriðgírar lægra lágadrif**

**TOYOTIRES**  
Bestu dekkni í USA 8 ár í röð

**www.kliptrom.is**

**BIFREIÐASTILLINGIN**

**Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?**  
Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni. Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.  
**Bífreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400**

**SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR**

**Jeep** **CHRYSLER** **DODGE**

**BÍLJÖFUR**  
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

**Sláttuvélarnar eru komnar í hús**  
**Flottar vélar - frábær verð**

**SENTINEL** **HVELLUR**

Allir þekja hira landsfræga vara-húta- og viðgerðisþjónustu okkar.

**HVELLUR.com**  
... í einum grænum

G. Tómasson ehf. • Söðavogi 6 • sími: 577 8400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com





## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

### Bestun ferðalaga

Ég held að það sé komið sumar. Að minnsta kosti var rigningin í byrjun vikunnar ögn hlýrri en fyrr í mánuðinum. Og það þýðir bara eitt; allir út á land.

Fyrir utan allt sem þarf að huga að fyrir ferðalanga og fararskjóta ætti það að vera fastur liður í undirbúningnum að kynna sér þau svæði sem ferðast á um. Í bókum, bæklingum og á Netinu má finna upplýsingar um áhuga-verða staði, söfn, faldar náttúru-perlur og jafnvel gróður- og dýrafar, fyrir þá sem hafa áhuga á svoleiðis. Og með því að leggja örlítið meira á sig má gæða ferðina leyndardómsfullri dulúð og ævintýraljóma.

Fyrir fjarska mörgum árum fór ég ásamt öðrum skátaforingjum í ferð á hálendinu fyrir ofan Þjórsárdal. Með í för voru nokkrir óharðnaðir unglingar sem áttu það sameiginlegt að búa yfir meiri orku en athygli. Við lögðum því á okkur aðeins meiri undirbúningsvinnu en venjulega og höldum til fjalla seint að hausti.

Fyrri nóttina var gisti í fjallaskála einum miklum sem kenndur er við Hólaskóg. Þegar myrkva tók safnaðist hópurinn saman við kertaljós og hlustaði á söguna af Heklugosinu 1104 sem lagði fjölda bæja í eyði. Þar á meðal Stöng, hvar búið hafði mikill kappi þar til hann galt kynni sín við konu nágrannans með eigin höfði.

Vinkona mín úr Þjórsárdalnum sagði þeim næst þjóðsögur af

útilegumönnum og afturgöngum sem höfðu átt að gerast í næsta nágrenni og augu unglínganna stækkuðu jafnt og þétt. Næsta dag gengum við svo með allt okkar hafurtask að Háafossi, næst hæsta fossi landsins. Eftir viðeigandi andköf höldum við svo niður með Fossánni og að Stöng, þar sem sagan frá kvöldinu var rifjuð upp og rústirnar skoðaðar af unglíngunum sem litu orðið á sig sem útlærða þjóðháttar- og fornleifafræðinga.

Eftir kvöldmat var haldin hátíðleg víkingaathöfn við varðeld á bökkum árinna í Gjánni. Áður en við gengum til náða í tjöldum okkar horfðum við á stjörnuþýrðina sem prýddi frostkalda haustnóttina og lærðum að nefna nokkur stjörnumerki.

Leiðangrinum lauk svo daginn eftir með því að við gengum að Þjóðveldisbænum. Þar gátum við sannreynt eða hrakið kenningar fræðinganna um herbergisskipan á Stöng og fræðst um lífið á Íslandi eftir landnám.

Ég veit ekki hvort unglíngarnir kunna ennþá mikið af þeim sögum sem þeir heyrðu í ferðinni. Sjálfur man ég aðeins örfáar og enn færri stjörnumerki. En minningin um ferðina, stemninguna, landslagið og áhugasama unglíngana mun fylgja mér áfram um ókomin ár. Bestu ferðalögin snúast nefnilega ekki bara um að komast frá A til B. Þau snúast um upplifun okkar af landinu, sögunni og ferðafélögunum.



Audi R10, nýjasti og jafnframt einn óvæntasti sigurvegari Le Mans-kappakstursins.

## Dísilsigur í Le Mans

Audi skráði nafn sitt í sögu-bækurnar um síðustu helgi.

Í fyrsta sinn í sögu Le Mans-kappakstursins hefur dísilbíl farið með sigur af hólmi. Audi R10-bifreiðin sem sigraði kappakstur síðustu helgar er knúin V10 5,5 lítra TDI dísilvél sem telur rúm 650 hestöfl og togar 1.100 Nm.

Ókuþórarnir Frank Biela, Emanuele Pirro og Marco Werner

óku til sigurs fyrir Audi í Le Mans. Audi lét sér þó ekki nægja að sigra í keppninni, heldur náði einnig þriðja sætinu með öku-mönnum Dindo Capello, Tom Kristensen og Allan McNish.

Le Mans-kappaksturinn er ekki aðeins einn sá frægasti, heldur einnig sá erfiðasti sem keppt er í. Hann stendur yfir í 24 klukkustundir samfleytt og skiptast þrjú ökuþórar á um að aka hverri bifreið.

### 400 blaðamenn til Íslands á næstunni

ALPJÓÐLEGUR REYNSLUAKSTUR  
MERCEDES BENZ GL HALDINN HÉR Á  
LANDI

Á næstu dögum munu tæplega 400 blaðamenn koma hingað til lands til að reynslukeyra nýjum jeppa frá Mercedes Benz, GL-týpunni. Það er Daimler-Chrysler sem stendur fyrir kynningunni í góðri samvinnu við Öskju, umboðsaðila Mercedes Benz á Íslandi, og fyrirtækið Pegasus.

Ísland hentar afskaplega vel til reynsluaksturs fjórhjóladrifsbíla, sökum fjölbreyttra vegaslóða og fallegs landslags. Aðbúnaður og umgjörð kynningarinnar er öll hin flottasta og heyrst hefur að áætlaður kostnaður sé um 200-300 milljónir króna. Nánar verður sagt frá viðburðinum síðar.



Frá reynsluakstri í Borgarfirði.

## Torfæra í dag

Önnur keppni sumarsins í Mosfellssveit.

Klukkan tólf í dag hefst GT Óskarsson-torfæran í Ístaksgryfjunum í Mosfellssveit. Keppnin er haldin af Formula Offroad Club, áður Jeppaklúbbur Íslands, og Ferðaklúbbnum 4x4.

Síðasta keppni fór fram fyrir norðan en eftir hana er Sigurður Þór Jónsson í fyrsta sæti á Tröllinu, Ragnar Róbertsson á Pizza 97 Willys í öðru sæti og Gunnar Gunnarsson í þriðja sæti á Trúðnum.



Átökin eru ekki spöruð í torfærunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/JAK

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

**TUCSON**

2.0L bsk. 142. hö  
Kr. 28.233 á mánuði

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



Með bílinn handa þér



Allir sem reynsluaka Hyundai geta unnið glæsilega vinninga í Stóra HM leiknum. Nánari upplýsingar á [www.storihmleikurinn.is](http://www.storihmleikurinn.is)

**HYUNDAI** hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 [www.bl.is](http://www.bl.is)

Umoðsmenn um land allt

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.  
\* Blásmíningur til 84 mánaða með 30% úborgun. Mánaðanflegur gjöldur eru háðar vaxta- og gengisþróun.



Hollenska reaggae hljómsveitin  
**FIVE-4-VIBES**



**DANŞLEIKIR**

á Sólstöðuhátíð  
Víkunga  
um helgina

... auk þess  
Rammíslensk hljómsveit  
**HILMARŞ  
SVERRIŞŞONAR**



Sími 565-1213 - www.fjorukrain.is



Bryan Hermannsson frá Bandaríkjunum, Ásta Sól Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri Snorraverkefnisins, og Melissa Anderson frá Kanada.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**Kynnast uppruna sínum**

Afkomendur Vestur-Íslendinga og seinni tíma innflytjenda til Bandaríkjanna og Kanada eru staddir á landinu til þess að kynnast landi og þjóð. Hópurinn, sem samanstendur af ungu fólki á aldrinum 18-26 ára, er hér á vegum Snorraverkefnisins og mun læra um tungumálið, menningu og sögu Íslands auk þess að fá að kynnast íslenskum ættingjum sínum og þeirra daglega lífi.

Snorraverkefnið er samstarfsverkefni Norræna félagsins og Þjóðræknifélags Íslendinga. Verkefnið stuðlar að því að styrkja tengslin á milli Íslands og afkomenda Íslendinga frá Bandaríkjunum og Kanada. Eftir þetta sumar hafa 119 tekið þátt í verkefninu og komið til Íslands til að mynda tengsl við land og þjóð.

Í hópnum, sem nú er nýkominn til landsins, eru fimmtán manns og þéttskipuð dagskrá bíður þeirra næstu sjö vikurnar. Ásta Sól Kristjánsdóttir er verkefnisstjóri Snorraverkefnisins á Íslandi og segir krakkana vera miklu meira en venjulega túrista.

„Næstu þrjár vikur verða þau á tungumála- og menningarnám-skeiði í Reykjavík. Eftir það dvelja þau hjá ættingjum sínum í þrjár vikur og fara í starfsþjálfun, í flestum tilfellum úti á landi, og svo fara þau í vikuferðalag um landið. Á þennan hátt teljum við að þau fái góða innsýn í íslenskt samfélag og kynnist daglegu lífi Íslendinga“, segir Ásta Sól en hún er sérstaklega ánægð með að í sumar munu í fyrsta skipti allir í hópnum dvelja hjá ættingjum sínum en þeir eru fundnir með aðstoð starfsfólks Íslendingabókar.

„Í langflestum tilfellum hefur fólk mikinn áhuga á að taka á móti þessum skyldmönnum sínum. Við leggjum mikla áherslu á að fólk taki virkan þátt í verkefninu og taki vel á móti fólkinu sínu og það hefur gengið eftir. Það hefur líka gengið sérstaklega vel fyrir þetta sumar að finna vinnu við hæfi handa krökkunum. Við fundum mörg störf sem eiga vel við bakgrunn þeirra án þess að tungumálið hefjist fyrir þeim,“ segir Ásta Sól en dæmi um störf eru götuleikhúsið þar sem leiklistarmenntuð stúlka mun vinna og verkfræðistofa þar sem verkfræðinemi fær að spreyta sig.

Þau Bryan Hermannsson frá

Kaliforníu í Bandaríkjunum og Melissa Anderson frá Victoria í Kanada eru meðal þátttakenda í ár. Bryan á íslenskan afa hér á landi, Steingrím Hermannsson, og stóran hóp af frændum og frænkum sem hann hefur mörg hitt áður. Melissa átti íslenskan afa sem fluttist ungur til Kanada en hún kynntist honum aldrei vel.

Bryan er þakklátur fyrir að fá tækifæri til að kynnast skyldmönnum sínum og bindast fjölskylduböndum auk þess að læra um landið sem hann veit, að sínu mati, allt of lítið um þó hann hafi komið nokkrum sinnum í heim-sókn. „Ég veit bara að Ísland er dularfullur staður og mig langar að kanna það nánar. Vinir mínir taka það oft fram þegar við hittum nýtt fólk að ég sé frá Íslandi og fólk finnst það yfirleitt mjög spennandi. Því miður veit ég ekki nógu mikið um landið af eigin raun til þess að lýsa því fyrir öðrum. Það er náttúrulega margt ólíkt með Íslandi og Bandaríkjunum. Líf mitt hefði verið töluvert öðruvísi ef ég hefði alist hér upp - bara vindurinn og loftslagið breytir miklu. Verkefnið gerir mér kleift að kynnast Íslendingum og fá að vita eins mikið og hægt er á þessum stutta tíma um landið, menninguna og þjóðarsálina,“ segir Bryan.

Melissa hefur aldrei hitt íslenska ættingja sína en hún mun búa hjá fjarskyldum frænda sínum sem býr á Hólum í Hjaltadal. Þar mun hún vinna við ferðaþjónustu og sinna ýmsum verkum sem fylgja því að búa í sveitinni. „Þegar ég sagði foreldrum mínum að ég myndi búa á íslenskum bóndabæ skelltu þau upp úr. Þau sjá mig ekki fyrir sér mjólkandi kyr heldur frekar á kaffihúsi í stórborg. En nei, ég ætla að mjólka kyr og ég ætla að verða snillingur í því,“ segir Melissa og skellir upp úr. Melissa segist oft vera spurð að því hvaðan hún sé þegar hún fer út að skemmta sér í heimalandi sínu. „Það er stundum kallað á eftir mér „Hæ, Svíþjóð?“ þannig að þegar ég segist eiga rætur að rekja til Íslands verður fólk ekkert hissa. Ég virðist hafa þetta norræna útlit, blá augu og ljóst hár. Mér finnst í rauninni ótrúlegt að fólk giski á rétt og svo vill það spjalla um landið en ég veit vandræðalega lítið um það. Það verður bætt úr því í þessari ferð,“ segir Melissa að lokum og hleypur á eftir hópnum til að missa ekki af dagskránni.

erlabjorg@frettabladid.is

**Beint flug til Sviss!**



**BEINT FLUG TIL GENFAR OG ZÜRICH Í SVISS**

Vikulegt flug í sumar frá Keflavík til Genfar frá 17. júní og til Zürich frá 1. júlí. Flugið fram í ágúst.

Tilkomumikil og áhugaverð ferðamannsvæði eru innan seilingar. Tilboðsverð: kr. 23.000 (m.sköttum)

Hóperðamiðstöðin  
Vesttravel



Bókið og staðfestið strax á ferðaskrifstofunni, Hesthálsi 10, s. 587 6000, info@vesttravel.is www.vesttravel.is www.trex.is

allt  
ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is

visir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

**Bestu kaupin!**



**23 vatnasvæði fyrir aðeins 5000 krónur!**

Handbók með ítarlegum upplýsingum, kortum o.fl. fylgir! Fæst á ESSO, í veiðivöruslunum og á www.veidikortid.is



**Veiðisumarið**  
með Stefáni Jóni Hafstein

Fleiri veiðifrétir og heilræði við veiðar á [www.flugur.is](http://www.flugur.is).

**Gengur laxinn um helgina?**

Þá er það Jónsmessustraurinn um helgina, sá sem lengi hefur spáð fyrir um laxagöngur sumarsins. Veiðimenn bíða í ofvæni eftir því sem gerist núna um helgina því komi ekki góðar laxagöngur á þessum stóra straumi þykjast margir illa sviknir. Vertíðin hefur farið mjög rólega af stað, allar helstu ár hafa „opnað“ og aðeins reitingur hér og þar, þótt Norðurá skili sínum 100 löxum og vel það.

Við á flugur.is fregnuðum víða að í vikunni að menn væru að taka fáa laxa og dreifða enda væri vatn rétt að byrja að sjatna eftir miklar rigningar svo vikum skiptir. Þannig var rólegt í Kjósinni þegar félagi okkar kom til baka á fimmtudag, og einnig í Hítará þegar fregnað var. Miðfjarðará aðeins gefið á annan tug. Menn hafa tekið stöku lax í opnun en svo lítið spurst til fleiri fiska, þetta á við um Laxá á Ásum, Stóru-Laxá, Hítará, Laxá í Aðaldal, Fnjóská og fleiri. Það eru helst Blanda og Norðurá að venju sem gefa gusur. En hin eilífa bjartsýni veiðimanna lengi lífi: nú gengur hann!

**Veitt í miklu vatni**  
Nú verða menn að rifja upp

veiðiaðferðir í þungum straumi og köldu, skoluðu vatni. Í fyrsta lagi velur laxinn sér aðra legustaði en venjulega þegar vatn er mikið. Hann fer nær bakka á hægara vatn. Hann liggur líka dýpra. Því þarf að ná agninu niður og láta berast eins hægt og mögulegt er fyrir laxinn.

Þeir sem kasta túpum þurfa að hafa þetta í huga: túpan á að berast þvert fyrir fiskinn, hún þarf að fá tómt til að sökkva vel, og hún þarf að fara eins hægt og mögulegt er. Því er gott að setja sökkenda á línuna, kasta upp fyrir ætlaðan legustað og gæta þess að straumurinn gripi ekki línuna of fljótt með því að velta eða vipa henni upp í straum. Takan er hæg og þung, leyfið laxinum að kjamsa á og festa sig áður en brugðið er við. Snældi í þýskum fánalitum er vinsælust!

**Veiðidagur fjölskyldunnar**  
Veiðidagur fjölskyldunnar er á morgun, sunnudaginn 25. júní. Hægt er að veiða frítt í 23 vötnum, t.d. Þingvallavatni og Elliða- vatni. Leitið upplýsinga á vefsíðum eins og flugur.is og svfr.is þar sem fá má nánari upplýsingar, góða skemmtun!  
*Með veiðikveðju, Stefán Jón.*



Rakel Ýr 10 ára landaði finni bleikju fyrir nokkrum dögum, fyrsta flugufiskinum, og minnir á veiðidag fjölskyldunnar um helgina!

**Landsmótstilboð**  
á hestavörum 22. júní - 4. júlí

**Fjöldi tilboða m.a.**

- Höfuðleður
- Nesamúlar
- Leðurjardir
- Reiðboxar
- Vesti og jakkar o.m.fl.

Reiðjakki Tilboðsverð aðeins **kr 4.720.-**

Reiðjakki Tilboðsverð aðeins **kr 6.872.-**

Síður regnfrakk Tilboðsverð aðeins **kr 3.900.-**

Vatns- og vindheldur reiðjakki Tilboðsverð aðeins **kr 10.320.-**

Afar vandaður leðurjakki herra Verð kr. 49.900.-  
Tilboðsverð Aðeins kr 39.920.-

Leðurjakki dómu Verð kr. 14.900.-  
Tilboðsverð Aðeins kr 11.920.-

Við erum í loftinu, lítlu vöð! Opnið virka daga og alla laugertaga

**Knapinn**  
Borgarbraut 58  
Hymutorgi - Borgarnesi  
Sími 437-0001

**Sólstöðuhátíð víkinga í Hafnarfirði 16.-25. júní 2006**

Föstudaginn 16. júní kl.17.00 hefst vikingahátíð við Fjörukrána í Hafnarfirði. Bardagamenn og bogaskyttur, glímumenn og útskurðarmenn, steinhöggarar og járnsmiðir, sögumenn og seiðkonur, tónlistarmenn og galdrarmenn. Sænski sögumaðurinn Jerker Fahlström rifjar upp ævintýri Ása og hinna fornu goða er hann segir okkur frá Ásapör, Loka og þeim félögum. Jerker er orðinn fastur liður og segir sögur sínar á íslensku. Rimmugýgur, hafnfirski bardaga- og handverksþúpurinn sér um bardagana ásamt Jómsvíkingunum alþjóðlegum hópi úrvalsvíkinga. Annar íslenskur vikingahópur, Hringhorni frá Akranesi sýnir leiki fornanna. Fjöldi handverksmanna, íslenskra sem erlendra verða á markaðnum. Norska vikingahljómsveitin Skvaldr og hin dansk-íslenska Kráka munu skemmta gestum alla dagana. Dansleikir öll kvöld, Hollenska raggea hljómsveitin Five-4-vibes og hljómsveit Hilmaris Sverrissonar. Opnið verður alla daga frá 16. til 18. júní og aftur 23. til 25. júní. Kynnir hátíðarinnar er Steinn Ármann Magnússon.

**ATH: Dagskrá Sólstöðuhátíðarinnar er á heimasíðunni: [fjorukrain.is](http://fjorukrain.is)**

**Fjörukráin þakkar eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn:**

**Fjörkráin**  
Sími 565-1213  
[www.fjorukrain.is](http://www.fjorukrain.is)

**HAUSTFERÐIRNAR TIL ST. JOHN'S Á NÝFUNDNALANDI HAFNA SLEGIÐ RÆKILEGA Í GEGN**

Brottfarir 2006: 28. - 31. okt. (lau. - þri.), 31. okt. - 4. nóv. (þri. - lau.) og 4. - 8. nóv. (lau. - mið.)

Áhugaverðar og ljúfar borgar- og verslunarferðir fyrir einstaklinga jafnt sem hópa. Aðeins 3 - 3,5 klst. beint flug og gist á glæsilegum hótélum. Verð með sköttum frá kr. 57.300 m.v. tvo í herbergi á Holiday Inn.

Hópferðamiðstöðin Vesttravel **TREX** Travel Experiences

Bókið og staðfestið strax á ferðaskrifstofunni, Hesthálsi 10, s. 587 6000, [info@vesttravel.is](mailto:info@vesttravel.is) [www.vesttravel.is](http://www.vesttravel.is) [www.trex.is](http://www.trex.is)

**MATRÁÐ**, **Hertz Car Rental**, **mest**, **ICELANDAIR**, **Prentsmíja Kjalartúrar ehf**, **ATLANTIC AIRWAYS**, **WREXVIK**, **VR**, **Rafkaup**, **Kjötsmíðjan**, **HOSASMIÐJAN**, **FUR**, **HAFNARFJÖRDUR**, **BADHEIMAR**, **VÍKING**, **VÍKUR FRÉTTIR**, **Merrill**, **Landsbankinn**, **FK KAUP**, **GAMAKÓ**, **STAFRÆNA**, **PRENTSMÍÐJAN**, **CCV**

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**  
**FRÉTTABLAÐIÐ**

**FRÉTTABLAÐIÐ**



**Silkimjúkur svefn**  
sængur, koddar og rúmfatnaður



Gleisibæ, s. 552 0978  
www.damask.is

Lokadagur  
útsölu  
**Sipa**

Laugavegi 67 • Sími: 551 8228

**Svefn & heilsa**



www.svefn.is

**Koi fiskadagar**  
í Dýralíf laugardaginn 24. júní



Rene Kruter sérfræðingur í Koi fiskum og tjámagerð verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf.

Að því tilefni er 25% afsláttur til 30. júní, af Koi fiskum og öllu til tjámagerðar.

**Dýralíf.is**  
Stórhöfða 15  
110 Reykjavík  
S:567 7477

**Pottar og plöntur**  
margir litir

**BLÓMÁLFURINN**  
Vesirgötu 4 sími 562 2707  
Íslandsmeistari í blómaskreytingum



Anna Ringsted hefur rekið verslunina Fríðu frænku í hvorki meira né minna en 25 ár og hefur á þeim tíma upplifað ýmsar sveiflur í antíkbransanum.

## Smádót í æpandi litum

Í Fríðu frænku má finna allt frá postulínsbollastellum til kristalsljósakróna.

Anna Ringsted, eigandi Fríðu frænku, segir miklar sveiflur hafa verið í antíkbransanum á þeim 25 árum sem hún hefur rekið búðina og nokkrar breytingar orðið á kúnnahópnum. „Gömlu viðskiptavinirnir eru smám saman að detta út, en maður fær nýja og yngri í þeirra stað,“ segir hún.

Að sögn Önnu hefur ný kynslóð yfirleitt annan smekk heldur en sú sem kom á undan. „Unga fólkíð vill eitthvað annað en heima hjá sér og í raun yngra dót en eldri kynslóðin sóttist eftir,“ útskýrir hún. „Það hefur mikinn áhuga á tekk-húsgögnum og munum tengdum 7. og 8. áratugnum.“

Það er nokkuð ljóst að í Fríðu frænku er reynt að koma til móts við þessar ólíku þarfir viðskiptavina. Inn á milli postulínsbollastella, kristalsljósakróna og gamaldags húsgagna, sem gætu verið frá byrjun síðustu aldar, má greina alls kyns smádót í æpandi



Margur verður af aurum api, gæti maður ætlað að hönnuðurinn að þessum sparibauk í apalíki hafi verið að hugsa en baukurinn kostar 500 kr. Skeggjaði kallinn er á 700 krónur.

litum sem setur skemmtilegan svip á búðina. Enda er Fríða frænka óhefðbundin antíkverslun þar sem mismunandi straumum og stefnum frá ólíkum tímum ægir saman.

roald@frettabladid.is



Skandinavísk hönnun nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir og þar jafnast fátt á við líttala-vasa, sem fást ásamt öðrum eiginlegum vörum í Fríðu frænku. Vasarnir á myndinni eru á verðbilinu 1.800-3.500 kr.



Einu sinni var. Lampar myndskreyttir með atriðum úr sígildum ævintýrum á borð við Stígvélaða köttinn og Rauðhettu litlu á 4.500 krónur hvor.



Skammt frá búðarborðinu stendur þessi skemmtilega krukka uppfyll af salt- og piparstaukum með litskrúðugum lokum á 100 kr. stykkið.



Stærri salt- og piparstaukar á 300 kr., með matarboxum sem kosta frá 400 kr.



Þeir hafa verið andlit Disney-fyrirtæksins frá fyrstu tíð og á þeim tíma hafa ýmsar vörutegundir verið unnar eftir þeim. Í Fríðu frænku fást Mikki mús og Andrés önd hins vegar sem tannburstastandar á aðeins 800 krónur stykkið.



Þessi skemmtilegur veltihundur óskar eftir góðum eiganda. Hann kostar einungis 700 krónur.

skipulag }

Allt í röð og reglu

KOMDU SKIPULAGINU Í LAG Á ÖRFÁUM MÍNÚTUM

Það þarf ekki að vera svo flókið að halda öllu í röð og reglu á heimilinu. Fátt er leiðinlegra en smádót sem flæðir út um allt og um leið og þessum hlutum hefur verið komið á sinn stað lítur heimilið miklu betur út. Laus blöð, lykklar, pennar og smáhlutir ættu að eiga sinn samastað og það er tiltölulega auðvelt að koma reglu á þessa hluti.



Hvers kyns körfur henta vel undir alls konar smádót. Þær sóma sér vel uppi í hillu, uppi á skáp eða undir rúmi.



Blaðagrind ætti að vera til á öllum heimilum.



Á skrifborðinu ætti að vera falleg krús fyrir penna og annað smádót sem hættir til að týnast.



Fallegir kassar fást víða sem gott er að nota undir tímarit, bréf og þess háttar.

# GLUGG-INN

Nýtt! Nýtt! Nýtt! Nýtt! Nýtt!  
Úrval af gömlum húsgögnum!



h. 186 cm  
b. 118 cm  
d. 59 cm

verð: 84.900 /-



h. 178 cm  
b. 96 cm  
d. 48 cm

verð : 79.900 /-



h. 179 cm  
b. 101 cm  
d. 46 cm

verð: 79.900 /-



h. 177 cm  
b. 125 cm  
d. 54 cm

verð : 84.900 /-



h. 167 cm  
b. 101 cm  
d. 52 cm

verð : 79.900 /-



h. 175 cm  
b. 122 cm  
d. 53 cm

verð: 84.900 /-



h. 167 cm  
b. 104 cm  
d. 55 cm

verð : 79.900 /-



h. 176 cm  
b. 138 cm  
d. 61 cm

verð : 79.900 /-



verð : 64.900 /- h. 93 cm  
b. 226 cm  
d. 48 cm

Fást aðeins : Bæjarhrauni 12, Hf.  
sími : 8614177

Einstakt tækifæri til þess að eignast kínverska listmuni beint frá framleiðendum

## SÖLUSÝNING Á HÁGÆÐA HANDGERÐU KÍNVERSKU POSTULÍNI

Úti- eða inniblómappottar - myndir - lampar - vasar - skálar og fleira



White like jade  
Bright as mirror

This is paper  
Sound like a chime

LÚXUS GJAFIR OG SÖFNUNAR VÖRUR - GÓÐ FJÁRFESTING

GRÍPIÐ  
TÆKIFÆRIÐ

30-50%  
afsláttur  
Sýningu lýkur  
28. júní

Hlíðasmári 15  
Kópavogi  
Sími 895 8966

Opið alla daga  
frá kl. 10-21

allt

... sem þig vantar til  
að hefja nýtt líf

visir

NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTU-  
SKRÁ Á VISIR.IS/ALLT



### LUCA

Verð nú 17.500 kr.  
áður 28.500 kr.



### PEGASUS

Verð nú 34.300 kr.  
áður 49.000 kr.



### COSMO

Verð nú 17.500 kr.  
áður 35.000 kr.



### TRENTO

Verð nú 17.500 kr.  
áður 35.000 kr.



### PORTOBELLO

Verð nú 17.500 kr.  
áður 28.500 kr.



Birtan frá lömpunum er mild og falleg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Lýsandi pungar

*Sigurður Hjartarson, forstöðumaður Hins íslenska reðasafns á Húsavík, hefur undanfarin ár dundað sér við að útbúa lampa og ljósker úr nauta- og hrútpungum.*

Sigurður er högværðin uppmáluð þegar blaðamaður hefur samband við hann vegna þessara sérstæðu lampa. „Þetta er nú engin list. Þetta er bara fönður sem ég hef verið að dunda mér við síðustu árin. Ég byrjaði að þreifa mig áfram með nautapunga en núna geri ég ljós bæði úr nauta- og hrútpungum. Þetta er skemmtilegur efniviður og engir tveir lampar verða eins,“ segir Sigurður sem verkar pungana sjálfur alveg frá grunni. „Ég fæ þetta beint úr sláturhúsi og það þarf að vinna þetta heilmikið. Þetta er ekki beint þrífaleg vinna en útkoman er skemmtileg og ég hef búið til fjölmarga lampa sem ég hef gefið vinum og kunningjum,“ segir Sigurður og bætir því við að aðferðin við að verka pungana sé leyndarmál. „Fyrst setti ég pungana á gamla lampu en núna smíða ég lampann frá grunni, nota steina úr fjörinni eða hrauninu til að þyngrja og festi punginn síðan á rör. Þetta er auðvitað dálítið öðruvísi og birtan af þessu er ákaflega notaleg.“

Sigurður hefur ekki lagt mikið upp úr því að koma lömpunum í



Mikil vinna liggur á bak við hvern lampu.

sölu og segir að hann hafi mest gaman af því að búa lampana til og gefa þá. Lamparnir hafa þó vakið verðskuldaða athygli og Sigurður hefur selt nokkra. Aðspurður segir hann að fólk missi síður en svo áhugann þegar það veit hvaðan af skepnum lamparnir koma. „Nei, það er einmitt það sem gerir lampana svo sérstaka. Fólk er alltaf að þreifa sig áfram með eitthvað nýtt og svona handunnin og sérstök vara fellur því í kramið hjá þeim sem vilja eitthvað sem ekki fæst annars staðar,“ segir Sigurður.

- þo

## Rammað inn

*Eitt af því sem upplagt er að gera í sumarfríinu ef illa viðrar til útivistar er að ramma inn uppáhaldsmýndirnar.*

Sumarfríð gefur okkur tækifæri til að sinna ýmsu sem annars situr á hakanum, það er að segja ef því er ekki öllu varið til ferðalaga. Eitt af því sem gaman er að gera þegar tími vinnst til og ekki viðrar til útivistar er að kíkja á myndasafnið og koma skikki á það.

Margir eru með myndasafnið sitt inni á tölvu eða á diskum og bíða færis að skoða það, prenta út myndir og jafnvel hengja upp. Sumir eiga líka óuppsettar útsaumsmyndir eða aðrar gersemur sem upplagt er að láta ramma inn og prýða veggina með. Tilbún-



Myndir skapa stemningu og viðeigandi ramma eru eins og punktur yfir i-ið.

ir ramma fást víða og innrömmunarverkstæðin veita líka góða þjónustu.

- gg

MÁ BJÓÐA ÞÉR SÆTI?  
JÚNÍTLBOÐ Á STÖKUM HÆGINDASTÓLUM

**TEKK**  
COMPANY

OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 OG LAUGARDAGA KL. 10-16  
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



















## Pláss til leigu

Inn af hárgreiðslustofu á góðum stað í Smáralind. Hentar vel fyrir snyrtistofu eða sambærilegan rekstur. Upplýsingar í síma 898-9457, 663-4080 & 698-6401.

## Fyrirtæki til sölu

Til sölu er fyrirtæki mjög sérhæft. Krefst þriggja til fjögurra manna vinnuframlags. Tengist sjávarútvegi. Uppl. í síma 892-7088.

## FASTEIGNIR

### Bolholt GUESTHOUSE

Bolholt 6 • 105 Reykjavík • Sími: 517-4050

#### Studio - íbúðir



Fallegar íbúðir í miðborg Reykjavíkur. Nettenging í íbúðum. Aðgangur að þvottahúsi. [www.bolholt.is](http://www.bolholt.is)



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17  
Sími 520 2600, Fax 520 2601  
Netfang [as@as.is](mailto:as@as.is)  
Heimasíða [www.as.is](http://www.as.is)

FASTEIGNASALA

Opið virka daga kl. 9-18

## TIL SÖLU EÐA LEIGU FÍFUVELLIR – FALLEGT RAÐHÚS



Nýlegt fallegt 184,5 fm raðhús á tveimur hæðum, ásamt 25,2 fm innbyggðum bílskúr, samtals 209,7 fm. Gólfhiti að hluta, flísar á gólfum. Fallegar innréttingar. Möguleiki á allt að fjórum svefnherb. Flott eign, fullbúin eign nema lóð.

**GÓÐ EIGN Á FALLEGM STAÐ Í HRAUNINU. Verð 41.5 millj. Einnig er hægt að leigja húsið fram til 01.12.2006 eða jafnvel lengur, leiga er 165 þúsund á mánuði.**

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali



Suðurlandsbraut 50  
(Bláu húsin við Faxafen)  
Sími: 513-4300

Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

## Einbýli eða parhús í Borgarhverfi í Grafarvoginum

Hef verið beðin um að finna einbýli eða parhús í borgarhverfi í Grafarvoginum fyrir ákveðin kaupanda. Stærð 200 fm + og lámark 5 herbergi.

Ef þú ert í söluhugleiðingum endilega hafðu samband og ég met þína eign skilyrðislaust og að kostnaðarlausu.

Fullum trúnaði heitið.

Allar nánari upplýsingar veitir

Ólafur Haukur Haraldsson í s: 693-4868


## ATVINNUTÆKIFÆRI

Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu. Góð álagning. Falleg, hrifandi og auðseljanleg vara. Verð ca. 12 m. Svar merkt: „Uppgrip“ sendist á netfangið: [galle@isl.is](mailto:galle@isl.is)

## GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



**VEGGFÓÐUR.**  
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | [WWW.VISIR.IS](http://WWW.VISIR.IS)



## Óskum eftir starfsfólki í vörutílekt

### Starfssvið:

- Tiltekt og móttaka á vörum
- Skráning og yfirferð
- Uppröðun og frágangur

### Hæfniskröfur:

- Stundvísi og reglusemi
- Lipurð í samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði

Um er að ræða framtíðastörf með möguleika á yfirvinnu. Á staðnum er mótuneyti og góð aðstaða fyrir starfsfólk.

Umsóknarfrestur er til 30. júní nk. Nánari upplýsingar gefur afgreiðslustjóri í síma 569-2200 virka daga. Umsóknir skal senda á netfangið [hermanne@ms.is](mailto:hermanne@ms.is) en einnig má nálgast sérstök umsóknareyðublöð í anddyri MS að Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.

## ÚTBOÐ



**PÓSTURINN**  
allur pakkinn

## Útboð – byggingarframkvæmdir

### Pósthús á Reyðarfirði Pósthús á Húsavík

#### Yfirlit verksins

Um er að ræða tvö aðskilin útboð á byggingu Pósthúss og frágangi lóðar á Húsavík og á Reyðarfirði. Verkið skal vinna samkvæmt verklýsingum og teikningum frá ASK Arkitektum ehf, RTS verkfræðistofu hf. og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Pósthúsin verða að Búðareyri 35, Reyðarfirði og Garðarsbraut 70, Húsavík. Á Reyðarfirði tekur verktaki við lóð sem búið er að jarðvegsskipta og á lóð er malarfylling vegna forálags. Á Húsavík er um að ræða veruleg jarðvegsskipti á lóð undir húsi.

Húsin í báðum útboðum eru staðsteypt hús á einni hæð, þak er úr einingum og ganga þarf frá bílastæðum og gangstéttum á lóð. Verkin skulu unnin á tímabilinu september 2006 til júní 2007.

Stærð húsa er um 315 m<sup>2</sup>.

Stærð lóðar á Reyðarfirði er 3.076 m<sup>2</sup> og á Húsavík er lóð 2.814.8 m<sup>2</sup>

Í verkunum felst að byggja húsin og ganga frá þeim að öllu leyti bæði að utan og innan, með öllum lagnakerfum og öðru sem til heyrir. Einnig skal ganga frá lóðum með malbiki, kantsteinum, grasi og skiltum.

#### Útboðsgögn

Útboðsgögn vegna beggja útboða verða til afhendingar frá og með 27. júní 2006.

#### Reyðarfjörður

Útboðsgögn vegna Reyðarfjarðar verða afhent á Pósthúsinu Fagradalsbraut 9, 700 Egilsstöðum og hjá Íslandspósti hf. á Stórhöfða 29, 110 Reykjavík.

#### Húsavík

Útboðsgögn vegna Húsavíkur verða afhent á Pósthúsinu Garðarsbraut 21, 640 Húsavík og hjá Íslandspósti hf. á Stórhöfða 29, 110 Reykjavík.

#### Skilafrestur tilboða

Hægt er að bjóða í hvort verkið sem er eða bæði. Tilboðum skal skila til:

Pósthúsið Garðarsbraut 21, 640 Húsavík  
Pósthúsið Fagradalsbraut 9, 700 Egilsstaðir  
Íslandspóstur hf. Stórhöfði 29, 110 Reykjavík

Skilafrestur á tilboðum er 27. júlí 2006 kl. 14.00




### TIL SÖLU HESTAJÖRÐ

Jörðin Krókur í Ásbjörnsdalur, Rangárvallasýslu, stendur á mjög fallegum stað á bökkum Þjórsár. Jörðin er aðeins um 20km fyrir austan Selfoss eða í um einnar klst akstursfjarlægð frá Reykjavík. Jörðin er um 267 ha að stærð og er allt landið gróið. Á jörðinni hefur verið rekinn hrossaræktun og er uppbygging á staðnum miðuð við slíkan rekstur. Hesthús eru fyrir um 80 hross, 900m<sup>2</sup> reiðskemma með góðri lýsingu, loftræstingu og starfsmannaaðstöðu. Þá er einnig 200m reiðvöllur sem nýtanlegur er allt árið um kring. Mjög auðvelt er að skipta jörðinni upp þar sem tvö íbúðarhús eru á jörðinni. Annað húsið er steinsteypt 178m<sup>2</sup> að stærð með studio-íbúð í kjallara en hitt húsið er 100m<sup>2</sup> timburhús. Ennfremur er kominn grunnur að þriðja húsinu. Öll bæjarstæðin eru afar glæsileg með ægifygru útsýni. Mögulegt er að kaupa jörðina í heilu lagi eða að hluta.

Nánari upplýsingar gefur Fasteignasalan Árborgir sími: 482 4800, e-mail: arborgir@arborgir.is

Guðjón Sigurjónsson, löggiltur fasteignasali

### GLÆSILEGT SUMARHÚS TIL SÖLU!

**OPIÐ HÚS UM HELGINA!**



### Vallarholt 11 - Bláskógarbyggð (við Reykholt)

Glæsilegt kanadískt vandað heilsárhús 73,7 fm með stórra skjólgóðri verönd, stórkostlegt útsýni, gott eldhús og sofa, 3 rúmgóð herbergi, stórt baðherbergi með hurð út á verönd/pottinn, lítil geymsla/lagnaerbergi. Húsið er á 5,900 fm eignarlóð í landi Reykjavalla Biskupstungum. Heitt og kalt vatn við lóðarmörk (ekki inntaksgjald) rafmagn við lóðarmörk. Húsið selst á núverandi byggingarstigi og mest af því efni sem á vantar fylgir með húsinu. Húsið er nú tilbúið að klæða panel inni (allar milliveggja grindur komar upp), tilbúið til að setja þak efni á, tilbúið til að klæðahúsið að utan. Þetta byggingarstig gefur þér kost á að hafa allt þetta nákvæmlega eins og þú villt, það velur enginn fyrir þig þú velur þitt útlit. Það sem fylgir með er: Allur panel inni húsið þykkur og breiður, öll ull í loft og sérstök hljóðeinangri ull í milliveggi, innihurðir með búnaði og síðast en ekki síst íslensk sumarhúsa stemming. 95 km úr Rvk malbikað alla leið, örstutt í alla þjónustu, banka, verslun, veitingastað, sundlaug og bensinstöð. Sjón er sögu ríkar og þú sérð fljótt að þetta er mjög vandað hús að allri gerð.

**Opið hús um helgina Gunnar sýnir 822 2324**



Runólfur Gunnlaugsson lögg. fasteigna- og skipasali  
Kristín Pétursdóttir lögg. fasteignasali

sími  
565 8000  
533 6050

### KOTVÖLLUR 14 - RANGÁRÞING EYSTRA



Sérlega glæsilegt nýlegt 101 fm heilsárhús á 4 hektara eignarlandi í um 1 klst. akstri frá Höfuðborginni. Húsið er sérlega vel búið og vandað. Kamina er í húsinu. Búið er að gróðursetja mörg þúsund plöntur á landinu. 15 fm geymsluskúr og 55 fm gróðurhús ásamt tveimur nýlegum slátturtraktorum fylgja að auki. Lækur rennur um landið. Þútaðstaða á þremur grínum á litlum einkagolfvelli. Nýr 6 manna rafmagnsnuddpottur á 200 fm verönd. Allt innbú getur fylgt. Óskað er eftir tilboði í eignina. Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason hjá Höfða Fasteignasölu S: 895 3000.

www.hofdi.is

Það er gott að búa á austurlandi

## Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU



### 3. herbergja íbúðir (tilbúnar til afhendingar)

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

**VERÐ FRÁ KR. 16.450.000\***

\* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

**ffa**  
FASTEIGNAFÉLAG  
AUSTURLANDS

567 3400

**FASTEIGNA- OG SKIPASALA  
AUSTURLANDS EHF.**

580 7905

**domus**

545 0555

Nánari upplýsingar á netinu: [www.nmedia.is/ffa](http://www.nmedia.is/ffa)

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934





Guðmundur St. Ragnarsson  
Löggiltur fasteignasali

# HÚSEIGN

Fasteignamiðlun



Gyða Gerðarsdóttir  
sölumaður

## Einarsnes 60

141,3 m<sup>2</sup> • 5 herb. • Einbýli



### FALLEGT NÝTT EINBÝLISHÚS Á TVEIMUR HÆÐUM Á MJÖG GÓÐUM STAÐ SKERJAFIRÐINUM

Húsið skilast tilbúið að utan og er tilbúið til afhendingar strax. Að innan er húsið fokhelt án einangrunar. Á teikningum er gert ráð fyrir fjórum svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum, stofum og eldhúsi. Útgengt á svalir frá efri hæð. Bílskúrsréttur. Möguleiki að fá eignina lengra komna eða tilbúna undir tréverk. Nánari upplýsingar hjá sölumönnum.

EIGN FYRIR VANDLÁTA - ALLAR UPPLÝSINGAR VEITIR GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 EÐA MAREL BALDVINSSON, SÖLUMAÐUR S. 846-8409

Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali  
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109

Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali  
Ingvaldur Ingvaldsson - framkv.stjóri  
Hrafnhildur Helgadóttir - sölumaður  
Kristinn Erlendsson - sölumaður  
Steinunn Á. Frimannsd. - sölumaður  
Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali  
Guðný Guðmundsdóttir - sölumaður  
Ólafur H. Haraldsson - sölumaður



## Suðurlandsbraut 50

Bláu húsin v/Faxafen

Sími 513 4300

husid@husid.is

### Brúnastaðir Grafavogi



Fallegt einbýlishús með innbyggðum bílskúr samtals 200,4 fm Húsið skiptist í anddyri, forstofuherbergi, baðherbergi, hol, stórt herbergi, baðherbergi, hjónaherbergi, fataherbergi, þvottahús, stofu, eldhús, búr, geymslu Loft og bill-skúr. Staðsett á rólegum og góðum stað þar útsýni er gott og stutt er í náttúruna en engu síður stutt í alla þjónustu svo sem verslun, skóla og heilsugæslu. sjón er sögu ríkari. **Verð 52,9 millj.**

### 3ja herb - Vesturgata



alla helstu þjónustu og menningu. **Verð 18,9 millj.**

Falleg 74.6 fm 3 herbergja íbúð í mjög vel staðsettu í steinhúsi.

Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi, stofu, svalir, svefnherbergi og sér geymslu í sameign. Gólfefni íbúðar eru parket, flisar og dúkur. Sameiginlegt þvottahús þar sem hver er með sína vél. Flott íbúð og stutt í

### Sumarhús Sturlureykir



Glæsilegt 54,4 fm sumarh. á 5200fm eignarlóð í landi Sturlureykja í Reykholtssdal. Húsið er þanilklætt með tveimur svefnherbergjum, baðherbergi, forstofu, eldhúsi með góðri innr. og stofu. Stofa og eldhús eru í sama rými. Parketlagt svefnloft. Hiti í gólfum hæðarinnar. Verð með heitum potti. Innbú getur fylgt, einnig 1/15 partur í landi, einbýlishúsi og fjósi á jörðinni. Húsið er með 11 herbergjum sem er tilvalið undir fjölskyldu samkomur. Verð kr. 15,5 millj. Bústaðurinn er vel staðsettur ofarlega í hlíð og þaðan er frábært útsýni yfir Reykholtssdalinn.

### Grettisgata - 101 Rvík



þess eru tvö herbergi í risi sem eru í útleigu. **Verð kr. 29,9 millj.**

Rúmgóð 133,5 fm 5 herbergja hæð á fyrstu hæð í góðu fjölbýlishúsi á góðum stað á Grettisgötunni. Íbúðin skiptist í eldhús, baðherbergi, stofu, hol og fjögur ágæt svefnherbergi. Einfalt að breyta einu svefnherberginu í stofu. Góðar suðursvalir. Sameiginlegt þvottahús í sameign. Auk

### Arnarsmári - Kópavogur



Góð 73,8fm, 3ja herbergja íbúð á annarri hæð í góðu fjölbýli á vinsælum stað í Kópavogi. Eignin skiptist í tvö ágæt svefnherbergi með linoleum dúk, baðherbergi með flisum á gólf, þvottahús innan íbúðar, eldhús og stofu með flisum á gólf. Góðar svalir. Sérgeymsla í sameign. **Verð 18,5 millj.**

### Sumarhús Kóngsvegur



Gott og vel um gengið 44,5 fm sumarhús á góðum, skógi vöxnum stað við Kóngsvæg í Norðurkotslandi í Grímsnesi, 2 km austan við Þrastarlund. Húsið skiptist í stofu og eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Spónaparket á gólfum. Góður sólpallur er við húsið. Megnið af innbúi flygir. Hitaveita og kalt vatn, rafmagn. Húsið er upphitað allan ársins hring. Bústaðurinn er staðsettur ca 65 km frá Reykjavík og það tekur u.þ.b. 45 mín. að keyra frá Rvík. **Verð kr. 10,7 millj.**

### Frostafold - Grafavogi



Húsið er allt nýlega tekið í gegn að utan, lítur vel út og er vel staðsett. Hundahald er leyfilegt í húsinu. **Verð 22,5 millj.**

Falleg þriggja herbergja 97,4 fm íbúð á fyrstu hæð í fjölbýli með sérinngangi ásamt sér stæði í lokaðri bílagæmslu 23,1 fm að stærð. Samtals 120,5 fm. Íbúðin skiptist í: forstofu, stofu, tvö herbergi, eldhús, baðherbergi, geymslu og sér-eignargarð með palli.

### Sumarhús Eyrarskógi - Svínadal



klæðningu en fokhelt að innan. Gert er ráð fyrir hitatúpu en heitt vatn er á svæðinu en ekki komið í þetta hverfi. Rafmagn er komið að lóðarmörkum. **Verð kr. 10,5 millj.**

Gullfallegt Sumarhús í byggingu í Eyrarskógi í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Húsið er 61,9 fm með góðum sólpalli. Steyptir sökkklar eru undir húsinu, gluggar eru úr harðvíði með 6 pinna læsingu, einangruð gólf. Húsið verður afhent tilbúið að utan með bjálka-

### Sumarhús-tilbúið til flutnings



Glæsilegt 71fm sumarhús með 25fm svefnlofti tilbúið til flutnings. Húsinu verður skilað fullbúna að utan og einangrað og plastað að innan og búið að setja upp grindur fyrir innveggi. Húsið er tilbúið til flutnings. Gert er ráð fyrir 3 herbergjum, eldhúsi, stofu, baðherbergi anddyri og geymslu. Um er að ræða tvö hús og er annað þeirra tilbúið til flutnings nú þegar og hitt ætti að vera tilbúið um mánaðarmótin júní/júlí. **Verð kr. 7,7 millj.**

## UPPÁHALDSSTAÐURINN

*Best að vera heima*

„Uppáhaldsstaðurinn minn er heima hjá mér. Mér líður svo vel innan um mitt dót, bækurnar mínar sem mér finnst gott að geta gripið í og rúmið mitt er það besta í heimi. Það er alltaf gaman að fara í ferðalög en það er líka gott að koma aftur heim,“ segir Lára Stefánsdóttir, dansari og danshöfundur. „Mér finnst líka gott að fara á Laugarvatn til að hlaða batteríin. Afí og amma þjuggu á Laugarvatni og ég var mjög mikið þar þegar ég var lítil, svo vann ég þar líka á sumrin. Fjölskyldan á núna bústað rétt hjá Stóragili sem er algjör sælureitur því þar er stutt í vatnið og gufuna sem er algjör toppur,“ segir Lára.



## FJALLIÐ: KEILIR



Keilir er móbergssjall á Reykjanes-skaga. Fjallið er 379 metra yfir sjávarmáli. Keilir varð til við gos undir jökli á ísöld. Hann er þekktur vegna sérkennilegrar strýtulögunar sinnar

sem er til komin vegna gígta eða bergstands á fjallinu miðju er ver það gegn veðrun. Útsýn er mikil af Keili yfir Reykjaneskagann og víðar.

### VISSIR ÞÚ?

... að markahæsti leikmaður í leik á HM er Oleg Salenko frá Rússlandi? Árið 1994 skoraði hann fimm mörk í viðureign Rússa og Kamerúna sem fram fór á Stanford-vellinum í San Francisco í Bandaríkjunum.

... að metið í flestum spyrnum sem varðar hafa verið í vítakeppni eiga þeir Harald Schumacher sem lék með vestur-þýska landsliðinu 1982 og 1986 og Sergio Goycochea sem lék í því argentínska árið 1990? Þeir vörðu báðir fjögur mörk í einni vítakeppni.

... að mesti áhorfendafjöldi á landsleik er 199.854 manns? Þetta gerðist á Maracana Municipal-vellinum í Rio de Janeiro í Brasilíu í júlí 1950. Þá lék brasilíska landsliðið við Úrúgvæa.

... að markahæsti leikmaður í úrslitakeppni HM er Just Fontaine frá Frakklandi? Hann skoraði 13 mörk á HM 1958 sem haldið var í Svíþjóð.

... að engum hefur tekist að halda marki sínu hreinu í úrslitakeppni HM lengur en Walter Zenga, markverði Ítala á HM 1990? Hann lék í 518 mínútur án þess að fá á sig mark.

... að markahæsti leikmaður í einum landsleik er Archie Thompson frá Ástralíu? Þegar landslið Ástrala kjöldró landslið Bandarísku Samóa í leik í Cofss Harbour, Nýju-Suður-Wales, skoraði Archie þrettán mörk í 31-0 sigri liðs síns.

... að engin þjóð hefur oftast keppt í úrslitakeppni HM en Brasilíumenn, alls 18 sinnum eða í öllum úrslitámótunum? Brasilíumenn sigruðu fyrst á HM árið 1958.

... að þaulsetnasti knattspyrnustjóri er Roly Howard frá Bretlandi? Hann tók við Marine Football Club árið 1972 og stýrði liðinu 33 leiktíðir.

... að hæsta verð sem greitt hefur verið fyrir leikmann er 5.875 milljónir króna eða 47 milljónir punda? Þessa fjárhæð reiddi Real Madrid fram þegar liðið keypti Sinédine Zidane af Juventus árið 2001.

... að metið í lengstu taplausu lotunni í ensku úrvalsdeildinni á liðið Arsenal? Það beið ekki ósigur í 49 leikjum frá 7. maí 2003 til 16. október 2004.



## ÚTIVISTARDAGUR

Komdu í Flexor 24. júní milli 11 og 14

Sérfræðingar Flexor bjóða upp á einfalda skoðun og aðstoða við val á réttu skónum auk þess sem sérfræðingar frá Asics, Scarpa, Ecco og Reebok verða á staðnum.

Við bjóðum 15% afslátt af öllum okkar skóm og 20% afslátt af göngugreiningu sem pöntuð er – aðeins þennan dag.

Allir skór  
**15%**  
afsláttur

**Ókeypis**  
einföld skoðun  
milli 11 og 14



Ásta Einarsdóttir  
sjúkrapjálfi



Ásmundur Arnarsson  
sjúkrapjálfi



Jónas Grani Garðarsson  
sjúkrapjálfi

**allt**  
heilsa

Alla þriðjudaga  
og fimmtudaga



Reebok



**FLEXOR**  
NÆSTA SKREF

Reykjavík · Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900



**DÖGG Í GRASI** Að sögn verður þeim ekki misdægurt sem velta sér upp úr dögginni á Jónsmessunótt

## Hvers vegna á að velta sér upp úr dögginni á Jónsmessunótt?

Jónsmessan er sögð vera fæðingarhátíð Jóhannesar skírara og er því kennd við hann, en Jón og Jóhannes eru aðeins tvö afbrigði sama nafns.

### Kyngimögnuð nótt

Jónsmessunóttin, aðfaranótt 24. júní, er ein þeirra fjögurra nóttu í íslenskri þjóðtrú sem taldar eru hvað magnaðastar og alls kyns dularfullir hlutir eru taldir geta gerst. Hinar næturnar eru allar í skammdeginu: Jólánótt, nýársnótt og þrettándanótt. Sagt er að á Jónsmessunótt fljóti upp ýmiss konar náttúrusteinar sem geta komið að góðu gagni. Einnig má þá finna ýmis nýtileg grös.

### Döggin öðlast lækningamátt

Það er algengur hugsunarháttur í þjóðtrú að sé farið út fyrir það sem myndar einhverja heild skapist hættuástand; alls kyns öfl, bæði góð og ill, leysist úr læðingi eða hlutir öðlist sérstaka eiginleika. Þetta á til dæmis við þegar einu ferli lýkur og annað tekur við. Þegar einum degi lýkur og annar hefst, klukkan tólf á miðnætti fara hin myrku öfl á stjá; hið sama gerist á nýársnótt þegar árinu lýkur og þegar sólin nær hápunkt á hringferli sínum á Jónsmessunni. Eitt af því sem magnast upp og öðlast sérstakan lækningamátt á Jónsmessunótt er döggin. Þess vegna er það gömul trú að mjög heilnæmt sé að velta sér nakinn upp úr dögginni þessa nótt. Geri menn það batna þeim allir sjúkdómar og þeim verður ekki misdægurt næsta árið á eftir.

Simon Jón Jóhannsson, þjóðfræðingur

### Hver var fyrsta þátttaka íslenskra kvenna í stjórnmálum?

**Kosningaréttur kvenna**  
Giftar konur í Reykjavík fengu kosningarétt í bæjarstjórnarkosningum árið 1908 og buðu strax fram sérstakan kvennalista í kosningum sem fram fóru í febrúar sama ár. Listi kvennanna hlaut mjög góðar viðtökur og fjórar konur komust inn í bæjarstjórn. Konur í Reykjavík buðu síðan fram sérstaka kvennalista allt

fram til ársins 1916 og áttu konur af kvennalistum sæti í bæjarstjórn fram til ársins 1922.

### Fyrsta konan á þing

Árið 1922 varð Ingibjörg H. Bjarnason, af kvennalista, fyrsta konan sem kjörin var á þing. Þátttaka íslenskra kvenna í stjórnmálum var þannig sprottin út frá sérstökum kvennalistum og þeir eru því ekki ný hugmynd í stjórnmálum hér á landi.

Þeim sem vilja kynna sér nánar sögu kvenna í íslenskum stjórnmálum er bent á bókina: Kosningaréttur kvenna 90 ára, Auður Styrkárstöttir og Kristín Ástgeirsdóttir ritstjórar.

Auður Styrkárstöttir, forstöðumaður  
Kvennasögusafns Íslands

### Hver er munurinn á skinni og hörundi og hvernig getur manni runnið kalt vatn þar á milli?

**Á rætur að rekja til forn máls**  
Í fornu máli merkir orðið hörund „hold“ og er það skýrt í orðabók Johans Fritznars, Ordbog over det gamle norske sprog, á þann hátt að átt sé við holdið, eða kjötið, sem liggur milli skinns og beina í mannslíkamanum (1891 II:192). Í nútímamáli merkir hörund „skinn, húð“, rétt eins og orðið skinn er notað um „húð, feld, hörund“. Af þessum sökum eiga ýmsir erfitt með að skilja orðasambandið að einhverjum renni kalt vatn milli skinns og hörunds. Það á þó rætur að rekja aftur til forn máls.

### Rennur milli húðar og vöðva

Í Fljótsdæla sögu segir til dæmis frá því í 16. kafla að Ketill Þiðrandason sat í skála: „Nú var sagt í þann mund kæmi að honum skjálfti, sem jafnan var vant, að hann hrökk af fótum upp svo að gnötraði í honum hver tönn. Honum var og sá hrollur sem vatni væri ausið milli skinns og hörunds“. Í fornu máli var líkingin auðskilin. Vatnið rann milli húðarinnar og vöðvanna, en hver sá sem orðið hefur verulega hræddur kannast við þessa ónotatilfinningu.

Guðrún Kvaran, forstöðumaður Orðabókar  
Háskólans

# HÆKKAR PERSÓNU AFSLÁTTURINN?

- þú veist það ef þú lest  
Fréttablaðið



**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Vel lesið!

# Stríðið um lífið í landinu



**STRAUMSVÍK** Kerskáli 1 í byggingu. Þegar ráðist var í byggingu álversins þekktu Íslendingar ekki til bygginga af þeirri stærðargráðu sem kerskálarnir eru. Þetta var eitt af því sem stakk fólk í augu og olli töluverðri gagnrýni. Sjónmengun var þó ekki eins mikið í deiglu og þau áhrif sem Búrfellsvirkjun var talin hafa á umhverfið.

Á þessu ári eru fjörutíu ár síðan samningur íslenskra stjórnvalda og svissneska álframleiðandans Alusuisse um byggingu álvers í Straumsvík tók gildi. Til eru þeir sem minnst þessara tímamóta sem eins stærsta framfaraskrefs íslenskrar þjóðar frá landnámi. Aðrir eru þeir skoðunar að þegar fulltrúar samninganeftendanna stungu niður penna við undirskrift samningsins, hafi dauðadómur Íslands sem náttúruperlu verið undirritaður og að nú sé aftakan á næsta leyti. Svavar Hávarðsson leit til baka og rifjaði upp upphaf íslenskrar stóriðju.

Þegar samningurinn um bygg-

ingu álversins var staðfestur fyrir fjörutíu árum tók einnig gildi samningur Landsvirkjunar og Íslenska álfélagsins (ÍSAL), dótturfyrirtækis Alusuisse, um kaup og sölu á raforku til álversins. Í samningnum var kveðið á um að Landsvirkjun reisti í Þjórsá við Búrfell 210 MW orkuver sem sæi álverinu fyrir raforku og að ÍSAL reisti álver sem framleiddi árlega um 60.000 tonn af áli. En samningarnir um byggingu álverksmiðju og virkjunar Þjórsár við Búrfell áttu sér nokkra forsögu.

## Borist hefur bréf

Á árunum upp úr 1950 tóku íslensk

stjórnvöld að leita leiða til þess að auka fjölbreytni og stöðugleika íslensks atvinnu- og efnahagslífs. Þrátt fyrir að ýmsar hugmyndir væru uppi um hvernig þetta væri mögulegt, þá var alltaf horft mjög til óbeislaðrar orku í vatnsföllum landsins og möguleika til stóriðju með nýtingu þeirrar orku. Framleiðsla áls virðist alltaf hafa verið efst í huga stjórnmalamanna hérlandis því svo snemma sem á árunum 1950 til 1960 voru fengnir hingað erlendir athafnamenn sem hugsanlega gátu haft áhuga á því að reisa hér álver. Á þessum árum komu hingað til lands fulltrúar fyrirtækja frá Kanada, Sviss og Bretlandi án þess að af framkvæmdum yrði. Haustið 1960 barst íslenskum stjórnvöldum bréf frá sviss-

nesku fyrirtæki sem óskaði eftir upplýsingum um möguleika á aðstöðu til álvinnslu hérlandis. Sagan segir að bréf þetta eigi sér upphaf í háloftunum yfir Íslandi eins og Rannveig Rist, forstjóri Alcan, hefur rifjað upp. „Ævintýrið um álverið í Straumsvík hófst í háloftunum yfir Íslandi og það hefði hugsanlega ekki orðið að veruleika ef ský hefðu verið á himni. Um borð í farþegabotu á leið til Bandaríkjanna voru tveir af ráðamönnum svissnesks álfyrirtækis. Þar sem þeir sátu í vélinni og virtu fyrir sér landið úr lofti sáu þeir Vatnajökul, stærsta jökul Evrópu. Og þá kviknaði hugmyndin. Þar sem svona mikið er af jökulum hlýtur að vera gnótt af vatnsföllum sem hægt er að virkja. Þetta var upphafið að virkjun Þjórsár við Búrfell, virkjuninni sem enn sér álverinu fyrir raforku.“

## Stóriðjunefnd stofnuð

Ríkisstjórn Ólafs Thors fól þáverandi iðnaðarmálaráðherra, Bjarna Benediktssyni, að stofna nefnd til að athuga möguleika á að reisa hér álverksmiðju. Nefndin fékk nafnið Stóriðju-




**BÚRFELLSVIRKJUN Í SMÍÐUM** Virkjunin margfaldaði rafmagnsframleiðslu þjóðarinnar. Þá, eins og nú, var verðið bitbeinið.



**HÖFNIN Í STRAUMSVÍK** Eitt af því sem þurfti að huga að var bygging stórskipa-hafnarinnar.


**Sigurjón Rist, vatnamælingamaður (1989):** „Þegar Urriðafossvirkjun var úr sögunni komu skýrar fram í dagsljósið hugmyndir um að virkja Þjórsá við Búrfell. Rannsóknir Vatnamælinga voru þá þegar búnar að sýna fram á að ísinn yrði stórt vandamál. Til voru niðurstöður rannsókna sem sýndu þetta óyggjandi. Ég lenti í þeirri undarlegu aðstöðu að það var beinlínis reynt að koma í veg fyrir að tekið yrði tillit til þessara rannsókna. Menn vildu ekki að gert yrði neitt veður út af ísnum í Þjórsá. Þarna voru miklir hagsmunir í húfi. Búrfellsvirkjun tengdist hugmyndum um álver í Straumsvík.“



**Haldór Kiljan Laxness, rithöfundur (1971):** „Nú, þegar ætla maetti að nóg væri að gert um sinn í náttúruspilling og kominn tími til að spyrna við fæti, þá bættist niðurbrotsöflum landsins stórtækari liðstyrkur en áður var tiltækur. Til „að bæta lífs-skilyrði almennings“ hefur verið settur upp kontór á vegum Iðnaðarmálaráðuneytisins, nefndur Orkustofnun, og á að undirbúa hér stóriðju sem knúin sé afli úr vötnum landsins. (...) Vandræðin byrja þegar stofnun, sem fæst við niðurskipun orkuvera handa einhverri tilvandi stóriðju, veitir virkjunarfyrirtækjum fríbréf til að darka í landinu einsog naut í flagi og jafnvel hyllast til þess að skaðskemma ellegar leggja í eyði þau sérstök pláss vegna landkosta, náttúruyrðar ellegar sagnhelgi eru ekki aðeins íslensku þjóðinni hjartfólgin, heldur njóta frægðar um víða veröld sem nokkrar eftirlætisgimsteinar jarðarinnar...“



**Árni G. Eylands, garðræktarfrömuður (1970):** „Þú fólk með eynd í arf! Þannig kvað skáldið um aldamótin síðustu. Það var löngum eyndin og veikleikinn í íslenzku atvinnulífi, að þjóðin varð í úrræðaleysi, fátækt og kunnáttuleysi að selja megnið af framleiðslu sinni úr landi sem óunnin hráefni: gæurnar og ullina, fiskinn og síldina, lýsið, útgangshrossin þróttlaus og ótamin, svo nokkuð sé nefnt. Nú er okkur – þjóðinni – sá vandi á höndum að koma hér upp stóriðnaði, hjá því verður vist ekki komizt, og því eigi heldur, að útlendur auður komi þar til skjalanna í miklum mæli, krefjandi um sitt, en um leið aukandi atvinnu og lífsmöguleikana í landinu. En það er hörmung – mikil hörmung – og raunar alger óhæfa, ef í stóriðnaði þeim sem hér kemst á laggimar á að standa þannig að verki, að hér sé fyrst og fremst unnið hráefni til útflutnings, eins og á árum eymdarinnar.“



**Einar Olgeirsson, alþingismaður (1964):** „Og þegar við erum að athuga um stóriðju, og nútímaíðju í þessu sambandi, þá má ekki gleyma því, að allt það, sem við stöndum frammi fyrir, og nú er að gerast í sambandi við elektronik, eins og Amerikanar kalla það, allt það, sem heitir reikniheilar og annað þess háttar, er að umskapa allt, sem heitir möguleika á stóriðju, og þessir hlutir gerast á þessum áratug, þannig að ef við ætlum að byggja á því, sem væri skynsamlegast að leggja í í þessum efnunum, þá er það fyrst og fremst mannvitið og þekkingin sjálf, sem við þurfum að leggja þarna til grundvallar.“

**Jakob Björnsson, orkumálastjóri (1970):** „Ígrip mannsins í umhverfi sitt eru ennþá svo lítil hér á Íslandi að margir taka ekki eftir þeim (...) jafnvel merkir og málsmetandi menn, virðast ímynda sér að svona geti þetta haldið áfram til eilíffarnóns. Ísland virðist í þeirra draumum og framtíðarsýn eiga um aldur og ævi að vera hið „ósnortna land“. Neikvæð náttúruvernd leggur áherslu á spurninguna hvort. Hvort nokkru skuli breyta yfirleitt. Í hennar augum er status quo það bezta. Allt hið nýja er óvissu undirorpið. Á að yfirgefa hið þekkt og leggja út í hið óvissa? Það gætu orðið mistök. „Við gjörþeytingum verður að sporna“. Þetta er viðhorf stöðunarinnar. Og stöðun er dauði.“





**Athyglisverð fjölskylda...**

# Baráttan um bestu búningabitana

Fótboltafárið er í hámarki þessa dagana enda stendur heimsmeistarakeppnin í Þýskalandi yfir með öllu því sem fylgir. Landsliðsbúningarnir skipta miklu máli og spila stærra hlutverk en margan grunar.

Fjöldmörg fyrirtæki af ýmsum toga gera sitt besta til að nýta heimsmeistarakeppnina í fótbolta til að fá smá bita af kökunni stóru eins og fólk hefur vafalaust tekið eftir. Allskonar tilboð kennd við keppnina eru í gangi í hinum ótrúlegustu verslunum, barir blómstra sem aldrei fyrr og auðvelt að nálgast vörur sem tengjast fótbolta á einn eða annan hátt.

Búningar þeirra liða sem eru að taka þátt í keppninni eru meðal þess varnings sem selst grimmt



**ÞEIR VINSÆLUSTU** Búningur Argentínu selst best hér á Íslandi af keppnisbúningum heimsmeistarakeppninnar. Í Þýskalandi er búningur Filabeinsstrandarinnar orðinn að tiskubylgju en hún hefur ekki náð að teygja arma sína hingað til lands. NORDICPHOTOS/AFP

um þessar mundir. Enginn er maður með mönnum nema hann eigi búning þeirrar þjóðar sem hann styður í keppninni og helst einn „sérstakan“ búning þar að auki, búning landsliðs sem er frá framanli landi sem hefur kannski ekki verið þekkt fyrir mikla knattspyrnuhefð gegnum árin. Til dæmis hefur vakið mikla athygli að í Þýskalandi, þar sem keppnin fer fram, hefur appelsínugulur búningur Filabeinsstrandarinnar óvænt slegið í gegn og er hann ófánlegur í nokkrum borgum landsins.

„Það má eiginlega segja að það sé komin upp óvænt tiskubylgja og búningar Filabeinsstrandarinnar rjúka úr hillum. Annaðhvort finnst fólk búningurinn svo flottur eða það hefur svona mikla samkennd með smærri liðunum,“ sagði talsmaður Puma-fyrirtækisins sem sér um framleiðslu á búningnum. Tölf landslið á heimsmeistaramótinu bera merki Puma sem trónir á toppnum yfir önnur fyrirtæki hvað það varðar. Athygli vekur að það eru þó aðallega smærri lið keppninnar sem klæðast Puma; eins og Tógó, Túnis, Íran, Sádi-Arabía, Angóla, Pólland og Sviss.

Á eftir Puma kemur Nike með átta keppnislið á mótinu í búningum frá sér. Þar má hins vegar sjá stærri nöfn eins og Brasilíu, Hol-



**BÚNINGAR NIKE** Hér má sjá stórstjörnu úr fótboltaheiminum kynna búninga frá Nike fyrir heimsmeistaramótið. NORDICPHOTOS/AFP

land og Portúgal. Svo eru sex þjóðir sem klæðast búningum frá Nike, þar á meðal gestgjafarnir og svo einnig Frakkland, Argentína og Spánn. Þessi þrjú fyrirtæki bera því höfuð og herðar yfir önnur en þó eru það nokkrar þjóðir sem eru ekki í búningum frá neinum af þeim og má þar nefna England sem ber merki Umbro. Baráttan milli þessara fyrirtækja um að ná samingum við þau íþróttafélög sem selja er hörð og hefur Puma farið aðrar leiðir en Adidas og Nike. Puma hefur ekki nægilega mikinn pening til að fá samninga við allra stærstu liðin og leggur því meiri áherslu á að reyna að næla sér í hin svokölluðu spútniklið og þau lið sem eru líkleg til að vekja á sér athygli. Pele sagði á sínum tíma að það yrði bara tíma-



**STOLTIR Í UMBRO** Aðeins tvö landslið á heimsmeistaramótinu klæðast búningum frá Umbro en það eru Svíþjóð og England sem hér eigast við. NORDICPHOTOS/AFP

FIFA WORLD CUP

## Búningatískan

### 1894

#### Treyja

Handþrjónaðar ullarpeysur sem drekktu í sig bleytu og gátu orðið niðþungar í blautu veðri. Flestar röndóttar en litir mismunandi eftir þjóðum.

#### Stuttbuxur

Í fyrstu voru þær mjög síðar og náðu langt niður fyrir hné en eftir því sem fótboltinn varð hraðari styttust þær.

#### Fótabúnaður

Pungir og stíffir leðurklössar með engum tökkum. Ullarsokkar og engar legghlífar.

#### Próun þýsku landsliðs-treyjunnar

1954

1960

1974

1982

1986

1990

1996

2006



Síðerma bómullartreyja með reimum.

Stuttermatreyja úr bómull og gerviefnum með reimum.

Hringlaga hálsmál. Engar reimar.

V-laga hálsmál.

Meira lagt upp úr hönnun og litum.

Fánalitirnir sjást vel á treyjuni.

Stíllengt hálsmál. Létt treyja úr gerviefni.

Leikmaðurinn finnur varla fyrir treyjuni.

Fyrstu keppnisbúningarnir í knattspyrnu litu dagsins ljós í lok 19. aldar. Síðan þá er meginhugsunin á bak við búningana sú sama; treyja, stuttbuxur og sokkar í stíl. Það er hins vegar fataefnið og hönnunin sem hefur breyst mikið með árunum.

### 2006

#### Treyja

Eingöngu búin til úr hinum ýmsu gerviefnum sem hindra svitann í að komast að líkamanum. Er í litum þjóðfánans, með skjaldarmerki á bringunni og númer leikmannsins aftan á.

#### Stuttbuxur

Búnar til úr gerviefnum og ná niður fyrir lærin. Hönnunin í stíl við treyjuna og með litum úr þjóðfánanum. Númer leikmannsins og skjaldarmerkið á hliðunum.

#### Fótabúnaður

Lauflettir og fínt saumaðir skór úr blönduðu gerviefni þar sem áherslan er lögð á þægindi. Lögum og stærð takkanna er mismunandi eftir því á hvernig undirlagi er spilað.

spursmál hvenær lið frá Afríku yrði heimsmeistari en uppgangurinn í fótboltanum í heimsálfunni er gífurlegur. Puma hefur einmitt lagt mikla áherslu á að fá Afríkuþjóðirnar á sitt band og reynir sitt besta til að veðja á rétta hesta enda verður næsta heimsmeistarakeppni eftir fjögur ár í Suður-Afríku.

Adidas og Nike leggja meiri áherslu á að ná í stóru þjóðirnar sem líklegastar eru til að komast sem lengst í keppninni. Því lengra sem þær komast, því meira verðmæti felst í búningasamningum. Ásmundur Vilhelmsson er framkvæmdastjóri Sportmanna sem sjá um sölu á Adidas-vörum hér á landi. Hann segir að Íslendingar hafi aldrei keypt eins mikið af búningum og einmitt nú. „Við sjáum mikla aukningu frá því til dæmis í kringum Evrópumótið fyrir tveimur árum. Hjá okkur er búningur Argentínu vinsælastur um þessar mundir en Þýskaland kemur sterkt inn. Það er greinilegt að salan fer mikið eftir árangri liðanna á vellinum. Til dæmis hefur franskur búningurinn ekki selst eins grimmt eins og áður þó að hann sé mjög flottur.“

### Hverjir klæðast hverju?

#### Adidas

Japan  
Trínidad og Tóbago  
Argentína  
Þýskaland  
Frakkland  
Spánn

#### Nike

Bandaríkin  
Suður-Kórea  
Mexíkó  
Brasilía  
Astralía  
Holland  
Króatía  
Portúgal

#### Lotto

Úkraína  
Serbía- Svartfjallaland

#### Puma

Túnis  
Íran  
Sádi-Arabía  
Filabeinsströndin  
Gana  
Tógó  
Angóla  
Paragvæ  
Pólland  
Tékkland  
Sviss  
Ítalía

#### Umbro

Svíþjóð  
England

#### Marathon

Ekvador

#### Joma

Kosta Ríka

Enda hefur franska liðið ekki verið að spila skemmtilegan fótbolta til þessa í keppninni,“ sagði Ásmundur. elvar@frettabladid.is

Söluaukning á fótboltabúningum í Bandaríkjunum:

## Búningar rjúka út

Ekki er löng knattspyrnuhefð í Bandaríkjunum en íþróttabúðir þar í landi finna þó sterklega fyrir því að heimsmeistarakeppnin er í gangi, þá sérstaklega þær verslanir sem eru staðsettar í þeim hverfum þar sem mikið er af innflytjendum. Í Newark í New Jersey býr mikill fjöldi innflytjenda frá Portúgal og Brasilíu og er vitað til þess að í íþróttavörverslun þar hafi salan aukist um 75 prósent í kringum HM. Starfsfólk í versluninni hefur varla undan við að raða búningum í hillurnar áður en þeir eru keyptir.

Aukningin á sölu í samskonar búðum hér á landi er ekki jafnmikil og í Newark en hún er þó umtalsverð. Verslunin Jóí útherji í Armúlanum selur íþróttavörur og þar er hægt að nálgast keppnisbúninga liðanna á HM. Valdimar P. Magnússon hjá Jóa útherja giskar á að söluaukningin í kringum mótið sé í kringum 20 prósent en hann segir að mikið sé að gera í búningasölu hér á landi. Að hans sögn eru búningar Argentínu, Brasilíu, Þýskalands og Spánar þeir vinsælustu á meðal íslenskra fótboltaunnenda.



\* Skv. Fjölmíðlakönnun Gallup maí 2006.

Friðriks/STIA

**En nærð þú athygli  
allra í fjölskyldunni?  
40% fleiri lesa Fréttablaðið!**

### Auglýsing í Fréttablaðinu virkar einfaldlega betur

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup\* **lesa 40% fleiri Íslendingar undir 50 ára Fréttablaðið** en Morgunblaðið. Með einni birtingu í Fréttablaðinu getur auglýsingin þín náð til 68,3% þjóðarinnar sem er meira en nokkur annar fjölmiðill á Íslandi getur boðið. Auglýsingu þinni er best borgið í því dagblaði sem flestir lesa.



**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Mest lesið



ALLT KLÁRT Guðmundur á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn áður en hann heldur af stað í sitt síðasta flug.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FYRIR FLUGTAK Guðmundur biður eftir leyfi til að geta hafið sig til flugs.



STRÁKARNIR TAKA VIÐ Pétur og Ólafur, synir Guðmundar, tóku við stýringu af karli föður sínum þegar í loftið var komið.



KAFFI FRÁ FRÚNNI Sigrún Gylfadóttir flugfreyja færir bónda sínum kaffisopa.

Þjóðhátíðardagurinn 2006 verður Guðmundi Jóhanni Ólafssyni flugmanni eftirminnilegur en þá flaug hann í síðasta sinn sem atvinnuflugmaður hjá Icelandair. Á ferli sínum hefur hann flogið um 24 þúsund flugtíma. Sigrún Gylfadóttir, eiginkona Guðmundar, er flugfreyja og synir Guðmundar tveir, þeir Ólafur og Pétur, eru flugmenn og öll voru þau í áhöfninni þegar Guðmundur sat í síðasta sinn í sæti flugstjóra frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur. Valgarður Gíslason ljósmyndari fékk að fylgjast með í flugstjóraklefanum.



ÞAKKAÐ FYRIR SIG Farþegarnir þakka fyrir gott flug og óska Guðmundi velfarnaðar.



FÉLAGARNIR KVEÐJA Kona og synir Guðmundar taka af honum myndir og kollegar hans kveða félaganna sinn.



KASKEITIÐ Á HILLUNA Guðmundur yfirgefur flugstjóraklefan í síðasta sinn sem flugstjóri eftir að hafa flogið um 24 þúsund flugtíma.



KVEÐUR SÁTTUR Guðmundur Jóhann Ólafsson kveður Icelandair sáttur eftir góða starfsævi.



# ALLM ÖTSALA

## í fullum gangi



**Skýrari mynd**  
Venjuleg sjónvörp eru með 640x480 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við!

**Tengdu við tölvuna**  
Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra með nýjustu leikina.

**Mynd í mynd**  
Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað.

### MEDION®

- HD Ready LCD sjónvarp
- Upplausn 1366 x 768
- 1000:1 í Skerpu
- Birta 500cd/m2
- 8ms viðbragðstími
- Mynd í Mynd (PIP)
- Textavarp með 2100 síðna minni
- Styður PAL/SECAM/NTSC
- 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
- HDMI tengi með HDCP stuðning
- 2x SCART, Composite og S-Video
- DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
- Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu

**40"**  
LCDsjónvarp

**VERÐ HRUN**

**40.000 kr**  
verðlækkun

**7.015**  
Tölvu- og tækjalán 48 mån.

**19.999**  
Vaxtalaust 12 mån.

**239.988**  
Staðgreitt

**7.015\***

**279.988**

## KRAFTMIKIÐ TILBOÐ!

50% afsláttur með öllum  
32" og 40" flatsjónvörpum!

Tilboð sem hljómar vel!



### SONY

DAVDZ300  
SONY HEIMABÍÓ DAVDZ300  
Fjölkerfa  
S-Master Digital Magnari  
800 Wött (5x133W +135W)  
Útvarp FM/AM RDS

Spilar VCD/S-VCD/MP3/JPEG/  
Divx  
Dolby Digital, DTS og PLII  
Pal Progressive Scan  
Hljóðtengi fyrir videótæki  
Fjarstýring



**SONY GÆÐI**



**100 RMS**  
wött

**2.499**

A MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**29.994**

STADGREITT

**59.988**



### TOSHIBA



PSAA2E-01D02CED  
TOSHIBA SATELLITE A100-523  
Intel® Celeron M 380  
1024MB DDR Minni (Mest 1GB)  
60GB diskur  
15,4" TruBrite XGA skjár WideScreen  
Upplausn: 1280 x 800  
ATI Radeon® Xpress 200M  
DVD Super Multi brennari  
10/100 Ethernet og V.90 mótað  
VGA, TV-OUT  
4x USB 2.0, hljóð inn/út  
33.2 x 27 x 3.7cm, 2.7 kg  
Rafhlöuending allt að 1:30 klst. (Mobile Mark™)  
Þráðlaus netstýring 802.11BG  
Windows XP Home  
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum



**24.000 kr.**  
afsláttur!

### TOSHIBA

FIFA WORLD CUP  
GERMANY 2006

**1024MB**

vinnsluminni

**60GB**

harður diskur

**DV Ready**

**ATI skjástýring**

**119.988**

**5.365**  
Tölvu- og tækjalán 36 mån.

**8.999**  
Vaxtalaust 12 mån.

**95.988**  
Staðgreitt

**5.365\***

**BT**

Opið til 22 í Skeifunni

Allt að  
**90%**  
afsláttur



**Matarstell**  
2001073



**2.499**



**Bollar 249**  
2201096



**Vigt 999**  
2085091



**Smáhlutabox**  
2085197



**995**

**Flíspeysur**  
Dömu og herra  
5863356/5863410



**2.995**

**Speglar**  
Gylltir og silfurlitaðir  
5856701/5856720

# Útsöllumarkaður

## Aðeins í Ögurhvarfi



**395**

**Öryggishlíf**  
Á blöndunartæki  
5749160



**Æfingaseta 1.995**  
Á WC, koppur, seta og pallur  
5749175



**1.500**

**Útileguset**  
3901451



**1.990**

**Kolagrill**  
2990270



**795**

**Skófla**  
5082486



**1.947**

**Verkfærataska, ProBox**  
5024890



Verð frá  
**985**

**Verkfæratöskur, ýmsar stærðir og gerðir**



**3.995**

**Gönguskór**  
Vatnsheldir, með öndun  
5860530

**Opnum í dag kl. 12:00**

**Opið alla daga frá kl. 12:00 - 18:00**

Tíboðin gilda meðan birgðir endast

Úrval  
inni- og  
útiljóna

1.500



Útiljós  
6009800

500



Útiljós  
6000201

1.500



Útiljós  
6000916



Ofn  
Electrolux, EON 3610, hvítur  
1830105

1.000fm<sup>2</sup>



Flísar  
Rio Grande Blanco, 23,5x33  
8610042

1.000fm<sup>2</sup>



Flísar  
Xintra Azul, 20x20  
8610103

Allt  
á að  
seljast

2.500



Rafmagnshnífur  
Russel Hoobs  
1807528

# Húsasmíðjunnar!

## við Breiðholtsbraut

Hreint  
frábær  
afsláttur



Sturtuklefar í miklu úrvali

Rýmum fyrir  
nýjum  
vörum!

1.990



Sturtuset  
8023860



Úrval blöndunartækja  
Á bað og í eldhús


54.000



Ísskápur  
Amica, burstað stál  
1808307



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál



FERÐALÖG STYRKJA FJÖLSKYLDUBÖNDIN Hjónin Tómas og Bjarnheiður hafa ferðast víða um landið ásamt börnum sínum og tekið saman handbók fyrir fjölskyldur á ferðalagi. Hér eru þau ásamt syninum Halli sem er tæplega sjö ára.

# Litla fólkið sett í fyrsta sæti

Það er gaman að ferðast og ekki síst ef yngstu fjölskyldumeðlimirnir eru ánægðir með ferðalagið. Þetta vita hjónin Tómas Guðmundsson og Bjarnheiður Hallsdóttir sem sett hafa saman ferðahandbók handa allri fjölskyldunni.

„Við erum að benda íslenskum fjölskyldum á skemmtilega staði sem gaman er að stoppa á og njóta íslenskrar náttúru með börnum. Bókin er sem sagt skrifuð með þarfir barna að leiðarljósi og því er þetta nokkuð óvenjuleg ferðahandbók,“ segir Bjarnheiður. Bókin hefur verið tvö ár í vinnslu en hugmyndin að henni kviknaði þegar hin fjögurra manna fjöl-

skylda var á ferðalagi um landið. „Við vorum að koma að norðan með fullan bíl af börnum og höfðum haft þetta eins og týpískir Íslendingar gera, að reyna að komast sem hraðast á milli áfangastaða a og b og stoppa helst hvergi nema í sjoppum og stórum þéttbýliskjörnum. Í Borgarfirði var ákveðið eftir mikið þref að stoppa við Grábrók og ganga upp að

gígnum. Það hafði enginn áhuga á þessu í byrjun en þegar fjölskyldan var komin af stað vakti þetta mikla hrifningu hjá öllum aldursþópum. Í kjölfarið datt okkur í hug að það vantaði leiðbeiningarit með upplýsingum um skemmtilega stoppstaði sem krakkar hefðu gaman af,“ segir Bjarnheiður.

## Gengið með barnavagninn

Bókin, sem er full af myndum, teikningum og alls konar fróðleiksmolum um landið, svarar spurningum eins og: Af hverju er sandurinn svartur? Hvað eru margar brýr á Íslandi og af hverju gjósa hverir? Allur hringvegurinn er tekinn fyrir sem og Vestfirðirnir og Vestmannaeyjar og á hverri opnu er fjallað um ákveðinn stað. „Við reynum að benda á það sem er áhugavert fyrir börn á þessum stað. Það getur verið litill lækur sem getur dugað börnum í marga klukkutíma að dunda sér í, pöddur eða fugl sem finnst á þessum stað, skemmtileg gönguleið eða jafnvel

eitthvað úr sögunni sem börn gætu haft gaman af,“ segir Bjarnheiður og Tómas heldur áfram.

„Það liggur ljóst fyrir að Íslendingar hafa mjög gaman af að ferðast og gera meira og meira af því sérstaklega með tilkomu nýrra gistingualeika, til dæmis tjaldvagna og hjólhýsa. Það er samt enn svolítið fast í fólki að hugsa í Ártúnsbrekkunni hvort það eigi að vera fjóra eða fimm tíma til Akureyrar,“ segir Tómas, sem finnst að fólk mætti stoppa meira og skoða sig um á ferð sinni um landið því það sé svo sannarlega nóg að sjá.

Bjarnheiður hefur unnið við að skipuleggja ferðir fyrir erlenda ferðamenn síðan 1992 og telur að sú reynsla hafi nýst henni vel við bókarskrifin. „Erlendir ferðamenn og börn eru ekki svo ólík. Erlendir ferðamenn koma með opinn og ómengaðan huga gagnvart landinu og hrifnæmi er mikið hjá þeim eins og hjá börnum,“ segir Bjarnheiður. Þau hjónin hafa ferðast um allt land við gerð bókarinnar og heimsótt marga staði

oftar en einu sinni og oftast en tvisvar, enda ekki skrifað um neinn stað nema heimsækja hann fyrst og finna þau áhrif sem hann hefur á hugann.

Bókin nýtist fólki með börn á öllum aldri jafnvel með kornabörn, enda sagt frá hentugum gönguleiðum fyrir fólk með barnavagna.

„Úr Skaftafelli er malbikaður göngustígur alveg upp að jökulrönd. Þetta er stórmerkileg leið sem sýnir hvernig skriðjökullinn hefur þróast. Stígurinn er það breiður að vel er hægt að mæstast með barnavagn. Það er önnur svona leið norður í landi við Gauksmýri í Húnavatnssýslu sem er sveit sem margir reyna meðvitund að komast um á sem mestum hraða. Þar er geysilega margt að skoða meðal annars er fuglaskoðunarparadís á Gauksmýrartjörn og að henni er 500 metra langur stígur sem hentar bæði þeim sem eru í hjólastólum eða með barnavagna,“ segir Tómas.

## Skemmtilegir rólúvellir

Flest börn hafa gaman af að heimsækja rólúvelli og í bókinni mæla hjónin sérstaklega með rólúvelli í Borgarnesi þar sem hreinlega þarf að rífa börnin í burtu með valdi. „Rólúvöllur þessi kallast Bjössaróló en hann er falinn innan um tré og runna í hjarta gamla bæjarins. Hann var búinn til af Birni Guðmundssyni, manni sem bjó rétt við völinn og hann smíðaði öll leiktækin á völlum úr afgöngum eins og spýtum og dekkjum sem hann fandi til,“ segir Bjarnheiður og bætir við að það sé ekki síður gaman að hlaupa niður í fjöru og leika sér þar, en þar er leikvöllur á fjörubambinum. Fullorðnir geta ekki síður haft gaman af völlum eins og fyrrverandi forseti landsins, Vigdís Finnbogadóttir sýndi og sannaði, en hún fór í opinbera heimsókn á völinn á sínum tíma og prófaði tækin.

„Ég held að það sé ekki endilega meðvitund stefna hjá fólki að taka hringinn á tveimur sólarhringum. Fólk þarf kannski hreinlega að breyta um hugsunarhátt og hugsa Íslandsferðalagið upp á nýtt. Með þessari hugmyndabók okkar fær fólk hugmyndir að nýjum áfangastöðum þar sem litla fólkið er sett í öndvegi því þau stjórna oft ferðinni þó svo margir geri sér ekki grein fyrir því,“ segir Tómas.



## 5 SKEMMTILEG STOPP FYRIR FJÖLSKYLDUR Á FERÐalagi:

### HVERAVELLIR

Allir krakkar hafa gaman af því að baða sig í lauginni á Hveravöllum. Búningsaðstaðan þar er með frumstæðasta móti sem gerir þaðferðina að ennþá meira ævintýri.

### BJÖSSARÓLÓ Í BORGARNESI

Þetta er einn flottasti rólúvöllur landsins. Stutt er niður í fjöru af völlum þannig að þegar krakkar eru orðnir leiðir á að róla má leika sér í fjöruborðinu.

### TEIGARHORN Í BERUFIRÐI

Hér er gaman að fara út og kíkja eftir geislasteinum, en Teigarhorn er einkum þekkt fyrir stóra og fallega kristalla.

### BARNAFOSS Í BORGARFIRÐI

Hér geta börn lært þá lexíu að það borgar sig aldrei að stelast í burtu í leyfisleysi eins og örlög barnanna sem drukknuðu í Barnafossi sýna.

### DIMMUBORGIR Í MÝRVATNSSVEIT

Þetta er draumastaður allra krakka. Ef ímyndunaraflinu er gefinn laus taumur má sjá ýmsar kynjamyndir í hrauninu eins og tröllskessur með stór nef, furðudýr og forynjur.

EF ÞU DEYRÐ Í LEIKNUM - DEYRÐU Í ALVÖRUNNI

FRUMSÝND 22. JÚNÍ

SMS LEIKUR

STAY ALIVE

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS SKEYTID JA SAF Á NÚMERID 1900 OG ÞU GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVÖ.

VINNINGAR ERU • BÍOMÍÐAR FYRIR TVÖ • DVD MYNDIR • TÖLVULEIKIR VARNINGUR TENGUR MYNDINI OG MARGT FLEIRA

X D3 BIO

VinnningarvefDa afhendir hjá BT Smárálið. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klubb. 99 kr/skeytið.



**Þetta gæti tekið tíma**



### **Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup\* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25-49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

\*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

**FRÉTTABLAÐIÐ**

- Mest lesið



www.minnsirkus.is



SIRKUS TV

**JAKE IN  
PROGRESS**

MÁNUDAGA KL 20:30

Bandarískur grínþáttur um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólkíð rennur á rassinn mætir Jake Phillips á svæðið og reddar máluum. Vandamálin eru bæði stór og smá en Jake er alltaf til staðar, boðinn og búinn að lappa upp á ímynd viðskiptavinanna. Mitt í amstri dagsins gleymir hann hinsvegar að hugsa um sjálfan sig en hann er hreint ekki barnanna bestur þegar kemur að einkalífínu.

#### FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.

## STUÐ MILLI STRÍÐA Hvar er sumarið?

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR LEYSIR LÍFSGÁTUNA



Á hverju einasta sumri kemur að þeim tíma að hvert einasta Íslandsbarn spyr ráðvillt út í loftið „hvar er sumarið?“. Allir yppa öxlum, hrísta hausinn, renna upp úlpum og svara niðurbrotnir „veistu, ég bara veit það ekki“.

En ... ég veit það.

Ég held að fólk eigi það til að rugla saman sumri og góðu veðri. Ef ekki það, þá á fólk það til að halda að íslenskt sumar sé eitthvað sem það er ekki. Þó svo sumarið á Spáni sé sandur og sól og sumarið á Ítalíu sé stúfult af Fabíóum og Fabrítsum þá er íslenska sumarið ekki þannig. Kannski sást einn sandborinn Fabíó

í sólinni sem skein fyrir nokkrum árum eitthvert sumarið. En það var bara náttúruundur, svipað og sólmyrkvi.

Íslenska sumarið er ekki sól heldur er það svo margt annað. Íslenska sumarið kemur fram í umhverfinu en ekki í veðrinu. Hvar er sumarið? Sumarið er í unglungum sem sofa í blómabeðum í pollagöllunum sínum; sumarið er að þurfa ekki að kveikja ljós svo vikum skiptir vegna dagsbirtu að nóttu til. Sumarið er líka í ungunum sem klæða sig ekki eftir veðri og ungu sveinunum sem finnst það geðveikt kúl. Sumarið er einnig fyrir framan okkur alla daga í formi gatnagerðar og umferðartafa, óendanlegra leigubílaraða eftir

djammkvöld, túrista sem dansa baráttumikinn dans við regnhlífina sína í íslenska sumarveðrinu eða drekkhlaðinna fólksbíla með drulluna upp að glugga. Sumar er brekkusöngur í Vestmannaeyjum, pulsustopp í Borgarnesi, grilllykt, sólroðinn Snæfellsjökull, ónotuð útstilling á kaffihúsi, tónleikar á Ingólfstorgi, leiðinda geitungur og mykjulykt úr garði. En einna besta vísbendingin um að sumarið sé komið til Íslands er þegar allir byrja að spyrja „hvar er sumarið?“.

Ég skal nú bara segja ykkur það að sumarið er beint fyrir framan nebbann á okkur. Við erum bara of gjörn á að sjá það ekki fyrir veðrinu. Lífum og njótum. Góða helgi.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÍSLENDINGAR Á ALDRINUM 18-39 ÁRA VILJA HELST VEGGFÓÐUR Í SÍN HÚS OG HÍBÝLI



Lestur 18-39 ára.

## Við þökkum frábærar móttökur!

Veggfóður er nýtt og ferskt lífsstíls- og húsbúnaðarblað og hefur á tæpu ári náð miklum vinsældum hjá fólki á aldrinum 18-39 ára, en **19% fleiri lesa Veggfóður en Hús og Híbýli** í þessum hópi\*. Veggfóður er því klárlega frábær kostur fyrir auglýsendur sem vilja ná til þeirra sem eru að skapa sitt fyrsta heimili og þeirra sem fylgjast með straumum í innanhúshönnun.



## VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



## Kl. 15

Sverð og exi Leifs Eiríkssonar verða bundin böndum í dag þegar Íslandsdeild Amnesty International efnir til gjörnings á Skólavörðuholti. Viðburðurinn er í tilefni af herferð samtakanna, „Komum böndum á vopnin,“ og ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um vopnaviðskipti sem verður sett á mánudag. Herferðin hófst árið 2003 og nú hafa ríkisstjórnir 45 landa lýst yfir stuðningi við gerð vopnaviðskiptasáttmála til að koma í veg fyrir ólöglega vopnasölu. Uppákoman hefst kl. 15.00.

# menning

menning@frettabladid.is



## LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI  
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI

SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK!

„Besta söngleikjauppfærsla ársins“  
S.S. - Fréttablaðið

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðsalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18, þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn



ÍSLENSKA ÓPERAN

**Footloose**

29. júní Frumsýning - Uppselt  
30. júní - Uppselt  
1. júlí - Uppselt  
6. júlí - laus sæti  
7. júlí - laus sæti  
8. júlí - laus sæti

Miðasalan er í síma 568 8000  
www.borgarleikhus.is  
www.minnstrikus.is/footloose



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## Þjóðleikhúsið – leikhúsið pitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

UNDIR SJÓSTJÖRNU

Sun. 25/6 örfá sæti laus. **Japönsk gestasýning.**

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Sala hafin á sýningar í september. Lau. 2/9, sun. 3/9, fös. 8/9, lau. 9/9.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld lau. 24/6 **uppselt**, sun. 25/6 **uppselt**. Sérstakar aukasýningar í tilefni **12 tilnefninga** til **Grimunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna**. Sala hafin á sýningar í september. Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!** Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30 TIL KL. 20:00. MÍÐASOLUSÍMI: 551 1200.  
SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**allt**

... sem þig vantar í  
nýja húsnæðið

**visir**

**NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTU-  
SKRÁ Á VISIR.IS/ALLT**

# Frá Óliver í Sólheima

Léttir sumartónar munu leika um Sólheima í dag þegar djasstríóð The Jazzy Havanas mun halda tónleika í kirkjunni á Sólheimum í Grímsnesi. „Það er menningarveisla í gangi hérna núna í sumar, við erum með hljóðfarasýningu, handverksýningu og vikulega tónleika á laugardögum,“ segir Þóra Marteinsdóttir umsjónarmaður tónleikanna. The Jazzy Havanas hefur leikið á kaffihúsum Reykjavíkur undanfarið misseri, en tríóð mun spila jazz standarda í öllum regnbogans litum á Sólheimum. Hljómsveitin er skipuð Árna Heiðari Karlssyni sem spilar á Hammond orgel, Róberti Reynissyni á gítar og Kára Árnasyni sem spilar á trommur. „Ég fór á Óliver um daginn að hitta vinkonur mína í kaffi og þá voru þeir að spila. Mér fannst þeir svo skemmti-



legir að ég talaði við þá og auðvitað voru þeir mjög til í þetta,“ segir Þóra, en ferðalangar og heimamenn sem

eiga leið um Grímsnesið ættu að skella sér á tónleikana sem hefjast kl. 13.30. Aðgangur er ókeypis.

# Benni skrifar fjölskyldusögu

Benedikt Erlingsson, leikari og leikstjóri, situr þessa dagana við skriftir á fjölskyldumynd. Benedikt er landsmönnum vel kunnur en að undanförunu hefur hann sýnt leikritið Mr. Skallagrímsson á Söguloftinu í Landnámsetrinu sem nýverið var opnað í Borgarfirði. Sýningin hefur hlotið góðar viðtökur en í leikritinu segir Benedikt sögu Egils Skallagrímssonar í knöppu og hnyttu formi og að mati gagnrýnenda þykir hann standa sig með eindæmum vel í hlutverki sínu.

Fyrir utan að sýna hin mörgu andlit Egils vinnur Benedikt að kvikmyndahandriti þessa dagana sem er langt komið í vinnslu og áætlað er að hefja tölur næsta sumar.

„Þetta er fjölskyldumynd í anda hinna góðu gömlu skandinavísku mynda samanber Tro, hop og kærlighed eftir Bille August og Zappa. Hún fjallar um ellefu ára dreng sem heitir Tómas en hann ákveður að segja sannleikann hvað sem það kostar en það hefur skelfileg áhrif á líf hans þar sem hann endar inni á barnageðdeild vegna þessa.“

Aðspurður hvort hér sé á ferðinni mikið drama svarar Benedikt því neitandi og bætir við að hér sé á ferðinni rómantísk gamanmynd. Heilmargt annað er í deiglu hjá Benedikt á næstunni þótt hann vilji ekki láta uppi í hverju það felist. „Ég er með mörg járn í eldinum og vonandi mun eitthvað af þessum járnnum verða að beittum sverðum.“

Áætlaður kostnaður við gerð myndarinnar er um 100 milljónir íslenskra króna en ZikZak kvikmyndir sjá um fjármögnun myndarinnar. - brb

**MR. SKALLAGRÍMSSON**  
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssætri í Borgarnesi  
Sýningar í júní og júlí

Föstudag	23. júní	kl. 20	örfá sæti laus
Laugardag	24. júní	kl. 20	örfá sæti laus
Föstudag	30. júní	kl. 20	laus sæti
Laugardag	1. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	2. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	7. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	8. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	9. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	14. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	15. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	16. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	21. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	22. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	23. júlí	kl. 20	laus sæti
Föstudag	28. júlí	kl. 20	laus sæti
Laugardag	29. júlí	kl. 20	laus sæti
Sunnudag	30. júlí	kl. 20	laus sæti

**LEIKHÚSTILBOÐ**  
Tvíréttaður matur, miði og fritt í göngin til baka í boði Landnámssæturs  
Frá kr. 4000 - 4800  
MÍÐAPANTANIR Í SÍMA 437 1600



BENEDIKT ERLINGSSON Vinnur að nýju kvikmyndahandriti sem tölur hefjast á næsta sumar.

# Ástrali tekur upp með Steintryggi

Tölvutónlistarmaðurinn Ben Frost frá Ástralíu er genginn til liðs við hljómsveitina Steintrygg og mun m.a. taka upp nýja plötu með sveitinni í næsta mánuði. Bættist hann þar með í hóp slagverksleikaranna Sigtryggs Baldurssonar og Steingrims Guðmundssonar.

Upptökurnar á plötunni fara fram í hlöðu í Wales á milli tónleika

sveitarinnar í Wales og í London. Fyrst mun Steintryggur, með Frost innanborðs, spila á smáþjóðahátíð í Wales þann 8. júlí. Eftir það hefjast upptökur á plötunni en þann 18. júlí spilar sveitin síðan á slagverkshátíð í Royal Festival Hall í London.

Eina plata Steintryggs til þessa, Dialog, kom út árið 2003 og fékk hún mjög góðar viðtökur. -fb



STEINTRYGGUR Tölvutónlistarmaðurinn Ben Frost frá Ástralíu mun taka upp nýja plötu með Steintryggi.



# Með samviskuna í töskunni

Boðorðin tíu öðlast nýtt líf á sýningu sem verður opnuð í Listasafni Árnesinga í Hveragerði á laugardag þar sem textilhönnuðurinn Ríkey Kristjánsdóttir breytir þeim í beinar spurningar og nýtir á samviskutöskur.

Stelur þú? Girnist þú konu nánunga þíns? Drýgir þú hör? Þessum spurningum geta gestir Listasafns Árnesinga velt fyrir sér frá og með laugardegnum og fram til 1. ágúst á sýningu Ríkeyjar Kristjánsdóttur sem nefnist Endurunnar minningar. Þetta er fyrsta einkasýning Ríkeyjar sem útskrifaðist frá Handarbejds Fremmes Seminarium í Kaupmannahöfn voríð 2003 með útsaum sem aðalfag og

unum út um alla íbúð hjá mér og gekk svo um eins og ég væri að tína blóm og valdi það sem passaði saman," segir Ríkey.

Svokallaðar samviskutöskur verða áberandi á sýningunni en það eru axlartöskur sem Ríkey hefur þrykkt boðorðin tíu á.

„Töskurnar eru meðal annars búnar til úr gömlum jakkafötum og vekja þær eigendurna til umhugsunar um eigin samvisku," útskýrir Ríkey sem segir að boðorðunum tíu hafi á sínum tíma nánast verið troðið upp á hana þegar hún var að alast upp á Borgarfirði eystra og hún hafi í raun fermst þar nauðug. „Já, þetta var stórmál á sínum tíma, presturinn var sendur heim til mín en ég lét að lokum undan vegna þrýstings," segir Ríkey hlæjandi og bætir við öllu alvarlegri.

„Boðorðin verða mun áhrifaríkari séu þau sett fram sem spurningar heldur en sem skipanir. Þannig höfðu þau mun meira til samvisku fólks.“

Þess má líka geta að sama dag og Ríkey opnar í Listasafni Árnesinga verður einnig opnuð þar önnur áhugaverð sýning sem kallast Grannagróður en þar er sýndur listiðnaður og hönnun frá Færeyjum eftir 23 einstaklinga. Báðar sýningarnar verða opnaðar kl. 16. Ferðalöngum er líka bent á að verk Ríkeyjar má einnig finna í versluninni Draumhús á Seyðisfirði.



ENDURUNNAR MINNINGAR Belti sem búið er til úr ýmsum afgöngum, en efnin sem Ríkey notar eru fundin hér og þar.

textilhönnun sem aukavalgrein. Síðan hefur Ríkey tekið þátt í sam-sýningum hjá Handverki og hönnun og starfað sem handavinnukennari á Seyðisfirði. Þar rekur hún nú verslunina Draumhús sem sérhæfir sig í indverskum munum og einnig stendur hún fyrir hótélrekstri ásamt sambylismanni sínum en saman reka þau Hótel Ölduna.

Á sýningunni í Hveragerði verður að finna ýmiss konar fatnað og fylgihluti eins og belti, húfur og inniskó, allt hlaðið bróderí og minningum.

„Efnin sem ég nota í þessa hluti eru fengin héðan og þaðan. Beltin eru úr gömlum gardínum, og restin úr hinu og þessu sem ég hef sankað að mér í gegnum árin og fundist fallegt. Ég dreifði efn-

ÚTSAUMUÐ DJÁSN Ríkey lærði útsaum í skóla í Kaupmannahöfn og notar hann óspart til skreytinga á fatnað og fylgihluti.



SAMVISKUTÖSKUR Hér má sjá Ríkey með eina af samviskutöskunum sem unnar eru upp úr gömlum jakkafötum skreyttar boðorðunum tíu. FRÉTTABLAÐ/HRÖNN



BLÚNDUR OG BRÓDERÍ Skemmtilega litríkt höfuðfat úr blúnduefni.



HALLGRÍMSKIRKJA Tónleikarnir eru liður í tónleikaröðinni Alþjóðlegt orgelsumar.

## Ljúfir orgeltónar

Það verður nóg um að vera í Hallgrímskirkju um helgina. Í hádeginu í dag verður þar boðið upp á hadegistónleika og á morgun sunnudag verða þar kvöldtónleikar. Tónleikarnir eru liður í tónleikaröðinni Alþjóðlegt orgelsumar og leikur Thomas Trotter frá Birmingham í Englandi á orgelið á þessum tónleikum en hann er meðal þekktustu organista heims. Þetta er í fjórtánda skipti sem kirkjan býður upp á alþjóðlegt

orgelsumar en í sumar munu orgelleikarar frá sjö þjóðlöndum spreya sig á orgeli kirkjunnar. Á sunnudag verður svo messa í kirkjunni kl. 11 þar sem fimm drengir sem búsettir hafa verið í Noregi fermast. Sr. Helgi Hróbjartsson prestur Íslendinga í Noregi prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Jóni Dalbú Hróbjartssyni. Mótettukór kirkjunnar syngur við messuna. Ensk messa verður svo í kirkjunni kl.14.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

21 22 23 24 25 26 27

### Laugardagur

#### TÓNLEIKAR

- 12.00 Eurythmie-Bühnensemle býður upp á kynningu á hrynlíst í Salnum í Kópavogi kl. 12 og kl. 13 hefst tónleikar. Á efniskránni eru verk eftir Chopin, Schubert, Schumann og fleiri. Miðaverð 1600 kr.
- 20.00 Mezzoforte og Steinar Kjeldsen kvartett ásamt Arne Strömsnes leika á tónleikum á Jazzhátíð Austurlands.
- 23.00 Sniglbandið fagna 21 árs starfsári með balli á Nasa. Aðgangur 1000 kr.

#### OPNANIR

- 17.00 Hlíf Bjarnadóttir, Dögg Stefánsdóttir og Karen Dúa Kristjánsdóttir opna sýningu í GalleriBOX en hópurinn á eins árs afmæli. Heitur matur, rauður drykkur og DJ kokteilsósa þeytir skífum. Frá 17.00 til 20.00.

#### SÝNINGAR

- 16.00 Sumarsýning Kjarvalsstaða opnar í dag en á henni er úrval verka úr hinni miklu safneign Listasafns Reykjavíkur. Verkin eru frá aldamótum 1900 og til samtímans.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**Alveg briliant skilnaður**

**Einleikur**  
**Eddu Björgvinsdóttur**  
**um allt land.**

**Hella**  
**Safnaðarheimilið**  
**28. júní**  
Miðasala: 487-7710, 892-5912

Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

**Landsbankinn**

# allt

# atvinna

Alla sunnudaga

– bruggaður úr íslensku byggi

léttbjör



### > Ekki missa af

...Nýja brúkkreminu frá Chanel sem er gætt miklum raka og lyktar einstaklega vel. Gott að eiga í sólarleysi íslenska sumarsins.

# Útlit

utlit@frettabladid.is



## SMEKKURINN KRISTÍN BERGSDÓTTIR SÖNGKONA

# Ekki hrædd við að blanda saman litum

**Spáir þú mikið í tískuna?** Já, svona þegar mig vantar innblástur, annars er ég með sterka skoðun á því hvað mér finnst fallett.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Hann er ævintýrlegur og kvenlegur.

**Uppáhaldshönnuður eða fatamerki?** Marc Jacobs, KTZ og Humanoid til dæmis. Annars skiptir það mig engu máli hvaða merki það er þegar ég finn eitthvað fallett. Ég var reyndar í London í maí og fann alveg rosalega fallegan Marc Jacobs-kjól sem var eins og saumaður á mig. En ég var á leið til Parísar og ég vildi ekki eyða öllum peningnum mínum áður en ég færi til móðurborgar tískunnar í fyrsta sinn. Svo gat ég ekki hætt að hugsa um þennan guðdómlega kjól og

fann sölustað MJ í París en þá var hann uppseldur þar í borg. Ég flaug um London og ákvað að freista gæfunnar og fara að kaupa hann. Ég brunaði í búðina en hann var farinn, afgreiðslustúlkan sá hvað ég var miður mín og hringdi á alla sölustaðina í London en hann var uppseldur. Næst mun ég ekki hika. **Flottustu litirnir?** Ég er hrifnust af hreinum litum, gulum, rauðum, bleikum, grænum, bláum og fjólubláum. Ég er ekki hrædd við að blanda þeim öllum saman, því fleiri litir, því meiri gleði. **Hverju ertu veikust fyrir?** Ég á aldrei nóg af hælaskóm og kjólum. **Hvaða flik keyptirðu þér síðast?** Alveg æðislegar rauðar gallabuxur í KronKron. **Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Kjólarnir og buxurnar eru með

mittið á réttum stað.

**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?** Mig langar mjög mikið að kaupa mér dömulegt reiðhjól með bastkórfa á stýrinu.

**Uppáhaldsverslun?** Spúútnik, Kron og KronKron og Rokk og rósir.

**Hvað eyðirðu miklum pening í fót á mánuði?** Það er mjög mismunandi, það fer algjörlega eftir því hvort ég sé eitthvað fallett sem ég get ekki verið án.

**Hvaða flikur gætirðu ekki verið án?** Rauðu kápunnar minnar, dökkbláu Lee gallabuxnanna minna og svo náttúrliga allra skónna minna.

**Uppáhaldsflík?** KTZ-tíglakjöllinn minn. Það er án efa skemmtilegasta flíkin mín. Hann skartar nefnilega öllum upphaldslitunum mínum.

**Hvert myndirðu fara í verslunarferð?**

Til London af því ég þekki hana svo vel og ég veit hvar upphaldsbúðirnar mínar eru.

**Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér?**

Það eru Diesel-mjadmabuxur sem ég keypti í Köben 2002.



## MÓÐUR VIKUNNAR

> ÁLFRÚN FER YFIR MÁLIN

## Tískuslys, eða hvað?

„Gula spjaldið, gula spjaldið, hvar ert þú...?“ Þetta sungu stuðningsmenn FH í fótbolta hástöfum ef þeim fannst einhver eiga skilið að fá refsingu fyrir brot á þeirra mönnum í knattspyrnuleik sem ég fór á í vikunni. Ég fór þá að hugsa af hverju gula og rauða spjaldið væri ekki notað í öðrum tilgangi líka. Hvort við gætum sett okkur í dómastellingar og með gagnrýni okkar gefið hvert öðru gult og rautt spjald, jafnvel gerst svo gróft að reka fólk út af.

Tíska er dæmi sem fólk gagnrýnir mjög gjarnan. Smekkur manna er misjafn, er þó gott orðatiltæki. En á maður einfaldlega að leyfa fólk að njóta vafans og meðtaka það að sumir hafa bara engan áhuga á því að klæðast tískuflikum? Velja þægindi framyfir flottheit. Ég hef mjög gaman af því að stúdera ólíka stíla og sjá hversu langt fólk er tilbúið að ganga í nafni tískunnar. Stend mig oft

af því að gagnrýna um of, tek upp dómaraflautuna ef mér finnst fólk vera að misnota tískuna. Að mínu mati er nefnilega til algjörlega litblint og smekklaust fólk. Það er oft sem ég horfi á fólk og hugsa hvernig það í ósköpnum gat verið ánægt með sig þegar það labbaði út um morguninn. Þó að mikið frjálsræði ríki í tískunni núna eru ákveðnar reglur sem maður verður alltaf að fylgja. Sum munstur og snið eiga alls ekki að vera sett saman og fara heldur ekki hverjum sem er.

Fullt er til af tískubókum og endalaust úrval tískublaða þrýðir hillur bókabúðanna þannig að það er mjög erfitt að mínu mati að meðtaka ekki hvað er að gerast í tískunni hverju sinni. Mér finnst að það eigi ekki að vera leyfilegt að tækla tískuna, klæða sig eins og fífl og halda að öllum sé sama. Ef fólk gerir það þá verður það að bíta í það súra epli að fá gula eða rauða spjaldið fyrir gróf brot.



**SÆT OG FÍN**  
Fallegur kjóll úr Spúútnikk með síðum ermum.

**SÍTRÓNUGULUR**  
Flottur kjóll frá All Saints í Kringlunni.

**SKEMMTILEGUR**  
Flottur kjóll yfir buxur eða bikinið. Lífgar upp á rigningsuddann. Fæst í Gallerí 17.

**SKYRTUKJÓLL**  
Kjóll með kraga og tölum í fallegu bláu munstri úr Centrum í Kringlunni.

# Endurkoma kjólanna

Mikið er búið að fjalla um hversu kvenleg tíska er núna, flestum konum til mikillar gleði. Beltin hafa færst upp í mittið og úrvalið af sokkabuxum og leggings hefur aldrei verið meira. Loksins getum við farið úr síðu gallabuxunum og ullarkápunum á sumrin og klæðst fatnaði sem líkist meira einhverju sem tiskufyrirmyndir okkar á borð við Carrie Bradshaw úr Sex and the City og leikkonan Sienna Miller myndu klæðast. Við getum síðan hlýjað okkur við að horfa á sandalana og stuttbuxurnar inni í skáp á köldum sumardögum.

Grunnurinn í kvenlegum fatnaði eru kjólar. Þeir eru til í mörgum stærðum og gerðum og henta við hvaða tækifæri sem er. Hver kannast ekki við setninguna „ég

á ekkert til að fara í“ sem oftast er sögð fyrir framan troðfullan fataskáp fyrir leiðin liggur í gilli. Kjólar eru alltaf öruggt val. Maður getur verið sætur, flottur, töff og kynþokkafullur í kjól og hann er því hentugur fyrir öll tækifæri, bæði í matarboð hjá ömmu og á dansgólfi á skemmtistöðum bæjarins.

Í frjálsleika tiskunnar um þessar mundir er ekkert snið meira í tisku en annað. Stuttir, síðir, víðir og þröngir. Allt er leyfilegt og gaman er að brydda upp á þá með flottu belti eða skarti. Þrátt fyrir grámyglu margra sumardaga skulum við hressa upp á hverdagsleikann með litríkum og skemmtilegum sumarkjólum.

alfrun@frettabladid.is



**VASAR OG BLÖÐRUSNIÐ**  
Vasar gera kjóla hverdagslegri og þetta er skemmtilegt snið úr smíðu Zac Posen. Köflótt munstur og pils með blöðrusniði.

**MUNSTRUÐ GLEÐI**  
Þessi fallegi sumarkjóll er úr versluninni Karen Millen.



**KVENLEGUR KRAGI**  
Svart og hvítt munstur klikkar aldrei og gaman er að poppa það upp með litríkum skóm eða fylgihlutum. Þessi er frá drottningu kjólanna Diane Von Furstenberg.


**BRJÁLADUR**  
Glaðlegur kjóll með rykkingum í mittið. Frá Spúútnikk.

**HLÝRALAUS**  
Dömulegur kjóll frá versluninni Karen Millen. Sniðið er kvenlegt í anda stríðsáranna.

**STUTTUR KJÓLL**  
Munstraður kjóll úr Kúltúr í Kringlunni.

## VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MED **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



## GLÆNÝTT

VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku parítjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkishús við Vatnsenda
- Ofursvöl píparsvínaibúð í 101 Reykjavík

# Kvenlegur töffari



**ÞOKKADÍS** Milla er hér í svörtum flegnum kjól með hári klauf. Kvenlegt og fallett.

Hin fjölhæfa Milla Jovovich hefur vakið mikla athygli fyrir flottan klæðnað og skemmtilegar samsetningar. Mörgum finnst hún vera ákveðin fyrirmynd á sviði tískunnar og á hún auðvelt með að láta flíkur líta vel út.

Hún fæddist í Úkraínu og hóf módelstörf aðeins níu ára gömul. Hún er þekkt fyrirseta og leikona og nú síðast kom hún fram með fatamerkið Jovovich-Hawk. Hún hefur því í nógu að snúast enda sannkölluð kjarnakona. Milla er þekktur töffari og er stíll hennar örlítið strákalegur en henni fer þó jafn vel að klæðast jakkafötum og síðkjól. Yfirleitt sést hún í stuttum kjólum með flotta og tískulega fylgihlutum.



**HVERDAGSLEG** Leikkonan er hér í gallapísi og leggings sem hún blandar skemmtilega saman við hvítan topp og blátt belti.



**FYLGIHLOTUR VIÐ HÆFI** Munstraður léttur sumarkjöll, silfurliðaðir hælaskór og belti í mittið. Skemmtilegur hattur setur punktin yfir i-ið og er Milla ein af fáum sem getur borið þessa samsetningu vel.



**HVÍTUR KJÓLL** Hér sést hún á rauða dreglinum í sniðlausum hvítum kjól sem gæti verið ættaður frá charleston-tímabilinu 1920-30.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**SNILLINGURINN SJÁLFUR** Camilla Staerk er orðin hönnuður í fremstu röð og fékk kynslóðaverðlaun verslunarkeðjunnar Topshop í fyrra.

## Staerk í fremstu röð

Mikil gróska er í dönsku tískulífi og danskir fatahönnuðir hafa verið að gera það gott á heimsvísu. Camilla Staerk er ein af þeim og er, þrátt fyrir ungan aldur, í fremstu röð meðal kollegra sinna.



**LEÐURKJÓLL** Svartur er alltaf öruggur í bland við gula skó og belti og netsokkabuxur. Samsetning beint úr smíðju Camillu Staerk.



**HERRAFATNAÐUR** Flottar teinóttar niðurmjóar buxur, vesti og drappplitaður jakki er töffaralegt og klæðnaður sem íslenskir herrar eiga að taka sér til fyrirmyndar næsta haust.



**KYNÞOKKI** Gulir hnésokkar og fallett svart píls úr finflaelli með vösum og axlaböndum. Staerk hittir beint í mark með þessu útliti og verður vinsæl blanda næsta haust og vetur.

**ego dekor**  
 BÆJARLIND 12 · S: 544 4420  
 WWW.EGODEKOR.IS  
 Opíð: mán-fös 10:00-18:00 · lau 10:00-16:00  
 LOKAÐ Á SUNNUDÖGUM

Stórt stækkanlegt borð  
 180(+60)x120 og 6 staflanlegir stólar -10%:  
 Tilboðsverð: 79.920,-

## GLÆSILEG GARÐHÚSGÖGN ÚR GEGNHEILU TEKKI

Staflanlegur stóll  
 -10%  
 Tilboðsverð: 6.120,-

Átthyrnt borð  
 120cm og 4 klappstólar  
 m/arm -10%  
 Tilboðsverð: 35.910,-

Stækkanlegt borð 120(+60)x120 og 6 stk. klappstólar m/arm  
 \*Borð einnig fánlegt í 180(+60)x120  
 Allt settið án sessu -10%  
 Tilboðsverð: 62.100,-

**IBIZA**  
 legubekkur -10%  
 Tilboðsverð: 21.600,-

## Plötuð daginn fyrir brúðkaupið

Það er mógæsing fyrir utan heima hjá mér. Fólk er brjálað, sagði Þóra Sigurðardóttir, einnig þekkt sem Birta í Stundinni okkar, þegar Fréttablaðið ræddi við hana í gær. Í blaðinu í gær birtist smáauglýsing þar sem Þóra var sögð vera á leið til Bahamas og væri því að selja búslóðina sína á spottprís. Auglýsingin var þó ekki á vegum Þóru heldur vinkvenna hennar sem ákváðu að gera henni grikk í tilefni af því að hún gengur upp að altarinu í dag ásamt kokkinum Völla Snæ.

Ég fór í klippingu í gærmorgun og gleymdi að kveikja á símanum mínum. Þegar ég kveikti svo loksins á honum hringdi Völli í mig og spurði hvað væri í gangi. Ég hafði ekki hugmynd um hvað hann var að tala um en sá síðan að ég hafði ekki svarað 70 símtölum og smáskilaboðahólfíð mitt var yfirfullt. Ég



hef ekki einu sinni lagt í að hlusta á talhólfíð, segir Þóra. Ég er ekki að fara að flytja til Bahamas og fyrr myndi ég selja ofan af mér en að selja þessa stóla.

Þóra og Völundur þurftu að flýja heimili sitt fyrir ágengum kaupendum og setti hrekkurinn brúðkaupsundirbúninginn nokkuð úr skorðum. Eins og gefur að skilja var Þóra nokkuð gröm yfir þessu gríni vinkvenna sinna og í samtali við blaðamann hótaði hún þeim jafnvel barsmíðum. Íætli brúðurinn verði ekki með kúlu á höfðinu þegar hún gengur inn kirkjugólfíð, sagði Þóra í góðlátlegu gríni.

-kh

**ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR** Hún varð fyrir heldur óskemmtilegri reynslu í gær en lét það þó ekki aftra sér frá brúðkaupsundirbúningi.



## Sólardýrk- endur kætast

Skjótt skipast veður í lofti og landsmenn láta ekki segja sér það tvisvar að njóta blíðunnar þegar sólin lætur loks sjá sig. Á fimmtudaginn var margt um manninn á Austurvelli í hádeginu og jafnvel hundar og kettir horfðu löngunaraugum á sumarsæluna úti. Ljósmyndari Fréttablaðsins fangaði sumarstemninguna.



**GLUGGAVEÐUR** Fyrir suma var of kalt úti, en alltaf er hægt að fylgjast með úr fjarlægð.



**BARNALÁN** Á Austurvelli voru hressir krakkar á leikjanámskeiði frá Miðbergi í Breiðholti.



VOLVO S40

VOLVO V50

VOLVO S60

VOLVO V70

VOLVO S80

VOLVO XC70 AWD

VOLVO XC90 AWD

## VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma aksturs-eiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að billinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíll bílblaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíll án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðuðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

### Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnýkksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloft-púða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflytningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjó hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílblaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnýkksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðuðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.

Aflaðu þér frekari upplýsinga [www.volvo.is](http://www.volvo.is)

GO ALMANAGEMENTS - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Volvo S40 bensín.  
Verð frá 2.595.000 kr.\*

Volvo S40 dísil.  
Verð frá 2.965.000 kr.\*

\* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Veitingahúsaveldi Íslands færir út kvíarnar

Gestir og gangandi á Laugaveginum hafa tekið eftir því að framkvæmdir standa yfir í húsinu þar sem Nelly's var áður. Nýr veitingastaður mun rísa úr rústum Nelly's í haust en eigendurnir eru þeir sömu og standa að glænýju Silfri, Sjávarkjallaranum og fleiri stöðum. „Við ætlum að fara meira til austurs á þessum stað en ekki til Taílands, þetta verður bragðmeiri austurlenskur matur. Suður-Ameríka, Indland, Japan og Kína í bland og við ætlum að „poppa“ matinn upp með íslensku hráefni,“ segir Lárus Gunnar Jónasson, einn eigenda staðarins en hann er yfirmatreiðslumeistari á Sjávarkjallaranum. Segja má að eigendurnir sem standa að baki hinum nýja stað myndi

veitingahúsaveldi í Reykjavík því þeir eiga einnig Silfur, Sjávarkjallaran, Thorvaldsen Bar, Café Victor, Tapas-barinn, Café Óperu og Sólon. „Okkur finnst þetta svolítið gaman. Við viljum hafa mikla flóru í veitingastöðum og það er gaman að hjálpa til við það,“ segir Lárus. Á jarðhæð staðarins í Þingholtsstræti verður „lounge“ stemning þar sem hægt verður að fá léttu rétti, framandi kokteila og aðra drykki. „Þar verður plötusnúður sem spilar þægilega tónlist, eins og maður sér erlendis. Á miðhæðinni verður eldhúsið og efst verður veitingastaðurinn sjálfur,“ segir Lárus. Mikið verður lagt upp úr framandi réttum og stemningu á staðnum. „Þetta er bróðir Sjávarkjallarans, en í

öðruvísi stíl,“ segir Ágúst Reynisson, framkvæmdastjóri Sjávarkjallarans og einn eigenda staðanna. Yfirkokkurinn á nýja staðnum, sem hefur ekki fengið nafn, er einmitt Hrefna Rósa Jóhannesdóttir sem hefur verið á Sjávarkjallaranum í nokkur ár. Það verður þó ekki fyrr en í september eða október sem landinn getur kynnst þessari framandi matarmenningu því framundan eru miklar framkvæmdir enda er húsið bara fókelt. „Það er búið að henda öllu sem gamalt var. Það eina sem er eftir eru burðarbitar og bárujár,“ segir Lárus Gunnar Jónasson, en hann lofar því að staðurinn verði sá flottasti í Reykjavík þegar hann opnar.

rosag@frettabladid.is



LÁRUS GUNNAR JÓNASSON „Það verður mikið að gerast í húsinu. Gaman að borða uppi og skipta svo um umhverfi og fara niður og fá sér drykki,“ segir Lárus en hann er einn eigenda staðarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



LESTUR Á AUSTURVELLI Ekki er amalegt að sitja í makindum og lesa í góða veðrinu.



HÁDEGISHLÉIÐ Það var þéttskipað á veitingastöðum miðbæjarins enda hafa margir gripið tækifærið og sólað sig í hádegishlénu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**VOLVO**  
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á

**Nýtt í bíó**

Lindsay Lohan Chris Pine  
**Just My Luck**

Komdu í myndasta ferðalag sumarsins.  
För beint á toppinn í USA

1 FJÖLSKYLDA.  
8 HJÓL. ENGAR BREMSUR

Á 6. DEGI  
6. MÁNAÐAR-ÁRIÐ 2006  
MUN DAGUR HANS KOMA.  
ÞORIR ÞÚ Í BÍÓ  
MÖGNUD ENDURGERÐ  
AF HINNI KLASSISKU  
THE OMEN!

LOKAUPPGJÖRÐ!  
X-MEN  
2000. KR. AFSLÁTTUR  
FYRIR XY FÉLAGA  
MED HVERJUM HELDUR ÞÚ?

SVAKALEG HROLLVEKJA SEM  
FÆR HÁRIN TIL AD RISA!  
**STAY ALIVE**  
EF ÞÚ DEYRD Í LEIKNUM,  
DEYRDU Í ALVÖRUNNI  
Sýnd kl. 6, 8 og 10 kl. 16 ára

FRÁBÆR MYND MED  
ANTONIO BANDERAS  
Í SJÓÐHEITRI DANSSVEIFLU  
**TAKE THE LEAD**  
ENGINN TRUÐI Á PAU,  
EN HANN HJALPAÐI  
ÞEIM AD FINNKA TAKTINN.  
Sýnd kl. 3:40, 5:45, 8 og 10:20

Hún var heppnasta stelpan  
í bænum þangað til drauma-  
prinsinn eyðilagði allt!  
Frábær unglinga gamanmynd  
með Lindsey Lohan í  
fantaformi! **FM957**

Frábær mynd með  
Antonio Banderas  
í sjóðheitri danssveiflu

51.000  
MANNS

LEITID SANNLEIKAN'S  
HVERJU TRUIR ÞU?  
UPPLIFDU VINSÆLUSTU  
BOK Í HEIMI!  
**THE DA VINCI CODE**

400 KR. Í BÍÓ!  
Gættu á öllum sýningum í  
Borgarbíó með rannsókn

**SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

<b>JUST MY LUCK</b>	kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20	<b>JUST MY LUCK</b>	kl. 3, 5.40, 8 og 10.20	<b>JUST MY LUCK</b>	kl. 6, 8, og 10
<b>R.V.</b>	kl. 1.30, 3.40, 5.50, og 8	<b>R.V.</b>	kl. 3 og 5.50	<b>R.V.</b>	kl. 4 og 8
<b>THE OMEN</b>	kl. 10.10 B.L. 16 ÁRA	<b>TAKE THE LEAD</b>	kl. 8 og 10.30	<b>THE OMEN</b>	kl. 10 B.L. 16 ÁRA
<b>X-MEN 3</b>	kl. 1.30, 5.40, 8 og 10.20 B.L. 12 ÁRA	<b>THE OMEN</b>	kl. 8 og 10.30 B.L. 16 ÁRA	<b>DA VINCI CODE</b>	kl. 5.15
<b>DA VINCI CODE</b>	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA	<b>DA VINCI CODE</b>	kl. 3, 6 og 9 B.L. 14 ÁRA	<b>RAUÐHETTA M/ ISL. TAL</b>	kl. 3.45
<b>DA VINCI SYND Í LÚXUS</b>	kl. 3, 6 og 9 B.L. 14 ÁRA	<b>RAUÐHETTA M/ ISL. TAL</b>	kl. 1.30 og 4		
<b>RAUÐHETTA M/ ISL. TAL</b>	kl. 1.30 og 4		kl. 1.30 og 3.30		
<b>ISÓLD M/ ISL. TAL</b>	kl. 1.30 og 3.30				

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

**400 KR. Í BÍÓ** SÍMIR Á ALLAR VINGINGAR  
HJAKTAR MED RANNSÓKN 4 ISL. TAL 2 ISL. TAL 2 ISL. TAL

## Keira í kossaflensi

Leikkonan unga Keira Knightley þurfti að ákveða hvor kyssti betur, Johnny Depp eða Orlando Bloom, í viðtali við tímaritið InStyle á dögunum. Þar velur hún hiklaust Johnny Depp en segir samt að þeir hafi báðir staðið sig vel í kossaflensinu. Þau leika öll í myndinni „Pirates of the Carribean“ og er mynd númer tvö ein af stórmyndum sumarsins. Það hefðu nú margar stúlkur viljað vera í sporum Keiru, en Depp og Bloom eiga það sameiginlegt að hafa verið inni á topplistum yfir kynþokkafyllstu karlmenn heims. ■



KEIRA KNIGHTLEY Snoppufriða leikkonan fékk það erfiða hlutverk að velja á milli Johnny Depp og Orlando Bloom.

## Heldur með Frakklandi

Söngkonan Kylie Minogue kom fram í London á dögunum og er greinilega á góðri leið með að jafna sig eftir að hafa greinst með krabbamein í maí í fyrra. Kylie þurfti að fresta tónleikaferð um Ástralíu en



KYLIE Styður Frakka á HM.

nú er túrinn aftur kominn á dagskrá. „Augljóslega hefur hún ekki endurheimt heilsuna fullkomlega. En við erum vissir um að það verður af tónleikaferðinni í nóvember,“ sagði Michael Gudinski sem sér um tónleikana í Ástralíu. „Hún verður enn þá svolítið þreytt við og við, en hún virðist vera mjög hraust,“ sagði hann. Af Kylie er það annars að fréttu að hún heldur með Frakklandi á HM í knattspyrnu sem kemur á óvart þar sem hún er áströlsk. Ástæða þessa er að kærasti hennar er franskur, leikarinn Oliver Martinez. ■



Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI Justin og Cameron eru flott par og koma þessar fréttir eins og þruma úr heiðskýru lofti.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

## Timberlake hættur með Diaz

Samkvæmt dálkahöfundinum Janet Charlton hefur söngvarinn knái Justin Timberlake sagt leikkonunni Cameron Diaz upp. Samband þeirra hefur vakið mikla athygli og þá helst fyrir aldursmun en Diaz er nú árum eldri en Timberlake. Þau hafa verið saman í þrjú ár og voru spekingar búnir að spá því að gifting væri á næsta leiti hjá þarinu. Þessi fyrrverandi söngvari

strákabandsins N'sync fékk nóg af því að Cameron fylgdi honum eftir eins og skugginn. Til dæmis mun hann hafa farið með vinum sínum í strákaferð til Las Vegas og kom hún með til að hafa auga með honum og sjá til þess að hann gerði ekkert af sér. Nokkrum dögum seinna var ævintýrið úti. Justin var áður með popprinsessunni Britney Spears og Cameron var í sambandi

við leikarann Jared Leto áður en þau felldu hugi saman.

Framundan hjá Justin er hljótleikaferð um heiminn í haust og segir blaðamaðurinn að hann hafi hug á því að sletta ærlega úr klaufunum áður. Þessar fréttir koma á sama tíma og nýja lag hans „Sexy Back“ lak á netið og væntanleg er plata frá söngvaranum innan skamms. ■

## Upptökur á Vestfjörðum

Hljómsveitin múm er um þessar mundir að taka upp sína fjórðu plötu, en upptökur hófust í fyrrasumar.

Sveitin fór til eyjunnar Nötö í Finnlandi nýverið til að taka upp trommurnar og í næsta mánuði ætlar hún vestur á firði til að taka upp næsta skammt.

„Okkur vantar aðeins að komast út úr Reykjavík. Það getur verið svo ömurlegt að vinna þar. Menn eru alltaf að þeytast hingað og þangað og það er miklu meiri ró og friður úti á landi,“ segir Örvar, meðlimur Múm, um upptökurinn fyrir vestan.

Örvar bætir því við að nýja platan eigi eftir að hljóma töluvert öðruvísi en síðasta plata sveitarinnar, Summer Make Good, sem kom út fyrir þremur árum. Hann segir upptökurnar í Finnlandi hafa gengið eins og í sögu. „Við vorum í tvær vikur á lítilli

eyju í gömlum skóla. Það var mjög notalegt. Trommarinn okkar er finnskur og í staðinn fyrir að draga hann hingað enn einu sinni ákváðum við að koma til móts við hann. Hann þekkti þessa eyju og þekkti fólkið,“ segir Örvar. „Ferjan sem var gamli Breiðafjarðar-Baldur siglir núna til þessarar eyjar og það var mjög skemmtilegt að fara með henni. Það var allt ennþá íslenskt þar inni.“

Auk þess að vera önnum kafinn með múm er Örvar að skrifa skáldsögu sem hann vonast til að geta klárað næsta sumar. Síðasta skáldsaga hans, Úfin strokin, kom út á síðasta ári hjá Nýhil auk þess sem hann gaf út ljóðabókina Gamall þrjútur, nýir tímar. ■

MÚM Hljómsveitin múm er að vinna að sínni fjórðu plötu.



**TILBOÐS BÍÓ** LAUGARÁS BÍÓ ODÝRT Í BÍÓ KR. 400

ATH. SYND KL. 2

400 KR.

NÚNA MUNDU HINNA STÓRKREYTTU  
BER-JAST INNDRÓIS  
**X-MEN THE LAST STAND**

400 KR. ATH. SYND KL. 2 ISLENSKT TAL

**RAUÐHETTA**

400 KR. ATH. SYND KL. 2 ISLENSKT TAL

**SKRULLA OG SKEMM  
Á SALTKRÁKU**

400 KR. ATH. SYND KL. 4 ISLENSKT TAL

ATH. SYND KL. 2 ISLENSKT TAL

**ISÓLD**

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS  
- ADEINS 400 KR -

FRÁ FRAMLEIÐENDUM  
"THE INCREDIBLES" & "LEITIN AÐ NEMO"

SAMBÍÓN

Disney Pixar **Bílar**

VIP  
SAMBÍÓN KRINGLUNNI ER SÍNA  
STAFRAKA / DIGÍTAL BÍÓD & ÍSLANDI

KEEPING MUM  
SLITHER  
SHE'S THE MAN  
POSEIDON

ÁLFABAKKA	KRINGLUNNI	KEFLAVÍK	HÁSKÓLABÍÓ
<b>BÍLAR</b> ísl. tal KL. 12:15-1:30-3-5:30-8 <b>CARS</b> enskt tal KL. 3-5:30-8-10:30 <b>CARS</b> enskt tal VIP KL. 12:15-4:15-8-10:30 <b>SLITHER</b> KL. 8-10:30 B.I. 16 <b>KEEPING MUM</b> KL. 3:30-5:45-8-10:20 B.I. 12 <b>SHE'S THE MAN</b> KL. 1:30-3:30-5:45-8-10:20 <b>POSEIDON</b> KL. 5:30-10:30 B.I. 14 <b>BAMBI 2</b> ísl. tal KL. 1:30 <b>THE SHAGGY DOG</b> KL. 1:30	<b>BÍLAR</b> ísl. tal KL. 1:30-4-6:30 <b>*CARS</b> enskt tal KL. 1:30-4-5:30-8-9-10:30-11:15 <b>SLITHER</b> KL. 10:30 B.I. 16 <b>*POSEIDON</b> KL. 6:10 B.I. 14 <b>*MISSION IMPOSSIBLE 3</b> KL. 8 B.I. 14 <b>*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLIÐ</b>	<b>BÍLAR</b> ísl. tal KL. 1-3:15-5:30-8 <b>KEEPING MUM</b> KL. 8-10:10 B.I. 12 <b>SHE'S THE MAN</b> KL. 1-3:15-5:30 <b>16 BLOCKS</b> KL. 10:15 B.I. 14 <b>AKUREYRI</b> <b>BÍLAR</b> ísl. tal KL. 2-4-6-8 <b>CARS</b> enskt tal KL. 2-4-6-8-10 <b>SLITHER</b> KL. 10 B.I. 16	<b>CARS</b> enskt tal KL. 3:30-6-8:30-11 <b>BÍLAR</b> ísl. tal KL. 3:30-4:45-6-7:15-8:30 <b>KEEPING MUM</b> KL. 3:30-6-8:20-10:30 B.I. 12 <b>POSEIDON</b> KL. 4-6-10-8:20-10:30 B.I. 14 <b>MI:3</b> KL. 9:30-11 B.I. 14

ÁLFABAKKI S: 587-8900 AKUREYRI S: 461-4666 KEFLAVÍK S: 421-1170 KRINGLAN S: 588-0800 HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

## Endurbættar útgáfur á leiðinni

Þann 27. júní kemur út endurbætt smáskífa af laginu Good Vibrations með Beach Boys í tilefni af 40 ára afmæli hennar. 29. ágúst kemur síðan út 40 ára afmælisútgáfa af meistarastykki sveitarinnar, Pet Sounds.

Á smáskífunni verður útgáfa af Good Vibrations sem komst ekki á smáskífunna, ósungin útgáfa og útgáfa sem var tekin upp á æfingu fyrir tónleika í Honolulu árið 1967. Einnig verður þar upphaflega B-hlið smáskífunnar, Let's Go Away for a while. Pet Sounds verður bæði fánleg í geisladiska- og DVD-útgáfu með meiri hljómgæðum en áður.

Á meðal aukaefnis verður hljóðblönduð útgáfa af laginu Hang on to Your Ego sem var ekki með á upphaflegu plötunni, heimildarmyndir um það sem gerðist bak við tjöldin



**BEACH BOYS** Aðdáendur sveitarinnar verða vafalítið ánægðir með nýju útgáfunar af Good Vibrations og Pet Sounds.

við upptökurnar og viðtöl við meðlimi sveitarinnar.

Ekki er langt síðan þrír meðlimir Beach Boys, Brian Wilson, Mike Love og Al Jardine komu saman í fyrsta sinn í áratug til að taka á móti tvöfaldri plátínuplötu fyrir tveggja milljóna sölu á safnplötunni Sounds of Summer: The Very Best of the Beach Boys. ■

## Ekkert segulband á tónleikum Waters

Umræða hefur verið uppi um að Roger Waters, fyrrverandi meðlimur Pink Floyd, hafi haft hluta af undirspilinu og söngnum á tónleikum sínum í Egilshöll á segulbandi.

Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari vísar þessum orðrómi á bug og segir að bassaleikur Waters hafi til að mynda allur verið leikinn af honum, fyrir utan nokkur skipti þegar hann spilaði á kassagítar. Þá hafi annar hljóm-sveitar meðlimur spilað á bassann.

Guðbjartur segir að 15-20 mínútna seinkunin sem varð á tónleikum hafi verið að frumkvæði Waters. „Listamaðurinn sjálfur bað um það. Hann vildi ekki spila fyrir en fólkið væri komið inn,“ sagði hann. Rúmlega 14 þúsund manns sóttu tónleikana, sem heppnuðust með eindæmum vel.

Að sögn Guðbjarts var Waters hæstánægður með ferð sína til Íslands. Eyddi hann öllum frítíma sínum hér á landi í Norðurá, enda forfallinn veiðimaður. Einnig snæddu hljóm-sveitar meðlimir kvöldverð í Perlunni og áttu þar góða stund saman. - fb



**ROGER WATERS** Fyrrverandi forspraki Pink Floyd var hæstánægður með dvöl sína hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Ingó leysir Magna af

Ingólfur Þórarinnsson, Ingó úr Idol, mun syngja í fyrsta sinn með hljóm-sveitinni Á móti sól á hestamannaballi í Vík í Mýrdal í kvöld.

Ingó hleypur í skarðið fyrir Magna Ásgeirsson, sem var nýverið valinn í 15 manna lokaúrtak fyrir bandaríska sjónvarpsþáttinn Rockstar: Supernova. Ingó mun jafnframt syngja með sveitinni á humarhátíð í Höfn í Hornafirði um næstu helgi. Eftir



það ætlar Á móti sól að taka sér frí þangað til Magni kemur heim frá Bandaríkjunum.

Upphaflega ætlaði Magni að syngja með hljóm-sveit sinni á þessum tveimur böllum en eftir að fór hans út var flýtt þurfti að fá nýjan söngvara til að leysa hann af.

Á meðan Magni verður úti ætla hinir meðlimir Á móti sól að vinna að gerð sjöundu plötu sveitarinnar. Fara upptökur fram á Jótlandi í Danmörku. ■

**MAGNI** Aðalsöngvari Á móti sól tekur þátt í sjónvarpsþættinum Rockstar: Supernova.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**INGÓ ÚR IDOL** Ingólfur Þórarinnsson mun leysa Magna Ásgeirsson af í hljóm-sveitinni Á móti sól.

## Taktu þátt í Launagleði SPRON!

Ef þú leggur sumarlaunin þín inn hjá SPRON og skráir þig í Launagleði færðu:

- bíókort\* með 4 miðum í Smárabíó
- afslátt af völdum geisladiskum og DVD-diskum í BT-búðunum ...
- ... og gætir unnið þér inn 50.000 kr.

Þú færð bíókort með 4 miðum í Smárabíó\*  
það gæti orðið þú!

\*Gildir meðan birgðir endast.

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á snilld.is og spron.is

spron



### Magnús í þriðja sæti

Magnús Lárusson, kylfingur úr Kili í Mosfellsbæ, er að gera það gott á opna skoska unglíngamótinu í golfi. Eftir fyrsta keppnisdag af þremur er hann í 3. sæti eftir að hafa leikið holurnar 18 á 68 höggum, eða þremur höggum undir pari vallarins. Alfreð Kristinsson úr GR lék á 74 höggum og þeir Stefán Már Stefánsson, GR og Ólafur B. Loftsson, NK, á 76 höggum.

**sport**  
sport@frettabladid.is

VÍKINGUR HEFUR GOTT TAK Á FH: EINA LIÐIÐ TIL AÐ HALDA HREINU GEGN LIÐINU Í RÚM TVÖ ÁR

## Ég kann enga skýringu á þessu

Víkingur og FH gerðu markalaust jafntefli í Landsbankadeild karla á fimmtudaginn en FH hafði skorað 83 mörk í þeim 30 leikjum sem liðið hafði spilað í Íslandsmótinu fram að því. Það var einmitt Víkingur sem hélt síðast hreinu gegn þeim, þann 8. ágúst árið 2004 í Kaplakríka. Fylkir vann FH svo 1-0 þann 22. maí 2004.

„Það virðist vera þannig að sum lið hafa tök á öðrum, ætli við höfum ekki ágætist tök á FH, þannig lagað. Við erum með sterka vörn og höfum til að mynda aðeins fengið á okkur sjö mörk í sumari,“ sagði Höskuldur Eiríksson, fyrirlíði Víkings léttur í bragði en hann var í liðinu árið 2004 þegar hann stóð vaktina í vörninni ásamt Grétari Sigfinni Sigurðssyni.

„Ég kann enga sérstaka skýringu á þessu, af hverju okkur hefur tekist að halda hreinu á móti þeim en ekki öðrum. Þetta er athyglisverð staðreynd sem ég hafði ekki hugmynd um en það er gaman að þessu,“ sagði Höskuldur en aðeins FH hefur fengið á sig færri mörk en Víkingar í sumari, fimm talsins. Víkingar settu met í fyrri þegar þeir fengu aðeins á sig níu mörk í 1. deild karla. „Vörnir hefur verið okkar aðalsmerki frá því ég kom í Víking. Við byggjum á þessu, sterkri vörn og skyndisóknum og það gengur þokkalega. Við mættum

skora aðeins meira en tilfinningarnar hvað tímabilið í ár varðar eru blendnar. Það er fúlt að hafa tapað tveimur leikjum á 93. mínútu en við þurfum að læra af reynslunni og halda leikina út,“ sagði fyrirlíðinn. „Þegar á heildina er lítið getum við ekki annað en verið sáttir en þakkin er mjög þéttur. Við erum með gott lið og mér finnst það ekki hugsandi að við séum að fara að falla og eftir að hafa til að mynda fengið fjögur stig út úr leikjunum gegn Val og FH er ekki annars að vænta að bjart sé framundan,“ sagði Höskuldur Eiríksson.



### > Stórleikur í Garðabæ

Það verður einn leikur í Landsbankadeild kvenna í dag en Stjörnustúlkur fá Breiðablik í heimsókn klukkan eitt. Liðin eru bæði með fimmtán stig eftir sex leiki og eru þremur stigum frá toppliði Vals. Leikurinn er einnig athyglisverður fyrir þær sakir að margir leikmannna Stjörnunnar eru gamlir Blíkar. Sjöunda umferð Landsbankadeildar kvenna lýkur svo á mánudagskvöldið með þremur leikjum.



SKRIFAÐ UNDIR Jón Örn Guðmundsson formaður körfuknattleiksdeildar ÍR, til vinstri, innsiglar samninginn við Hreggvið.

Hreggviður Magnússon er kominn aftur til Íslands:

## Kominn heim til ÍR

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleiksmaðurinn Hreggviður Magnússon hefur skrifað undir tveggja ára samning við sitt gamla félag ÍR, en þetta er mikill styrkur fyrir Breiðholtið. Hreggviður hefur spilað í Bandaríkjunum í þrjú ár, þar sem hann gat sér gott orð í háskóla-körfuboltanum.

Hreggviður er uppalinn ÍR-ingur og hefur leikið allan sinn feril á Íslandi með liðinu sínu, þar sem hann lék 46 leiki í úrvalsdeild, gerði 11 stig að meðaltali í leik. Hreggviður fór utan til náms á árinu 2003 og hefur nú lokið BA prófi í hagfræði frá Centre Coll-

ege í Danville í Kentucky.

Hann lék með körfuknattleikslíði skólans öll árin í SCAC deildinni, þar sem margir sterkir skólar tefla fram liðum. Hreggviður setti að meðaltali 17,5 stig á leiktímabilinu og tók 6 fráköst og var valinn í 2nd Team All-American, sem verður að teljast mikið afrek.

„Ég hlakka mjög mikið til að koma heim og spila á Íslandi, það verður gaman að takast á við áskorunina um að spila í deildinni á nýjan leik. Mér líst vel á nýja þjálfaramm, Bárð Eyþórsson, sem og liðið sem er mjög vel mannað,“ sagði Hreggviður. - hþ

## Ekki minni aðsókn í sex ár

Áttundu umferð Íslandsmótsins í knattspyrnu karla er nýlukið. Aðsóknin á leiki umferðinnar er sú minnsta í sex ár og greinilegt að HM hefur sitt að segja.

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Knattspyrnusambands Íslands hefur nú í fimm ár dreymt um að slá aðsóknarmetið sem var sett árið 2001 og koma heildarfjöldi áhorfenda á Íslandsmótinu í knattspyrnu yfir 100 þúsund manns. Aðsóknin hingað til í sumar hefur verið á ágætu röli og leit jafnvel út fyrir að múrin yrði rofinn. En aðsókn á leiki vikunnar reyndist vera mikið bakslag en enginn leikur í umferðinni fékk fleiri en þúsund áhorfendur sem er afar fáheyrt. Alls komu 3362 manns á leikina fimm og er það versta aðsókn á staka umferð á Íslandsmótinu í sex ár, eða síðan í 13. umferð árið 2000.

Það er deginum ljósara að HM í knattspyrnu hefur sitt að segja í þessum efnunum en leikið var á HM á sama tíma og leikirnir voru háðir í 8. umferð Íslandsmótsins. Engu að síður vekur það athygli að íslenskir knattspyrnuá hugamenn skuli fremur velja það að horfa á HM í sjónvarpi en að skella sér á völlinn og styðja sitt lið.

Gott dæmi er leikur Vals og Keflavíkur sem var á miðvikudagskvöldið á Laugardalsvelli. Blíðskaparveður var, aðstæður fyrir áhorfendur voru afar góðar sem og leikmenn. Rétt rúmlega 400 manns mættu á völlinn og urðu vitni að reyndar fremur daufu markalausu jafntefli. En þó svo að þessi leikur hafi verið heldur litlaus hafa lið Vals og Keflavíkur

### FIMM VERSTU UMFERÐIRNAR Á NÝRRI ÖLD

3.035 MANNNS	(13. UMFERÐ 2000)
3.148 MANNNS	(8. UMFERÐ 2000)
3.285 MANNNS	(11. UMFERÐ 2000)
3.362 MANNNS	(8. UMFERÐ 2006)
3.460 MANNNS	(5. UMFERÐ 2002)



417 ÁHORFENDUR Fremur fáir mættu á leik Vals og Keflavíkur á miðvikudagskvöldið þrátt fyrir frábært veður í Laugardalnum.

ur sýnt skemmtilega takta í sumar.

Deildin hefur líklega aldrei fengið meiri umfjöllun fjölmiðla en nú í sumar né heldur hefur hún verið jafn mikið auglýst en aðalbachjarl úrvalsdeildar karla og kvenna, Landsbankinn, hefur ekki látið sitt eftir liggja í þeim efnun. En aðdráttarafli HM í knattspyrnu er greinilega gríðarmikið og vita forráðamenn KSÍ það vel, enda hafa þeir reynt að skipuleggja leiki deildarinnar þannig að það skarist sem minnst við dagskrá Sýnar. Þannig verður heil umferð leikin um miðja næstu viku þegar hlé verður gert á HM í

tvo daga að loknum 16-liða úrslitum.

Yfirburðir FH í efstu deild hefur þar að auki farið fyrir brjóstið á flestum stuðningsmönnum hinna liðanna í deildinni en að sama skapi hafa FH-ingar verið langduglegastir að mæta á völlinn í sumar, rétt eins og í fyrra. En óneitanlega yrði aðdráttarafli annarra leikja en þeirra sem FH leikur sjálfsgagt meira ef spennan á toppi deildarinnar væri meiri. Það gæti þó enn gerst enda hafa FH-ingar mátt sætta sig við jafntefli í síðustu tveimur útileikjum sínum.

eirikurst@frettabladid.is

Auðvitað er BT með HM leik!

Taktu þátt!

**VILTU ATH!** 5. HVER VINNUR!

VINNNNNNNNA?

Aðalvinningur er\*  
**Toshiba Satellite M60-132 og MEDION 27" sjónvarp**

Sendu SMS BT HMF á 1900 og þú gætir unnið!  
Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.

**BT** **Klikkaðir >> aukavinningar**

\*Aðalvinningurinn verður dreginn út úr öllum innsendum SMS skeytum!

FH mætir TVMK Tallinn frá Eistlandi í fyrstu umferð meistaradeildar Evrópu:

## Þetta er skárra en Aserbaídsjan

**FÓTBOLTI** TVMK Tallinn frá Eistlandi verður andstæðingur Íslandsmeistarara FH í fyrstu umferð meistaradeildar Evrópu en dregið var í gær. Fyrri leikurinn mun fara fram ytra þann 12. júlí en sá seinni verður viku síðar á Kaplakríkavellinum. „Við fyrstu sýn þá teljum við okkur eiga fína möguleika en við þurfum samt á öllu okkar að halda. Við munum líklega hafa samband við Teit Þórðarson, hann hlýtur að vita allt um þetta eftir að hafa þjálfað í Eistlandi með góðum árangri,“ sagði Heimir Guðjónsson, aðstoðarþjálfari FH.

„Við fórum til Aserbaídsjan á síðasta tímabili og ég get ekki sagt að það hafi verið skemmtilegt ferðalag. Ég hef nú trú á því að þetta sé skárra ferðalag en við verðum að einbeita okkur að þessum leikjum og ná hagstæðum úrslitum.“ TVMK Tallinn vann sinn fyrsta titil í sögu félagsins á síðasta ári og vann sér þar með þátttöku í meistaradeildinni. Liðið rauf þá áralanga einokun Flora



KOMU TIL ÍSLANDS 2004 TVMK Tallinn frá Eistlandi kom hingað til lands árið 2004 og lék gegn ÍA í UEFA-bíkarkeppninni.

Tallinn á titlinum en er sem stendur í þriðja sæti deildarinnar.

TMVK Tallinn kom hingað til lands og lék gegn ÍA í UEFA bíkarnum fyrir tveimur árum. Skagamenn unnu heimaleikinn 4-2 og gerðu síðan góða ferð til Eistlands og unnu 2-0 þar sem Ellert Jón Björnsson skoraði tvívégis en hann skoraði einnig

eitt mark í fyrri leiknum. „Þeir áttu bara ekkert svar við baráttunni í okkur. Þeir eru samt með gott lið en þessir tveir leikir gegn þeim voru okkar bestu leikir þetta tímabil,“ sagði Ellert Jón.

Einnig var dregið í aðra umferð í gær og mun sigurvegari viðurnegar FH og TVMK Tallinn mæta Legia Varsjá frá Póllandi. - egm





**EKKERT ÓLÖGLEGT** Enska sambandið fann engin merki um sekt Arsenal.

NORDICPHOTOS/AFP

Ekkert ólöglegt hjá Arsenal:

## Arsenal sleppur

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið tilkynnti FIFA það í gær að sambandið hefði ekki fundið nein merki þess að stjórnarmenn Arsenal hafi aðhafst ólöglega í samskiptum sínum við belgíska félagið Beveren. Sagt var að Beveren hefði fengið eina milljón punda frá Arsenal þegar liðið átti í fjárhagsöruggleikum fyrir fimm árum.

Arsenal viðurkenndi að hafa útvegað Beveren lán á óbeinan hátt en ekki gert það ólöglega. Beveren er nokkurs konar uppeldislið Arsenal og mikil samskipti verið milli félaganna. „Niðurstaðan í rannsókn okkar er sú að engar sannanir eru til staðar fyrir því að Arsenal hafi brotið reglur sambandsins eða ensku úrvalsdeildarinnar í tengslum við viðskipti við Beveren.“

- egm



**BIRGIR LEIFUR** Komst ekki áfram á mótinu í Sviss.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Íslenskir kylfingar í Evrópu:

## Birgir Leifur úr leik í Sviss

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, GKG, missti naumlega af niðurskurðinum sem gerður var eftir fyrstu tvo keppnisdagana á móti í áskorendamótaröð Evrópu í Sviss. Hann lék á pari vallarins í dag og var samtals á einu höggi undir pari en þó einu höggi frá niðurskurðinum.

Ólöf María Jónsdóttir hóf í gær leik á öðrum keppnisdegi móts í Portúgal í Evrópumótaröð kvenna en hætta varð keppni vegna veðurs er Ólöf hafði lokið við fimmtán holur. Hún var samtals á átján höggum yfir pari eftir dagana tvo og talsvert frá því að komast í gegnum niðurskurðinn.

- esá

Drátturinn í UEFA-bikarinn:

## Valur og ÍA til Danmerkur

**FÓTBOLTI** Dregið var í fyrstu umferð UEFA-keppninnar í gær og fengu Valur og ÍA bæði lið frá Danmörku. Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, segir erfitt en skemmtilegt verkefni bíða sínum mönnum en þeir mæta Bröndby.

„Þegar ég skoðaði mögulega mótherja okkar fyrir dráttinn þá mat ég það að Bröndby væru sterkasta liðið sem við gætum mætt. Þetta er einn stærsti klúbburinn á Norðurlöndum og hefur mikla reynslu í Evrópukeppninni. Þetta verður því virkilega erfitt verkefni en að sama skapi mjög skemmtilegt. Umgjörðin í kringum félagið er glæsileg en við getum ekki annað en lært af þessu,“ sagði Willum.

Skagamenn munu mæta liði Randers sem hefur verið hoppedandi milli úrvalsdeildarinnar í Danmörku og 1. deildarinnar. Með liðinu leikur Dennis Siim sem lék með FH í Landsbankadeildinni í fyrra. Fyrri leikir ÍA og Vals fara báðir fram ytra þann 13. júlí og þær síðari 27. júlí.

- egm

Úkraína fylgir Spáni upp úr H-riðli eftir góðan 1-0 sigur gegn Túnis í gær:

## Shevchenko skaut Úkraínu áfram

**FÓTBOLTI** Úkraína er komin í sextán liða úrslit heimsmeistaramótsins eftir að hafa náð 1-0 sigri gegn Túnis í tilfríalítlum leik í H-riðli í gær. Úkraínumenn fylgja Spánverjum upp úr riðlinum en Spánn vann 1-0 sigur á Sádi-Arabíu og endaði með fullt hús stiga í riðlinum. Túnis og Sádi-Arabía eru hins vegar á leið heim en hver þjóð endaði með eitt stig.

„Það er ótrúlega stórt skref fyrir fótboltann í Úkraínu að við komumst í sextán liða úrslit. Við náðum að rífa okkur upp eftir útreiðina gegn Spáni í fyrsta leik og unnum hina tvo leiki riðilsins. Sigurinn gegn Túnis var ótrúlega mikilvægur,“ sagði sóknarmaðurinn Andriy Shevchenko sem skoraði eina mark leiksins úr umdeildri vítaspyrnu þegar tuttugu mínútur voru eftir af leiknum. Úkraína spilaði manni fleiri allan seinni hálfleik eftir að Zaid Jaziri fékk rautt spjald.

Luis Aragones, þjálfari Spánar, tefldi fram nokkurskonar varaliði gegn Sádi-Arabíu enda var liðið komið áfram í keppninni fyrir leikinn. Þrátt fyrir það var spænska liðið betra í leiknum en Juanito skoraði eina markið á 36. mínútu. „Leikurinn var kannski ekki mjög þýðingarmikill því við



**HETJAN** Andriy Shevchenko skoraði eina markið gegn Túnis.

NORDICPHOTOS/AFP

vorum komnir áfram. Hins vegar var þetta gott tækifæri fyrir aðra leikmenn að sýna sig og sanna. Við lékum vel í fyrri hálfleik en þetta datt aðeins niður hjá okkur í seinni

hálfleik. Ég er samt í skýjunum enda ekki á hverjum degi sem maður skorar á HM,“ sagði Juanito.

- egm



**DE ROSSI** Fékk fjögurra leikja bann.

NORDICPHOTOS/AFP

Daniele De Rossi:

## Fékk fjögurra leikja bann

**FÓTBOLTI** Ítalski miðvallarleikmaðurinn Daniele De Rossi var í gær dæmdur í fjögurra leikja bann fyrir rauða spjaldið sem hann fékk eftir að hann veitti Bandaríkjamanninum Brian McBride olnbogaskot í andlitið í leik liðanna á HM. De Rossi hefur þegar tekið út einn leik í banninu sem þýðir að hann getur fyrst leikið með ítalska landsliðinu á nýjan leik á HM ef það kemst annað hvort í úrslitaleikinn eða í leik um þriðja sætið.

Alþjóða knattspyrnusambandið, FIFA, sektaði þar að auki De Rossi um 620 þúsund krónur. „Ég er ánægður með að FIFA tók til greina hvernig hann baðst afsökunar á framferði sínu, bæði gagnvart andstæðingnum og ítalska knattspyrnusambandinu,“ sagði Giancarlo Abete, starfsmaður ítalska landsliðsins.

- esá

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

**TUCSON**

2.0L bsk. 142. hö

Kr. 28.233 á mánuði

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framsæti við þurrklöð
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki

HYUNDAI Official Partner

Með bílinn handa þér

Allir sem reynsluaka Hyundai geta unnið glæsilega vinninga í Stóra HM leiknum. Nánari upplýsingar á [www.storihmleikurinn.is](http://www.storihmleikurinn.is)

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.

\* Blásamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

**HYUNDAI** hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • [www.bl.is](http://www.bl.is)

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Sextán liða úrslit heimsmeistarakeppninnar hefjast í dag með leik gestgjafa Þýskalands og Svíþjóðar:

# Spennan að magnast á HM í Þýskalandi

**FÓTBOLTI** Nú er riðlakeppni heimsmeistaramótsins lokið en í dag hefjast sextán liða úrslit keppninnar. Gestgjafar Þýskalands hafa verið sannfærandi það sem af er móti og unnu alla þrjá leiki sína í riðlakeppninni. Spannandi verður að sjá hvernig þeim gengur gegn spræku liði Svíþjóðar í dag en síðari leikur dagsins er viðureign Argentínu og Mexíkó.

„Við verðum eiginlega að komast áfram, það yrði stórslys ef við náum því ekki. Við erum með sterkt lið og ætlum að vinna þetta mót. Það er okkar eina markmið, allt annað er ekki ásættanlegt. Við vitum að við getum það,“ sagði Jurgen Klinsmann, þjálfari Þýskalands, sem setti pressu á sitt lið í

fjölmíðlum í gær í fyrsta sinn síðan keppnin hófst.

Miroslav Klose hefur verið á skotskónum það sem af er keppni og hefur markvörðurinn Jens Lehmann biðlað því til þjálfara félagsliðs síns, Arsene Wenger hjá Arsenal, að fá Klose til liðsins. Argentína hefur verið eitt allra mest sannfærandi lið keppninnar og tilhlökkun í mörgum að sjá það leika gegn Mexíkó í kvöld. Hægri bakvörðurinn Nicolas Burdisso er tæpur fyrir leikinn en hann á við meiðsli að stríða. Argentína gerði markalaust jafntefli við Holland í lokaleik sínum í riðlakeppninni og Marco van Basten, þjálfari Hollands hrósaði liðinu mikið eftir leikinn. „Argentína kann að verj-



**HRESSLEIKI Á ÆFINGU** Það var gaman á æfingu þýska landliðsins í gær. NORDICPHOTOS/AFP

ast og það er mjög erfitt að skapa sér færi gegn þeim. Þeir eru mjög skipulagðir og hafa það sem þarf

til að fara alla leið,“ sagði Van Basten.

- egm

**KOMATSU**

Traust tæki



Komatsu PW 130  
árg. 1997



Komatsu PW 110  
árg. 2000



Komatsu PC 340-7  
árg. 2002



Komatsu GD 525  
árg. 1994



Komatsu BR 350  
árg. 2001

**KRAFTVÉLAR**

Sími 535 3571 & 535 5372  
Gsm 893 8424 & 893 8406

www.kraftvelar.is

# Hörður Axel skrifar undir hjá Gran Canaria á Spáni

Einn efnilegasti körfuboltamaður landsins, Hörður Axel Vilhjálmsson, hefur skrifað undir hjá Gran Canaria á Spáni. Um mjög sterkt lið er að ræða en Hörður lítur á þetta sem góðan stökkpall fyrir atvinnumenskudrauminn.

**KÖRFUBOLTI** Spænska liðið hafði samband við Hörð Axel stuttu eftir Norðurlandamót yngri landsliða sem fór fram í lok maímánaðar. Hörður lék þar við hvern sinn fingur og var valinn leikmaður mótsins þar sem Ísland varð Norðurlandameistari. Hörður hefur staðið sig mjög vel með Fjölni og vakið mikla athygli, en hann verður átján ára gamall í desember á þessu ári.

„Þetta er ekki mjög stór klúbbur og frekar nýr. Þetta er aðeins annað árið sem þeir flytja inn erlenda leikmenn og því eru þeir í ákveðinni tilraunastarfsemi sem ég er bara hluti af. Einn strákur sem lék með liðinu á síðasta ári og er einu ári eldri en ég fór til Bandaríkjanna og það var ákveðinn segull fyrir mig,“ sagði Hörður Axel en hann gerði eins árs samning við liðið sem lenti í fimmta sæti í spænsku úrvalsdeildinni á síðasta ári, en deildin er gríðarlega sterk.

Hörður kvaðst að vonum vera farinn að hlakka til að flytjast í hið margrómaða veðurfar á Kanaríeyjum. „Það verður frábært að flytja þangað en að sama skapi verður að sjálfsgöðu erfitt að fara frá Íslandi og heimþráin á án efa eftir að gera vart við sig. En maður drífur sig í gegnum það og bítur á jaxlinn. Eg mun búa á heimavist sem liðið á þar sem allir erlendu leikmennirnir búa, mér líst vel á það enda var hugsað vel um mig þar þegar ég fór og kíkti á aðstæður hjá þeim. Það er mjög mikilvægt og staðurinn er heimilislegur en þetta verður vitanlega í fyrsta skipti sem ég flyt að heiman,“ sagði Hörður.

Spænska liðið fékk Hörð til sín í vikutíma eftir Norðurlandamótið og er Hörður ánægður með þetta mikilvæga skref á ferlinum. „Þetta uppfyllir minn metnað um



**GÓÐUR** Hörður Axel lék alla leikina með Fjölni á síðasta tímabili og var á meðal bestu manna liðsins. Hann skoraði 12,6 stig að meðaltali í leik en Fjölnir lenti í 8. sæti deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

að gerast atvinnumaður í körfubolta. Vissulega hefur mig dreymt um það frá því að ég var lítill strákur og þetta lið sýndi mér langmestan áhuga. Það var mjög jákvætt og gaman að sjá hversu ólmir þeir voru að fá mig,“ sagði Hörðursem er enn sem komið er enginn sérfræðingur í spænsku. „Ég kann þrjú eða fjögur orð en ég læri kannski spænsku í sumar auk

þess sem ég fer í spænskuskóla þegar ég fer út.“

Flesta körfuknattleiksmenn dreymir um að spila í NBA körfuboltanum og Hörður er þar engin undantekning. „Ég held það, þannig er það hjá flestum sem eru mikið í þessu. Það er líklega æðsti draumurinn,“ sagði Hörður Axel Vilhjálmsson, atvinnumaður í körfubolta. hjalti@frettabladid.is

Riðlakeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu í Þýskalandi lauk í gærkvöldi:

# Frakkar sýndu loksins klærnar

**FÓTBOLTI** Það kom að því að Frakkar sýndu hvað í þeim býr á HM en eftir að hafa fallið með skömm út úr riðlakeppninni árið 2002 komust þeir áfram í gærkvöldi eftir nokkuð öruggan sigur á Tógó. Mörkin létu þó biða eftir sér hjá Frökkunum sem fóru markalausir inn í hálfleikinn og uppskáru þeir mikið baul frá stuðningsmönnum sínum fyrir vikni.

Það var loks afmælisbarnið Patrick Vieira sem braut sínn á 55. mínútu þegar hann skoraði með góðu skoti úr vítateignum eftir snarpa sókn. Thierry Henry bætti öðru markinu við skömmu síðar þegar hann kláraði færið sitt einkar vel, eins og honum er von og vísan. Frakkar komust þar með



**GLEÐI** Frakkar gátu svo sannarlega leyft sér að fagna í gær, en þeir sýndu og sönnuðu að þeir eru til alls líklegir á HM í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

áfram og mæta Spánverjum í einum mest spennandi leik sextán liða úrslitanna.

„Þetta er frábært, við vissum alveg að við gætum þetta og við erum enn staðráðnir í að fara langt í keppninni. Við getum orðið Heimsmeistarar,“ sagði Thierry Henry eftir leikinn í gær.

Í hinum leik riðilsins báru Svisslendingar sigurorð af Suður-Kóreumönnum 2-0 og komust þar með áfram með Frökkum en þeir lentu í efsta sæti riðilsins. Philippe Senderos kom Svisslendingum á bragðið með góðu skallamarki í fyrri hálfleik og Alexander Frei skoraði svo mjög umdeilt mark en tryggði Sviss jafnframt öruggan sigur. - hph

Andri Fannar Ottósson:

# Gæti hætt fyrir fullt og allt

**FÓTBOLTI** Andri Fannar Ottósson, leikmaður 1. deildarliðs Fram, gæti hætt að spila fótbolta en hann veltir nú málinu vel fyrir sér. Andri sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði enn ekki gert upp hug sinn, en ákvörðunar væri að vænta fljótlega.

Íslandsmeistarar FH höfðu hug á því að fá Andra til sín í sumar en hann kvaðst ekki hafa áhuga á því að spila fyrir liðið. Andri hefur ekki verið að æfa með Fram að undanförmu og líklegast er að þessi snjalli knattspyrnukappi láti staðar numið við boltann þar sem hann segir að neistann skorti einfaldlega til að halda áfram, enda gefi fótbolttinn ekki nóg af sér miðað við vinnuna sem lagt er í hann. - hph

16-liða úrslit HM:

# Hvaða þjóðir komast áfram?

**FÓTBOLTI** Í dag hefjast sextán liða úrslit heimsmeistarakeppninnar í Þýskalandi með tveimur leikjum. Heimamenn eru taldir meðal sigurtranglegru liða en spennandi verður að sjá hvaða lið tryggja sig áfram í átta liða úrslitin.

## 16-LIÐA ÚRSLITIN:

<b>LAUGARDAGURINN 24. JÚNÍ:</b>	
ÞÝSKALAND-SVÍÞJÓÐ	15.00
ARGENTÍNA-MEXÍKÓ	19.00

<b>SUNNUDAGURINN 25. JÚNÍ</b>	
ENGLAND-EKVADOR	15.00
PORTÚGAL-HOLLAND	19.00

<b>MÁNUDAGURINN 26. JÚNÍ</b>	
ÍTALÍA-ÁSTRALÍA	15.00
SVISS-ÚKRAÍNA	19.00

<b>ÞRIÐJUDAGURINN 27. JÚNÍ</b>	
BRASÍLÍA-GHANA	15.00
SPÁNN-FRAKKLAND	19.00



## G-riðill:

<b>TÓGÓ-FRAKKLAND</b>	0-2
0-1 Patrick Vieira (55.), 0-2 Thierry Henry (61.).	
<b>SVISS-SUÐUR-KÓREA</b>	2-0
1-0 Philippe Senderos (23.), 2-0 Alexander Frei (88.).	

## LOKASTAÐAN

<b>SVISS</b>	3	2	1	0	4-0	7
<b>FRAKKLAND</b>	3	1	2	0	3-1	5
<b>SUÐUR-KÓREA</b>	3	1	1	1	3-4	4
<b>TÓGÓ</b>	3	0	0	3	1-6	0

## H-riðill:

<b>SPÁNN-SÁDÍ ARABÍA</b>	1-0
1-0 Juanito (38.).	
<b>ÚKRAÍNA-TÚNIS</b>	1-0
1-0 Andriy Shevchenko (víti, 70.).	

## LOKASTAÐAN

<b>SPÁNN</b>	3	3	0	0	8-1	9
<b>ÚKRAÍNA</b>	3	2	0	1	5-4	6
<b>TÚNIS</b>	3	0	1	2	3-6	1
<b>SÁDÍ-ARABÍA</b>	3	0	1	2	2-7	1

## LEIKIR DAGSINS:

### 16-liða úrslit:

ÞÝSKALAND-SVÍÞJÓÐ	15.00
ARGENTÍNA-MEXÍKÓ	19.00



515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



FIFA WORLD CUP  
**GERMANY  
2006**

## LEIKIRNIR UM HELGINA

LAUGARDAG KL. 15:00

**ÞÝSKALAND - SVÍPJÓÐ**

KL. 19:00

**ARGENTÍNA - MEXÍKÓ**

SUNNUDAG KL. 15:00


**ENGLAND - EKVADOR**

KL. 19:00

**PORTÚGAL - HOLLAND**

# HM 2006

# 16. LIÐA ÚRSLIT



**SYN**  
*besta sætið*

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:  
 „We're alike, me and cat. A couple of poor nameless slob.“

Svar: **Holly úr kvikmyndinni Breakfast at Tiffany's árið 1961.**

# dagskrá




## Í TÆKINU: ARNOLD SCHWARZENEGGER LEIKUR Í COLLATERAL DAMAGE Í SJÓNVARPINU KL. 22.25

# Fullkonnasti maður í heimi

Arnold Alois Schwarzenegger fæddist 30. júlí árið 1947 í Thal í Austurríki. Hann óst upp í Thal, sem er lítill og einangraður bær, en sneri sér fljótt að vaxtarækt til að bæta líf sitt. Hann vann titilinn herra Alheimur sjö sinnum, frá árinu 1970 til 1975 og árið 1980. Eftir það sneri Schwarzenegger til Bandarík-anna og reyndi að slá í gegn á kvikmyndum. Hann fékk bandarískan ríkisborgararétt árið 1983 en nafnið og sterkur hreimur hindruðu að hann fengi einhverj alvöru hlutverk. Það var ekki fyrr en myndin Conan the Barbarian var gerð sem Schwarzenegger lét ljós sitt skína. Hann varð alþjóðleg bióstjarna eftir að hann lék í nokkrum svipuðum myndum þar sem mikið var um hraða, spennu og slagsmál.

Seinna lét hann til leiðast í léttari og gaman-samari hlutverk og hefur með tímanum orðið ein vinsælasta kvikmyndastjarna heims. Schwarzenegger kynnti framboð sitt til ríkisstjóra Kaliforníu strax árið 1992 en draumurinn rættist loks 7. október 2003. Schwarzenegger hefur verið kvæntur Mariu Shriver frá 26. apríl árið 1986 og eiga þau fjögur börn; Katherine, Christina, Patrick og Christopher. Schwarzenegger er dádur og dýrkaður í heimalandi sínu og heitir íþróttaleikvangur í Graz í Austurríki eftir honum. Heimsmetabók Guinness valdi vöðvabúntið með fullkonnustu líkamssbyggingu í heimi, hvorki meira né minna.



▶ **20.10**  
**Gaman**  
 RAIN MAN

▶ **21.35**  
**Gaman**  
 DADDY AND THEM

▶ **23.05**  
**Gaman**  
 JAKE IN PROGRESS

▶ **19.45**  
**Drama**  
 MELROSE PLACE

▶ **11.00**  
**Umræða**  
 ÓÞEKKT

**SJÓNVARPIÐ**

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára (7:26) **8.06** Búi! (20:26) **8.17** Lubbi læknir (17:52) **8.30** Arthúr **8.55** Sigga liggja lá **9.08** Skoppa og Skríttla (8:10) **9.18** Matta fóstura og ímynduðu vinir hennar (2:26) **10.18** Gló magnaða **10.40** Ástfangnar stelpur **11.05** Latibær **11.30** Svíar á HM í hestaiþróttum

**12.20** Afraunakeppni fatlaðra **12.35** Íþróttakvöld **12.50** Íslandsmótið í fótbolta **14.55** Kastljós **15.25** Stórfiskar **15.55** Fótboltaæði (3:6) **16.25** Formúlukvöld **16.50** Formúla 1 **18.15** Táknmálsfréttir **18.25** Hope og Faith (54:73)

**18.54** Lottó  
**19.00** Fréttir, íþróttir og veður  
**19.40** Fjölskylda mín (11:13) (My Family) Bresk gamanþáttaröð um tannlækninn Ben og skrautlega fjölskyldu hans.  
 ▶ **20.15** Regnmaðurinn (Rain Man) Bandarísk biómynd frá 1988 um ungan mann sem rænr einhverfum bróður sínum af sjúkraheimili. Meðal leikenda eru Dustin Hoffman, Tom Cruise og Valeria Golino.  
**22.25** Í hefndarhug (Collateral Damage) Bandarísk biómynd frá 2002 um slökkviliðsmann sem hyggur á hefndir eftir að fjölskylda hans lætur lífið í hryðjuverkaárás. Meðal leikenda eru Arnold Schwarzenegger, Francesca Neri, Elias Koteas, John Leguizamo og John Turturro. Stranglega bönnuð börnum.

**0.10** Handan við sól **1.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlök

**7.00** William's Wish Wellingtons **7.05** Engie Benjy **7.40** Animaniacs **8.00** JoJo **8.30** JoJo **9.00** Barney **9.25** Kærleiksbirnir (25:60) (e) **9.35** Leðurblökumaðurinn **9.55** Kalli kanína og félagar **10.05** Kalli kanína og félagar **10.15** Kalli kanína og félagar

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Bold and the Beautiful **13.40** Bold and the Beautiful **14.05** Idol – Stjörnuleit **14.55** Idol – Stjörnuleit **15.25** William and Mary (4:6) **16.15** Monk (2:16) **16.55** Órlagadagurinn **17.25** Martha **18.12** Íþróttfréttir

**18.30** Fréttir, íþróttir og veður  
**19.00** Íþróttir og veður  
**19.05** Lottó  
**19.10** George Lopez (24:24)  
**19.35** Óliver Beene (9:14)  
**20.00** Bestu Strákarnir  
**20.25** Það var lagið  
 ▶ **21.35** Daddy and Them (Pabbi og þau) Ljúfsár og léttgeggjuð gamanmynd eftir Billy Bob Thornton þar sem hann og Laura Dern leika ástfangin hjón sem þó eiga í stormasömu sambandi. Þegar frændi hans er dæmdur til fangelsisvistar fyrir að hafa framið morð þurfa þau hjón að setja eigin ágreining til hliðar. Aðalhlutverk: Laura Dern, Billy Bob Thornton, Diana Ladd. Leikstjóri: Billy Bob Thornton. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.15** True Lies (Stranglega bönnuð börnum) **1.30** Nemesis Game (Stranglega bönnuð börnum) **3.00** The Count of Monte Cristo (e) (Bönnuð börnum) **5.05** Monk (2:16) **5.50** Fréttir Stöðvar 2 **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

**SIRKUS TV**

**18.10** Byrjaðu aldrei að reykja

**18.30** Fréttir NFS  
**19.00** Friends (23:23) (e) (Vínir)  
**20.00** Þrándur bloggjar (2:5) (e)  
**20.30** Sirkus RVK (e)  
**21.00** Sailesh á Íslandi (e) Dávaldurinn Sailesh hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi. Hefur hann fyllt hverja sýninguna á eftir annari hér á landi. Í þessum þáttum er sýnt það besta frá heimssóknum hans til Íslands og hver veit nema þú gætir séð einhver sem þú þekkir dáleiddan. Bönnuð börnum.  
**22.15** Killer Instinct (4:13) (e) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar. Lögreglumaðurinn Jake Hale er ávitur af deild sinni eftir að félagi hans var dreppinn við skyldustörf. Bönnuð börnum.

▶ **23.05** Jake in Progress (5:13) **23.30** Sushi TV (2:10) (e) **23.55** Stacked (2:13) (e) **0.20** The Closer You Get (e)

**SKJÁREINN**

**12.45** Dr. Phil (e) **15.00** Point Pleasant (e) **15.45** One Tree Hill (e) **16.45** Courting Alex (e) **17.15** Everybody Hates Chris (e) **17.45** Everybody loves Raymond (e) **18.15** South Beach (e)

**19.00** Beverly Hills Tvíbúarnir Brandon og Brenda Walsh eru nýflutt til stjörnu-borgarinnar og kynast krökkum fina og fræga fólksins í Beverly Hills.  
 ▶ **19.45** Melrose Place Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place, sem unnu hug og hjarta áhorfenda á sínum tíma.  
**20.30** Kelsey Grammer Sketch Show  
**21.00** Run of the House Þegar mamma og pabbi flytja um stundarsakir til Arizona af heilsufarsástæðum er Brooke Franklin skilin eftir hjá systkinum sínum.  
**21.30** Wild Iris Emmy-verðlaunamynd um stormasamt samband móður og dóttur sem verður að flytja inn til móður sinnar á ný eftir að eiginmaður hennar fremur sjálfsmorð. Í aðalhlutverkum eru Geena Rowlands og Laura Linney.

**23.00** The Bachelorette III (e) **23.50** Law & Order: Criminal Intent (e) **0.40** Wanted (e) **1.30** Beverly Hills (e) **2.15** Melrose Place (e) **3.00** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.30** Óstöðvandi tónlist

**NFS**

**10.00** Fréttir **10.10** Fréttavikan  
 ▶ **11.00** Óþekkt

**12.00** Hádegisfréttir / Íþróttfréttir / Veðurfréttir / Leiðarar dagblaða **12.25** Skaftahlíð **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.10** Óþekkt **14.00** Fréttir **14.10** Fréttavikan **15.10** Skaftahlíð **15.40** Hádegisviðtalið **16.00** Fréttir **16.10** Vikuskammturinn **17.10** Óþekkt

**18.00** Veður / Íþróttir / Kvöldfréttir NFS  
**19.10** Fréttavikan  
**20.10** Kompás (e) Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völli og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eidsson, Edda Andrésdóttir o.fl.  
**21.00** Skaftahlíð Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.  
**21.35** Vikuskammturinn Samantekt með áhugaverðasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.

**23.00** Kvöldfréttir/Íþróttir **23.10** Síðdegisdagskrá endurtekin í h

**BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ**

**6.00** Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) **8.00** The Terminal **10.05** Right on Track **12.00** Anchorman : The Legend of Ron Burgundy **14.00** Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) **16.00** The Terminal **18.05** Right on Track **20.00** Anchorman : The Legend of Ron Burgundy (Fréttapularinn: Goðsögnin um Ron Burgundy) Geysivinsæl gamanmynd með einum eftirsóttasta gamanleikaranum í dag, Will Ferrell, í hlutverki heitasta fréttapular í bransanum – á 8. áratugnum. Aðalhlutverk: Paul

Rudd, Christina Applegate, Will Ferrell. 2004. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00** Face Off (Umskiptingar) Alríkislögreglumanninum Sean Archer tekst loks að hafa hendur í hári stórglæpamannsins Castors Troy. Það kostaði hins vegar sitt og Castor er vart hugað líf. Aðalhlutverk: John Travolta, Nicholas Cage, Joan Allen. 1997. Stranglega bönnuð börnum. **0.15** Mimic 2 (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** The Gathering Storm (Bönnuð börnum) **4.00** Face Off (e) (Stranglega bönnuð börnum)

**OMEGA**

Dagskrá allan sólarhringinn.

**E! ENTERTAINMENT**

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** E! News Special **14.00** THS Simon Cowell **15.00** THS Kate Moss **16.00** THS Colin Farrell **17.00** Child Star Confidential **17.30** 10 Ways **18.00** E! News Weekend **19.00** 50 Most Shocking Celebrity Confessions **21.00** Sexiest **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** 50 Most Shocking Celebrity Confessions **2.00** Wild On Tara

**AKSJÓN**

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

Uppsöfnub hlustun 12-3:4 ára yfir vikuna samkv. dagbótarönnun Gallup apríl 2006.

FM957 56%  
 XFM 28%  
 Kiss FM 17%  
 Flash 16%

# ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.

## FM957

Auglýsingasími: 550 5000

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Daddy and Them

Stöð 2 kl. 21.35

## Léttgeggjuð mynd

Þessi léttgeggjaða gamanmynd er eftir Billy Bob Thornton. Hann og Laura Dern leika ástfangin hjón sem eiga þó í stormasömu sambandi. Þegar frændi eiginmannsins er dæmdur til fangelsisvistar fyrir morð sem hann framdi þurfa þau hjónin að setja eigin ágreining til hliðar, snúa bökum saman og hughreysta fjölskylduna. Aðalhlutverk leika Laura Dern, Billy Bob Thornton og Diana Ladd. Billy Bob Thornton leikstýrir.



## HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS



## Porsteinn Gunnarsson

■ Sýn kl 14.50. HM 2006. Þýskaland - Svíþjóð.

2-1

Ég hef hrifist af leik þýska liðsins sem býður upp á skemmtilegan sóknarbolta á köflum. Svíþjóð er reyndar mitt lið á HM en það eru of margir veikir hlekkir í liðinu. Markvörðurinn Andreas Isaksson spilar meiddur og frammistaða Zlatans Ibrahimovic hefur ekki verið upp á marga fiska. Góð frammistaða sænska liðsins gegn Engländernum vekur ákveðnar vonir en Þýskaland á heimavelli er einfaldlega of stór biti. Ég spái því að Þýskalandi vinni Svíþjóð 2-1 í framlengdum leik. Kim Källström skorar með þrumufleyg fyrir Svía en Miroslav Klose jafnar metin með skalla. Michael Ballack skorar svo sigurmarkið í framlengingunni. Þýskaland kemst ekki lengra en í átta liða úrslit því Argentína verður of stór biti fyrir þá.

■ Sýn kl 18.50. HM 2006. Argentína - Mexíkó.

3-0

Ég reiknaði það strax út að Argentína og Brasilía leika til úrslita um heimsmeistarátitilinn. Argentína er með ferskasta liðið á HM með snillinginn Juan Román Riquelme fremstan í flokki en liðið er byggt í kringum hann. Lið sem getur teft fram sóknarmönnum á borð við Javier Saviola, Carlos Tévez, Lionel Messi og Hernan Crespo er ekki árennilegt. Mexíkó mátti þakka fyrir að komast í 16 liða úrslit úr slakasta riðlinum á HM og á ekki möguleika og verður hreinlega slátrað. Ég spái 3-0 fyrir Argentínu og að Saviola, Crespo og Riquelme verði á skotskónum.



▶ 21.00  
HM uppgjör

4 4 2

SÝN  
Besta sartið

6.50 Motorworld 7.20 PGA golfmótið – fréttabáttur 8.15 HM 2006 (Sádi Arabía – Spánn) Leikurinn fór fram í gær. 10.00 HM 2006 (Svíss – Kórea) Útsending frá leik. 11.45 HM 2006 (Tógó – Frakkland) Útsending frá leik sem fram fór í gær.

13.30 4 4 2 14.30 HM stúdíó 14.50 HM 2006 (Þýskaland – Svíþjóð) Bein útsending frá fyrsta leiknum í 16-liða úrslitum. 17.00 HM stúdíó 17.30 Maradona – heimildamynd

18.30 HM stúdíó Íþróttafréttamenn Sýnar fá góða gesti í heimsókn í HM stúdíóið þar sem spáð er í spilin.

18.50 HM 2006 (Argentína – Mexíkó) Bein útsending frá leik í 16-liða úrslitum HM í Þýskalandi. Hér eigast við liðið sem hafnaði í 1. sæti C-riðils og liðið sem varð í 2. sæti í D-riðli. Leikið er til þrautar.

▶ 21.00 4 4 2 (4 4 2) HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulistinni.

22.00 HM 2006 (Þýskaland – Svíþjóð) Upp-taka frá leik í 16-liða úrslitum á HM í Þýskalandi.

23.45 HM 2006 (Argentína – Mexíkó) Útsending frá leik í 16-liða úrslitum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5



6.50 Bæn 8.05 Músík að morgni dags 9.05 Út um græna grundu 10.05 Veðurfregni 10.15 Landbúnaður á krossgötum 11.00 Víkuloðin 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Töfrar Bollywoodmynda 14.40 Sjó dagar sælir 16.10 Spjall tímans: Minningar og draumar um Vatnsmyri 17.05 Til allra átta 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Parísardraumar 19.00 Kríngum kvöldið 20.15 Jónsmessa 21.05 Bassajöfur Norðursins: Sjálfs sín herra stund og stund 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Flakk 23.10 Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.08 Geymt en ekki gleymt 18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 PZ 22.10 Næturvörðurinn 2.03 Næturtonar

## BYLGJAN FM 98,9



9.00 Gulli Helga 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Ragnar Már 18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ívar Halldórsson

## AÐRAR STÖÐVAR



FM 90,9 TALSTÖÐIN FM 99,4 ÚTVARP SAGA FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



Betra  
Form

ÁRANGUR

8 vikna námskeið fyrir konur

Betra form er fyrir konur sem vilja léttast, auka líkamlegt þrek og andlega velliðan

Þúsundir kvenna hafa náð frábærum árangri á Betra form-námskeiðunum.

Vertu með! Skráðu þig strax í síma 414 4000 eða með tölvupósti á hreyfing@hreyfing.is

Morgunhópar  
Kvöldhópar  
Framhaldshópar  
Barnagæsla

Innifalið:

- Þjálfun 3-5x í viku
- Fræðslu- og kynningarfundur með Ólafi G. Sæmundssyni næringarfræðingi
- Fitumælingar og vigtun
- Matardagbók
- Vandað fræðsluefni
- Lögmálin 9 um megrun - nýttkomin bók sem veitir allar upplýsingar um hvernig þú kemst varanlega í gott form.

Gott aðhald, mikill stuðningur og fræðsla

Sumartilboð:  
frimánuður fylgir með!

Hefst 3. júlí

HREYFING

Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is



## HRÓSIÐ

... fá Ester Finnbogadóttir og starfsfólk Vesturbæjarlaugarinnar fyrir að endurnýja 65 ára gömul blöndunartæki.

## + NÚNA

**FLATSKJÁR:** Gömlu góðu sjónvarpstæk-in eru löngu farin úr hillum búðanna og flennistórir flatskjáir komnir í þeirra stað. Hentar vel í litlum stofum þar sem hægt er að hengja þá upp á vegg.

**LOPAPEYSA:** Klassísk flik sem gæti ekki verið betur sniðin fyrir



íslenskt veðurfar og ekki spillir fyrir að hún er í tisku.

**FÓTBOLTI:** Sjaldan hefur ein íþrótt verið jafn vinsæl og virðast samtöl á vinnustöðum og ölstofum bæjarins snúast um þetta sport.



**LAZYBOY:** Þrátt fyrir mikil þægindi þá er klunnalegt form þessara stóla mikil sjónmengun nútímans.



**GERVIBLÓM:** Hver vill vera með plast í potti heima hjá sér? Löngu búið og lífandi blóm eru góð fyrir andlega heilsu.



**Sólarolía:** Fólk er loksins búið að átta sig á skaðsemi sólarolía og notar sólarvörn í stað olíu sem bókstaflega sýður á húðinni.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

### LÁRÉTT

2 álit 6 gangþófi 8 bók 9 sigti 11 kusk 12 afhending 14 trjátegundar 16 sem 17 regla 18 utan 20 bardagi 21 vang.

### LÓÐRÉTT

1 baksa 3 rykkorn 4 uppástunga 5 arinn 7 lífnaður 10 flýtir 13 keyra 15 skrifa 16 trjátegund 19 ónefndur.

### LAUSN

19 nn. 7 lífern, 10 así, 13 aka, 15 rita, 16 elk, 20 at 21 kinn. **LÓÐRÉTT:** 1 bissa, 3 ar, 4 tillaga, 5 stó, 12 ársal, 14 elkar, 16 er, 17 agl, 18 inn, 20 at 21 kinn. **LÁRÉTT:** 2 mats, 6 il, 8 rit, 9 sia, 11 ló,

### VEISTU SVARID

svör við spurningum á bls. 8

### 1 RÚV

2 Alfreð Gíslason

3 Rockstar Supernova

**allt**  
... sem þig vantar til að hefja nýtt líf

**visir** NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

LIZ TUCCILLO: HANDRITSHÖFUNDUR SEX AND THE CITY VÆNTANLEGUR TIL ÍSLANDS

# Skrifar um einhleypar konur á Íslandi

„Ég ber mjög miklar væntingar til heimsóknarinnar vegna þess að ég er búin að heyra svo yndislega hluti um þessa dularfullu eyju. Eg býst við óaðfínanlegri náttúrufergurð og að Íslendingar séu vinalgir, vel inni í tiskunni og ótrúlega fallett fólk. Er ég að gera mér of miklar væntingar?“ spyr Liz Tuccillo, annar handritshöfunda sjónvarpsþáttanna vinsælu Sex and the City eða Beðmál í borginni. Tuccillo er væntanleg til landsins í byrjun júlí til að undirbúa næstu bók sína. Bók hennar „He's just not that into you“ hefur slegið í gegn út um allan heim og mun á næstunni koma út í íslenskri þýðingu á vegum Eddu útgáfu. Þóra Sigurðardóttir, betur þekkt sem Birta í Stundinni okkar og annar höfunda Djöflatertunnar, sér um þýðingu bókarinnar sem ber þann harðorða titil „Hann er ekki nógu skotin í þér“.

„Næsta bók mín ber nafnið „How to be single“ og er skáldsaga með sjálfshjálpáráði. Bókin mun koma út næsta vor og ég byrja ferð mína um heiminn á Íslandi enda landið rómað fyrir að eiga sjálfstætt og fallett kvenfólk,“ segir



„HANN ER EKKI NÓGU SKOTIN Í ÞÉR“ Þessi bók hefur slegið í gegn um allan heim og kemur út á næstunni í íslenskri þýðingu.



LIZ TUCCILLO Ætlar að rannsaka einhleypar konur út um allan heim og byrjar ferð sína hér á landi.

Liz sem býr í New York og segist sækja innblástur fyrir skrif sín frá fólkinu á götunni. „Bara það að hlusta á samtöl fólks og skoða karaktera gefur mér mikið efni til að vinna úr.“

Þessi nýja bók Liz fjallar um konu sem ferðast um heiminn til að kanna aðferðir kvenna sem eru á lausu, hvernig þær bera sig að og hvort það séu betri hugmyndir en hún er með. „Ég er að reyna að skilja betur hvernig hugsanir kvenna breytast milli landa og hvernig ólíkir menningarheimar hafa áhrif á einhleypar ungar

konur.“ Liz ætlar að spyrja íslenskar konur út í væntingar þeirra til barneigna og hjónabands og vonar að svörin séu mismunandi eftir löndum. En þetta er rannsóknarvinna þannig að hún getur ekki verið viss um hvernig þetta þróaast.

Aðspurð hvort hún sé sjálf einhleyp svarar Liz Tuccillo glöð í bragði: „Ég er á lausu. Ég ætti eiginlega að fara að skrifa bók um einhleypa karla til að ég gæti kannski nælt mér í einhvern góðan í rannsóknarferlinu.“

alfrun@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það var ekkert sérstaklega bjart yfir starfsfólki Latabæjar í vikubyrjun þegar Magnús Scheving meiddi sig á hendi við tökur þáttanna. Um tíma var búist við því að fresta þyrfti tökum en betur fór en á horfðist, engar tafir að ráði munu verða á framleiðslunni. Þann tíma sem óvissuástandið varði notaði þó starfsfólk Latabæjar til hins ýrasta. Kvikmyndafélög um allan bæ fengu upphringingar þar sem þeim voru boðnir fram starfskraftar og hafði einn innmúraður í bransum á orði að aldrei hefði verið eins mikið framboð á góðu starfsfólki og þennan tíma.



### Vinsældir

Draumalands Andra Snæs Magnasonar virðast engan enda ætla að taka. DV greindi frá því í gær að kvikmyndagerðarmaðurinn Ólafur Sveinsson, sem gerði fræga mynd um Hlemm, hefji í næsta mánuði tökur á heimildarmynd sem byggir á bók Andra Snæs. Framleiðandi myndarinnar er Sigurður Pálmason, kenndur við Hagkaup, og ekki þykir minna duga en að fá hljómsveitina Sigur Rós til að sjá um tónlistina.



### Snaebjörn Arngrímsson, forleggjari

hjá Bjarti, fer mikinn á vef útgáfunnar og það af fullkomnu skýtingarleysi gagnvart hreklausum blaðamönnum. Í gær birtist í þessum dálki lítill moli þar sem sagði að Ásmundur Helgason, brautryðjandi Sudoku á Íslandi, væri orðinn sólu- og markaðsfulltrúi hjá Bjartsklíkinni og mátti skilja að Ásmundur væri orðinn daglaunamaður hjá forlaginu. Í samtali við Fréttablaðið sagði Snaebjörn það hins vegar of fast að orði kveðið. Þetta væri aðeins viðhafnartíll, sem Ásmundur hefði hlotið fyrir að dreifa nokkrum kiljum fyrir Bjart úti á landi í greiðaskyni, enda er sóluvæði hans sagt vera póstmúmerin 300 til 900.

-hdm/-bs



## Erfitt að kveðja fjölskylduna

Það reyndist ekki alls kostar auðveld ákvörðun fyrir Magna Ásgeirsson að taka þátt í Rockstar Supernova. Magni er sem kunnugt er kominn í hóp fimmtán söngvara sem keppa um hylli aldinna rokkara í raunveruleikaþættinum. Þó að þarna hafi draumur Magna ræst þarf hann nú að horfa fram á viðskilnað við fjölskyldu sína, konu og níu mánaða gamlan son. „Ég er orðinn nógu gamall til að vita hvað skiptir máli í lífinu,“ segir Magni sem flaug af landi brott í morgun. „Fjölskyldan er mér það mikilvæg að ég var ekki alveg hoppandi af gleði þegar ég heyrði að ég væri kominn inn.“

Kona Magna heitir Eyrún Huld Haraldsdóttir og saman eiga þau



MAGNI KVEÐUR FJÖLSKYLDUNA Magni Ásgeirsson flaug af landi í brott í dag. Hér er hann með Eyrúnu konu sinni og Aróni syni þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

soninn Marínó Bjarna sem er nú mánaða. Þegar Fréttablaðið ræddi við söngvarann var hann staddur á heimili þeirra í Skerjafirðinum en gærdeginum eyddu þau saman úti á landi. Meðan á upptökum á Rock-

star stendur verður Magni næstum algjörlega lokaður frá umheiminum. Hann fær ekki að vera með farsíma en fær þó að hringja heim tvisvar í viku eða svo. „Það heldur manni á jörðinni,“ segir Magni bæði fullur kvíða og tilhlökkunar.

Fari svo að Magni nái langt í Rockstar-þáttunum lengist aðskilnaðurinn frá fjölskyldunni. Hann er þó með báða fætur á jörðinni hvað það varðar: „Ef maður sigrar þá er ég fastur í eitt og hálf ár. En þá þurfum við auðvitað að setjast niður og ræða tölur,“ segir Magni og hlær. „Ég held þó að minnsta kosti að fjölskyldan mætti koma út til manns þá. Ég á reyndar eftir að ræða það allt saman við konuna.“

-hdm





## Nýr humar, grillpinnar sólþurrkaður saltfiskur



Gnoðarvogli 44, sími 588 8686  
opið alla laugardaga 11-14

# Brjáluð DVD útsala!

# 799 kr.



**MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI**  
**YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM**



skemmtir þér ;)



### BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR  
STEINGRÍMSSONAR

## Dregið í land

Fyrir nokkrum árum var stemningin hér á landi og annars staðar dáldið þannig að menn voru mikið í því að snapa fæting, eins og það kallast á götumáli. Stjórnmalamennt kýldu á umdeild mál, tóku slaginn við hagsmunasamtök og almenning og börðu sér á brjóst. Viðkvæðið var jafnan það, að betra þótti að sem flestir væru á móti. Þá töldu menn sig almennt vera að gera rétt og héldu áfram ótrauðir.

**ÞJÓÐFÉLAGIÐ** fór siendurtekið á annan endann. Yfirvöld voru eins og stýggir hanar. Alltaf að gogga í fólk. Gagnagrunnur á heilbrigðisviði, Falun Gong, eftirlaunafrumvarpið, deilur ríkisins við öryrkja, ráðningar í Hæstarétt, Baugsmálið, fjölmiðlafrumvarpið, viðbrögð við Borgarnesræðu Ingibjargar, Eyjabakkar, Kárahnjúkar og Íraksstríðið. Allt eru þetta dæmi um mál sem fólk varð snælduvitlaust út af. Háværar deilur urðu vegna þeirra allra, alls staðar í þjóðfélaginu, og standa jafnvel enn.

**ÞAÐ** sem ég vildi sagt hafa er hins vegar það, að nú greini ég sem óbreyttur þjóðfélagsþegn í þessu landi dulítið breytt andrúmsloft. Núna eru þeir sem hvað harðast gengu fram í því að skapa þessar deilur meðal þjóðarinnar, viljandi eða óviljandi, annað hvort horfnir af söguviðinu eða byrjaðir að draga í land. Að bakka. Þetta er athyglisvert. Margir þekkja svipaða stemningu úr daglega lífinu. Eiginmaður lætur eitthvað óviðeigandi flakka í veislu að viðstaddri konu sinni, fer yfir strikið, og ver næsta degi í að mýkja upp stemninguna með hvolpslegum augnsvip og léttu spaugi.

**NÚNA** vill enginn kannast við neina stóriðjustefnu. Umhverfisverndarfolk er í öllum flokkum, er núna sagt. Að vísu veit enginn hvar það var fyrir fimm árum, þegar þess þurfti hvað mest við, en gott og vel. Enginn vill sitja uppi með Svarta Pétur í kosningunum eftir ár, álvæðingu, umhverfisspjöll og þensluvald. Og þetta er auðvitað jákvætt, þannig séð. Breytt viðhorf. Mér finnst til dæmis ágætt að ríkisstjórnin hafi ákveðið að breyta fyrirhuguðum skattalækkunum og blása til aðgerða sem gagnast betur láglaunafólki, eins og margir vildu.

**ÚTI** í heimi eru menn líka að bakka. Einu sinni sagði mér einhver að hugtakið „a glorious retreat“, eða mikilfenglegt undanhald, hefði verið notað um flótta Napóleonsherjanna. Mér hefur alltaf fundist þetta myndrænt. Sé fyrir mér þrjóskan mann sem ber höfuðið hátt, en er samt á bullandi flótta úr djúpri klípu. Þannig eru stjórnmálamenn núna og enginn meira en Bush, sem fer nú um heiminn og segir „Guantánamo-fangelsi, hva, jú jú, við getum svo sem lokað því“. Og svo bætir hann við, í sínu stórfenglega undanhaldi: „En ef við sleppum þessum mönnum lausum munu þeir myrða.“

**ÉG** held að galdurinn sé í núverandi stöðu að vera umburðarlyndur, en þó strangur eins og eigin kona, gagnvart þeim sem þó vilja draga í land og bakka úr vitleysu sinni.

# Sumarið er hér!

**SOMMAR** blómapottur  
Ø18xH18 cm 490,-

**SOMMAR** blómakassi  
56x24x18 cm 390,-

**TÄRNÖ** fellistóll 39x40x79 cm  
990,-

**BLANKÖ** svalaborð  
60x40 cm 1.290,-

**ROTERA** lukt  
f/ teljós 490,-

**FLOREIRA** kerti  
Ø7xH15 cm 190,-

**SOMMAR** garðkanna  
1,5 l ýmsir litir 350,-

**SKINA** sería  
ýmsir litir 590,-

**ÖRT** glerskápur/gróðurhús  
80x185x30 cm 9.900,-

**STORÖN** hægindastóll  
gegnheil fura 7.900,-

**BONDÖN** blómapottur  
Ø15xH14 cm 290,-

**MYNTA** blómapottur  
Ø37 x H30 cm 550,-

**STORÖN** bekkur, gegnheil fura  
170x80 cm 11.900,-

**STORÖN** borð, gegnheil fura  
200x100 cm 12.900,-

**Sumarréttur**  
Úrbeinuð kjúklingalæri  
m/BBQ jógurtsósu  
490,-  
IKEA Restaurant

© Iner IKEA-System B.V. 2006

